



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

„Það er draumur að vera með dáta“

Ástandið frá komu Bandaríkjahers 1941 til ársloka 1943

Ritgerð til B.A.-prófs

Íris Cochran Lárusdóttir

Janúar 2011

Háskóli Íslands
Sagnfræði- og heimspekideild
Sagnfræði

„Það er draumur að vera með dáta“

Ástandið frá komu Bandaríkjahers 1941 til ársloka 1943

Ritgerð til B.A.-prófs

Íris Cochran Lárusdóttir

Kt.: 10.05.86-3049

Leiðbeinandi: Þór Whitehead

Janúar 2011

Ágrip

Ritgerði þessi fjallar um samskipti íslenskra kvenna við hermenn á tímum seinni heimsstyrjaldar, samskipti sem fengu í daglegu tali nafnið „ástandið“. Það er einnig viðfangsefni ritgerðarinnar að fjalla um viðbrögð stjórnvalda við ástandinu. Jafnframt verður kannað hvaða viðbrögð þessi samskipti vöktu meðal almennings, þá sér í lagi karlmannna. Fyrsti kafli rekur hugmyndir Íslendinga um þjóðerni, menningu og hlutverk kynjanna í samfélaginu. Skoðað verður hvernig þessar hugmyndir höfðu áhrif á ástandsumræðuna og viðmót til þeirra kvenna sem umgengust hermenn. Rakið verður hvernig ástandið þróaðist frá komu breska hersins til hins bandaríska. Þá verður leitast við að skoða þátt ólögráða stúlkubarna í ástandinu, en aðgerðir stjórnvalda beindust einna helst gegn samskiptum þeirra við hermenn. Í stuttu máli verður reynt að draga upp sem gleggsta mynd af ástandsmálum í Reykjavík einkum á árum bandarískrar hverndar 1942 til 1943.

Færð verða rök fyrir því að ofstæki manna í garð ástandskvenna var að miklu leyti tilefnislaust, úlfalda var breytt í mýflugu. Svo virðist sem lítill hluti kvenfólks hafi umgengst herinn að staðaldri, til dæmis giftust tiltölulega fáar konur hermönnum og engin aukning varð í fæðingu óskilgetinna barna. Skoðað verður hvers konar stúlkur lentu einna helst undir smásjá yfirvalda, en sú athugun bendir til að hér hafi verið um að ræða félagslegt vandamál fremur en ekki siðferðislegt, öfugt við það, sem flestir héldu fram á tímum seinna stríðs.

Tugþúsundir hermenna dvöldust í Reykjavík og nágrenni á þessum tíma og því beindist rannsóknin einkum að höfuðborgarsvæðinu.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	1
Inngangur.....	4
1 Hugmyndafræðilegur bakgrunnur.....	6
1.1 „Eigum vér að hætta að vera Íslendingar?“.....	6
1.2 Hlutverk kvenna í íslensku samfélagi.....	11
2 Þróun ástandsmála.....	16
2.1 Bretar koma.....	16
2.2 Vændiskvinnabúr stórveldanna.....	18
2.3 Ástandsskýrslan.....	23
2.4 Þverbrestir í þjóðaruppeldinu.....	26
3 Bandaríski herinn.....	29
3.1 Hermenn Hollywood.....	29
3.2 Sambúðin.....	32
4 Aðgerðir stjórnvalda í ástandsmálum.....	37
4.1 Nefndir.....	37
4.2 Eftirlit með ungmennum.....	39
4.3 „Sannasti Íslendingurinn“.....	44
5 Ástandið og ólögráða stúlkubörn.....	49
5.1 Aldur og fjöldi.....	49
5.2 Kynsjúkdómar og óskilgetin börn.....	51
5.3 Ungmennadómur og skýrslur Jóhönnu Knudsen.....	54
6 Aðgerðir renna út í sandinn.....	61
6.1 Lok, lok og læs.....	61
6.2 Íslenskt, já takk!.....	63
7 Niðurstöður.....	65
Heimildaskrá.....	69

Inngangur

Seinni heimsstyrjöldin er tímabil í sögu mannsins sem ætíð hefur vakið áhuga fólks, fræðimanna jafnt og leikmanna, allt frá því að hildarleiknum lauk 1945. Ekki er það furða því stríðið var eitt hið mannskæðasta í sögunni. Öll Evrópa logaði í ófriðarbáli á þessum árum og veltir fólk því ennþá fyrir sér hvernig slíkt gat gerst. Styrjöldin teygði anga sína víða þótt ekki yrðu öll lönd vettvangur bardaga. Ísland var eitt þeirra landa sem slapp að mestu við bein styrjaldaráttök en það var hernumið af breska hernum vorið 1940, þar sem landið var talið mikilvægt vígi til varnar siglingaleiðum heimsálfa á milli. Bandaríski herinn fylgdi fast á hæla þess breska, en hann kom til landsins sumarið 1941. Var þá staðan sú að rösklega þrjátíu þúsund hermenn voru í landinu, flestir í Reykjavík og nágrenni. Þessi fjöldi olli ýmsum vandamálum, þar á meðal var „ástandið“ svokallaða.

Í ljóði við lagið *Það er draumur að vera með dáta* eftir Bjarna Guðmundsson er fárið í kringum ástandið túlkað á gamansaman hátt. Í textanum kemur fram hvernig íslenskar stúlkur völdu erlenda hermenn fram yfir samlanda sína, enda væru þeir meira spennandi en íslenskir karlmenn. Viðbrögðum íslenskra karlmanna er lýst svo að mikill æsingur hafi gripið um sig og fundir verið haldnir þar sem menn „héldu ræður um ættjarðarást, og bannfærðu þær sem með Bretunum sást“. Stúlkurnar í kvæðinu leiddu þetta hins vegar hjá sér, enda væri það draumur að vera með dáta og dansa fram á nótt. Þessi gamansama túlkun á ástandinu gefur mjög takmarkaða mynd af raunveruleika sem um margt var fjarri því að geta talist skemmtilegur fyrir þær konur, sem í hlut áttu. Íslenskir karlmenn gerðu annað og meira en að halda fundi og bannfæra áðurnefndar stúlkur, því fárið í kringum siðferði íslenskra kvenna varð til þess að konur á öllum aldri voru settar undir smásjá lögreglunnar. Ríkisstjórnin lét heldur ekki sitt eftir liggja og greip til aðgerða til að bjarga stúlkum sem taldar voru siðferðislega gjaldþrota frá glötun með því að setja á legg ýmis embætti og stofnanir. Það fór greinilega ekki vel í íslenska karlmenn að konur landsins væru að gera sér dælt við erlenda menn.

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er að skoða nánar samskipti íslenskra kvenna við erlenda hermenn, þá sér í lagi Bandaríkjamenn. Markmiðið er að varpa ljósi á eðli ástandsins og aðgerðir stjórnvalda á þessu sviði. Meðal annars verður leitast við að

svara þeirri spurningu hvort um hafi verið að ræða raunverulegt þjóðfélagsmein sem ógnað hafi framtíð íslensku þjóðarinnar, eins og iðulega var haldið fram í opinberri umræðu. Einnig verður kannað hvaða hugmyndafræði um hlutverk og eðli kvenna lá til grundvallar umræðum manna og stjórnvaldsaðgerðum. Meginmarkmiðið er í stuttu máli að draga upp sem gleggsta mynd af ástandsmálum í Reykjavík á árunum 1942 til 1943.

1 Hugmyndafræðilegur bakgrunnur

1.1 „Eigum vér að hætta að vera Íslendingar?“

Fyrstu áratugir 20. aldarinnar voru mikil mótunarár íslensks samfélags. Þjóðin var hægt og bítandi að losna undan yfirráðum Dana og samfara því fóru hugmyndir um hvað teldist íslenskt og hverjir væru sannir Íslendingar að styrkjast. Sú skoðun tók að festa sig í sessi að tímabil íslenska þjóðveldisins á miðöldum hefði verið glæsilegt skeið í sögu Íslendinga. Síðan hefði tekið við niðurlægingar- og hnignunartímabil 1264, þegar þjóðin komst undir hæl erlends konungsvalds. Á 19. öld hefði hafist endurreisnartímabil með því að Íslendingar endurheimtu smám saman frelsi sitt og stigu eitt stærsta skrefið á þeirri leið með fullveldinu 1918. Á sama tíma og þjóðin var að endurmóta þjóðernisvitund sína tókust á mismunandi hugmyndir um hlutverk og eðli kvenna. Í þessum kafla verða skoðaðar stuttlega þær hugmyndir sem Íslendingar höfðu um eigið ágæti á tímum seinni heimsstyrjaldar og jafnframt litið á viðhorf til hlutverks kvenna í íslensku samfélagi.

Árið 1945 birtist grein í tímaritinu *Andvara* undir yfirskriftinni „Lýðveldishugvekja um íslenskt mál“. Höfundur greinarinnar var Hallbjörn Halldórsson, prentari og kunnur Alþýðuflokksmaður, hann titlaði sig meistara H. H. Hallbjörn spyr tveggja spurninga: „Eigum vér að hætta að vera Íslendingar? Eða eigum vér að halda áfram að vera Íslendingar?“ Höfundur taldi mikla ógn steðja að íslensku þjóðerni og tungumáli og var hann þeirra skoðunar að það varðaði tilverurétt þjóðarinnar hvernig þessum spurningum yrði svarað.¹

Að mati Gunnars M. Magnúss, kennara og rithöfundar, voru hugleiðingar Hallbjörns algengar á stríðsárunum en margir hverjir óttuðust áhrif hins erlenda setuliðs á íslenska menningu og þjóðina í heild. Samkvæmt skrifum Gunnars, sem stóð nærri Sósíalístafloknum, skiptust Íslendingar aðallega í tvær fylkingar hvað varðaði samskipti og álit á setuliðinu. Annars vegar voru þeir sem dásömuðu herliðið og þau fríðindi sem því fylgdu. Nóg væri að bíta og brenna eftir mögur ár kreppunnar og þjóðin lifði nú við sældarkjör sem aldrei hefðu áður þekkt. Herinn veitti fólki

¹ Meistari H.H., „Lýðveldishugvekja um íslenskt mál“, *Andvari. Tímarit hins íslenska þjóðvinafélags*, 70 (1945), bls. 29 – 30. Hallbjörn hafði gefið út hugvekjuna undir dulnefni árið áður til minningar um hundrað ára afmæli prentlistarinnar í Reykjavík. Síðar var ritið sett í harðspjald og hann nafngreindur sem höfundur.

atvinnu og það væri aðalatriðið. Hins vegar voru þeir, sagði Gunnar, sem „óttuðust, að í stórflóði hins erlenda liðs sópuðust þjóðleg verðmæti út í ginnugap fánýtisins og tómsins“. Fólk þetta velti fyrir sér spurningum Hallbjarnar og óttaðist svarið. Að þeirra mati væri illvænlegt að treysta erlendu setuliði sem stofnað hefði hlutleysi og frelsi þjóðarinnar í hættu.² Íslendingar, sem aðhylltust þessa „stefnu“, vildu umfram allt varðveita íslenska þjóð, tungumál og menningu.

Þegar breski herinn kom hingað til lands árið 1940 var þjóðin að komast alfarið undan yfirráðum Dana. Þrátt fyrir það var stjórnvöldum ljóst að íslenska þjóðin yrði alltaf háð samvinnu við stærri þjóðir um efnahags- og stjórnsmál. Engu að síður voru Íslendingar staðráðnir í því að fá fullt stjórnarframslegt sjálfstæði og réttlættu það einkum með vísun til menningararfsins. Hér hefði alltaf búið menningarlega sjálfstæð þjóð með eigin sögu og tungumál.³ Íslendingar virðast líka flestir hafa verið sammála um að halda þyrfti erlendum áhrifum á þjóðina í skefjum. En hvaða hugmyndir um Ísland og þá þjóð sem landið byggði lágu til grundvallar þessu viðhorfi?

Víkjum stuttlega að þeim breytingum sem urðu á þjóðernisvitund Íslendinga á áratugunum fyrir stríð 1939. Talið er að Íslendingar hafi alltaf haft ákveðna þjóðernisvitund, sterkar tilfinningar til landsins sem ól þá, tungumálsins sem sameinaði þá og Íslendingasagna sem ritaðar voru á hinni fornu tungu. Þegar 19. öldin leit dagsins ljós tók íslensk þjóðernishyggja, sem er mun margþættara fyrirbæri en þjóðernisvitund, ákveðnum breytingum og festi sig sterklega í sessi. Þjóðernishyggja er samansafn hugmynda sem komu fram á sjónarsviðið við lok 18. aldar og þess vegna tiltölulega nýtt fyrirbæri á mælikvarða sögunnar. Grunnur þjóðernishyggju er sá að ríkja ætti „samræmi ... milli þjóðar annars vegar og ríkis hins vegar“.⁴ Á Íslandi fóru að heyrast háværarari kröfur um frelsi þjóðarinnar. Á sama tíma voru hugmyndir

² Gunnar M. Magnúss, *Virkið í norðri II. Þríbýlisárin. 2. útg.* (Reykjavík 1984), bls. 9 – 10. Sjá einnig greinina „Segðu tætingsliðinu að stoppa dansinn!“ eftir Vilhjálmi S. Vilhjálmsson (Hannes á horninu) sem birtist í *Blaðamannabókinni I* (Reykjavík 1946), bls. 291 – 296. Grein þessi er eftir erindi sem Vilhjálmur, kunnur jafnaðarmaður, flutti í útvarpi þann 14. júní 1943. Vilhjálmur fjallaði háðslega um þá breytingu sem hefði orðið á íslenskri tungu. Undir niðri er greinilegt að honum leist ekki á blikuna: „Nei, ég drekk ekki lýsi og gef börnunum mínum heldur ekki lýsi. Ég gef þeim „Coca cola“ að drekka – og „Helló“ að tala.“ Erlend áhrif á íslenska menningu og tungu voru honum ekki að skapi. Sjá einnig þetta viðhorf í riti sósíalísts Gunnars Benediktssonar, *Saga þín er saga vor* (Reykjavík 1952), einkum bls. 11 – 17.

³ Inga Dóra Björnsdóttir, „Public View and Private Voices“, *The Anthropology of Iceland* (Iowa, 1989), bls. 100.

⁴ Sigríður Matthíasdóttir, „Réttlætning þjóðernis. Samanburður á alþýðufyrirlestur Jóns Aðils og hugmyndum Johanns Gottlieb Fichte“, *Skírnir* 169 (2005), bls. 38.

um þjóðina sjálfa mótaðar. Mikill áhrifavaldur í þessum efnum var Jón Jónsson Aðils sagnfræðingur sem hélt þrjá fyrirlestra um þetta efni er gefnir voru út á prenti á árunum 1903 til 1910. Sú þjóðernishyggja sem þar birtist bar rómantískan blæ. Samkvæmt riti Inga Sigurðssonar sagnfræðings áttu alþýðufyrirlestrarnir „vafalaust verulegan þátt í því að móta viðtekna söguskoðun Íslendinga“ en þeir birtust einmitt undir heitinu *Íslenskt þjóðerni*.⁵ Þar býr Jón til sköpunarsögu þjóðarinnar og notar hana til að skýra sérstöðu Íslendinga meðal annarra þjóða. Að mati Jóns voru Íslendingar yfirburðsþjóð, „eins konar lífvera“. Það sýnir að hann var undir miklum áhrifum frá menningarlegri þjóðernisstefnu á meginlandi Evrópu.⁶

Grunnhugmynd menningarlegrar þjóðernisstefnu byggist á kenningum þýska heimspekingsins Johann Gottfried Herders (1744 – 1803). Herder skilgreindi þjóð sem lífræna heild er gædd væri ákveðnum einstaklingseinkennum með sérstökum anda, eins konar þjóðarsál. Herder lagði aðallega áherslu á tungumálið sem þjóðareinkenni en þar átti þjóðareðlið einkum að koma fram. Tungumálið geymdi sameiginlega reynslu þjóðarinnar og „þar sem hver einstök þjóð ætti sér einstaka sögu og hefði sprottið úr sérstöku náttúrulegu umhverfi, þá hlyti hver þjóð um sig að öðlast einstök einkenni, einstakt eðli og einstaka þjóðarsál“.⁷

Þessar hugmyndir áttu mjög upp á pallborðið hjá Íslendingum á næstu áratugum eftir aldamótin 1900. Þetta kemur meðal annars skýrt fram í áður nefndri grein Hallbjarnar Halldórssonar. Samkvæmt grein hans í *Andvara* byggðist réttur Íslendinga til að lifa „sem sérstök þjóð“ einungis á tungumáli þjóðarinnar og þar af leiðandi sögu hennar og bókmenntum sem ritaðar voru á íslenska tungu.⁸ Tungumálið, íslenska, var því gríðarlega mikilvægur þáttur í sjálfsmynd þjóðarinnar. Það má meðal annars sjá í skrifum Óskars Bergssonar skrifstofumanns og dr. Björns Sigfússonar háskólabókavardar. Óskar var mikill áhugamaður um íslenska tungu svo sem sjá má af því að árið 1943 ritaði hann greinina „Hernámið og tungan“ og birti í tímaritinu *Straumhvörf*. Óskar beindi gagnrýni sinni einkum að æskulýð landsins en hann taldi ungu kynslóðina misþyrma íslenskri tungu með enskuslettum og almennri vankunnáttu í eigin móðurmáli. Hluti þjóðarinnar skorti skilning á arfleifð sinni og

⁵ Ingi Sigurðsson, *Íslenskt sagnfræði frá miðri 19. öld til miðrar 20. aldar* (Reykjavík 1986), bls. 24.

⁶ Sigríður Matthíasdóttir, „Réttlætning þjóðernis“, bls. 51 – 53.

⁷ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900 – 1930* (Reykjavík 2004), bls. 24 – 25.

⁸ Meistari H.H., „Lýðveldishugvekja um íslenskt mál“, bls. 28.

þeirri skyldu sem hvíldi á henni sem arftaka menningar og sögu landsins. Erlend áhrif væru farin að vega of þungt í íslenskri tungu og það olli honum áhyggjum um komandi tíma.⁹

Að mati dr. Björns var íslenskt þjóðerni „aðallega í tungu [landsins] fólgið“ og var hann þeirrar skoðunar að það væri mótað af hugsanaferli tungunnar en lægi ekki í blóðinu. Það kæmi í hlut íslenskunnar að varðveita óbreytt þjóðerni. Þetta tvennt væri tengt órjúfanlegum böndum en að mati dr. Björns var um að ræða „tvær hliðar á sama hlut“. Tungumálið var svo mikilvægt að dómi dr. Björns að hann kallaði tunguna fornmenjasafn og dró fram ýmsar gamlar íslenskar vísur máli sínu til stuðnings. Hann notaði þær meðal annars til að sýna fram á hversu ríkulegan menningararf íslenskan hefði að geyma. Af skrifum þessara manna kemur skýrt fram að talið var að í tungumálinu lægi menning, saga og þegar á hólminn var komið, tilveruréttur þjóðarinnar.¹⁰

Jón J. Aðils taldi að móðurmálið gegndi „lykilhlutverki ... [við] varðveislu þjóðareðlis Íslendinga“ og gerði hann íslenskum fornþókmenntum hátt undir höfði í þessum efnun.¹¹ Jón var, sem fyrr segir, mikill áhrifavaldur eins og sést af skrifum þeirra dr. Björns, Hallbjarnar Halldórssonar og Óskars Bergssonar. Á sama tíma og Jón hamraði á mikilvægi íslenskrar tungu kom hann fram með nýja tímabilaskiptingu sem átti eftir að festa sig rækilega í sessi sem söguskoðun Íslendinga. Eftir sköpunarsögu þjóðarinnar kæmi gullöldin, síðan niðurlægingatímabilið og þar á eftir endurreisnin. Að mati Sigríðar Matthíasdóttur sagnfræðings bræddi Jón „saman íslenska sagnfræðiritun og ríkjandi pólitíska strauma og skapaði á þeim grundvelli „heilsteyp“ þjóðernis-hugmyndakerfi“. ¹² Þessi söguskoðun og hugmyndir um ágæti þjóðarinnar náðu vinsældum meðal Íslendinga. Samkvæmt þeim væri það aðalhlutverk sérhvers Íslending að þjóna þjóð sinni og vera henni trúur, þ.e. halda umframt allt í heiðri þjóðleg gildi, siði og menningu.

Sigríður Matthíasdóttir benti ennfremur á að „sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar var þannig mótuð sem eins konar frummynd af hugsjónum einstaklingshyggjunnar og skilgreind með það markmið að bera uppi hugsjónina um sjálfstætt þjóðríki í

⁹ Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökullsson, *Ástandið. Mannlíf á hernámsárum* (Reykjavík 1989), bls. 300 – 301.

¹⁰ Dr. Björn Sigfússon, „Tunga er afspringi þjóðarsögu“, *Skinfaxi* 35:2 (1944), bls. 84.

¹¹ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 49.

¹² Sama, bls. 54 – 55.

nútímalegum, vestrænum skilningi“. Mikilvægast væri að þjóðin fengi að lifa án „ytri stjórnar og ... [með] sjálfstæði í eigin málum“. ¹³ Íslendingar vildu þjóðfrelsi sem ætti rætur að rekja langt aftur til miðalda. Gullaldarsöguskoðunin réttlæti þessa kröfu en samkvæmt henni bjó hér eitt sinn mikil og göfug þjóð sem stjórnaði sér sjálf með mikilli prýði. Það sem tengdi Íslendinga gullaldarinnar saman við þá sem byggðu landið þegar sjálfstæðisbaráttan hófst var að mati Jóns J. Aðils tungumálið, íslenska. Þjóðin væri að rísa úr öskustónni og sjálfstjórn væri í nánd. Hið íslenska eðli gæti aðeins dafnað fyllilega ef þjóðin yrði sjálfstæð. Þess vegna væri það æðsta skylda hvers Íslending að vera landi sínu og þjóð hollur.

Í ljósi þessara hugmynda er skiljanlegt að flestir Íslendingar hafi verið varir um sig þegar breski herinn steig á land 10. maí 1940. Landsmenn veltu því fyrir sér hvaða þýðingu hernámið ætti eftir að hafa fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og ráðamenn landsins vildu tryggja að íslensk stjórnvöld héldu stjórn landsins í öllum málum sem ekki tengdust beinlínis hernum. Þegar til kastanna kom lofuðu Bretar fyrir sitt leyti að skipta sér ekki af stjórn landsins. ¹⁴ Margir virðast hins vegar hafa óttast erlend áhrif á móðurmálið, íslenska menningu og þjóðina í heild. Í ávarpi síðla kvölds 10. maí 1940 ráðlagði Hermann Jónasson forsætisráðherra Íslendingum engu að síður að koma fram við Breta „sem gesti og samkvæmt því sýna þeim ... kurteisi í hvívetna“. ¹⁵ Ekki leið þó á löngu áður en sumum þótti sem margir landsmenn tækju Hermann of bókstaflega og fannst gestrisnin „komin úr öllum böndum“. ¹⁶

Langflestir Íslendinga virðast hins vegar hafa forðast öll tengsl við herinn til að sýna fram á föðurlandsást sína. ¹⁷ Hermann sjálfur komst svo að orði í þingræðu sem hann hélt í tilefni af komu Bandaríkjahers 1941 að „öll afskipti [af hernum] ... framar því sem, nauðsynleg samskipti og eðlileg krefjast, eru til hins verra“. ¹⁸ Náin kynni voru því ekki talin æskileg ef þjóðin átti að halda velli líkt og sjá má meðal annars í grein sem birt var í *Tímanum*, málgagni forsætisráðherra og Framsóknarflokksins, 29. apríl 1941:

Það dugar ekki annað en afskiptaleyfi ... En þess ber jafnframt að gæta að of náin sambúð við setuliðið getur verið okkur eins hættuleg og ill sambúð. Slík sambúð, ef hún gengur of langt, er jafnvel líklegri til að lama

¹³ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 360.

¹⁴ Þór Whitehead, *Bretarnir koma*. Ísland í síðari heimsstyrjöld (Reykjavík 1999), bls. 78, 81.

¹⁵ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri I. Hernám Íslands*. 3. útg. (Reykjavík 1984), bls. 76.

¹⁶ Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið*, bls. 33.

¹⁷ Inga Dóra Björnsdóttir, „Public View and Private Voices“, bls. 99.

¹⁸ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri II*, bls. 67.

þjóðerniskenndina. Þess vegna verður það að vera markmiðið, að hafa ekki meiri umgengni við herliðið en brýnasta nauðsyn krefur. Þeir sem ganga feti fram, haga sér ekki eins og Íslendingum sæmir. Markmiðið þarf að vera, að efla hinn andlega styrk þjóðarinnar ... Takist þetta getur ekkert ofríki bugað þjóðina.¹⁹

Hér kemur greinilega fram að það var talið skipta höfuðmáli að viðhalda þjóðerniskennd Íslendinga, annars færi illa fyrir landi og þjóð. Hvert var þá hlutverk íslenskra kvenna í þeirri viðleitni?

1.2 Hlutverk kvenna í íslensku samfélagi

Á millistríðsárunum 1919 – 1939, þegar íslensku þjóðerni var hampað, áttu sér stað átök í þjóðfélaginu um stöðu og eðli kvenna. Konur höfðu loksins fengið kosningarétt og kjörgengi árið 1915. Eftir að þeim áfanga var náð klofnuðu þær í tvær fylkingar í réttindabaráttunni. Önnur fylkingin lagðist í siðferðislega kvenréttindabaráttu, það er að laga móðurhlutverkið að störfum í atvinnulífinu. Konur áttu að geta orðið mæður, eiginkonur og útivinnandi allt í senn. Á meðan aðhylltist hin fylkingin húsmæðrastefnuna. Samkvæmt þeirri stefnu var æðsti tilgangur kvenna að eignast börn og verða mæður. Konur áttu sem sagt að halda sig innan veggja heimilisins og láta eiginmenn sína um að afla fjölskyldunni tekna. Á millistríðsárunum fékk sú hugmynd æ meiri hljómgrunn að „húsmóðurhlutverkið ætti ekki bara að vera aðalhlutverk kvenna, heldur líka eina samfélagslega hlutverk þeirra“.²⁰ Til að gera langa sögu stutta virðist húsmæðrastefnan hafa haft betur á millistríðsárunum. Sigríður Matthíasardóttir sagnfræðingur hefur rannsakað átök hinna tveggja fylkinga í bók sinni, *Hinn sanni Íslendingur*. Þar kemst hún að þeirri niðurstöðu að sigur húsmæðrastefnunnar hafi kostað mikil átök „enda má segja að staða kvenna í samfélaginu, eðli þeirra og hlutverk hafi verið meðal helstu þjóðfélagslegra umræðuefna og átakamála á árunum milli stríða“.

Skýr skil urðu á milli þess sem var kvenlegt og karlmannlegt að mati Sigríðar. Kvenleikinn var látinn tákna hið liðna, fortíðina, og þar af leiðandi það *þjóðlega*; menninguna, tungumálið og söguna. Konur voru til dæmis hvattar til að ganga í þjóðlegum klæðnaði, meðal annars þjóðbúningnum. Að sögn Sigríðar urðu konur nokkurs konar „lifandi tengiliðir“ við fortíðina. Aftur á móti varð karlmennskan

¹⁹ „Setuliðsstjórnin bannar útkomu Þjóðviljans. Þrír starfsmenn Þjóðviljans fluttir til Bretlands“, *Tíminn* 29 apríl 1941, bls. 188.

²⁰ Sigríður Matthíasardóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 365

„táknervingur nútíma og framfara“. Karlar voru taldir skynsemisverur en konur voru oft sagðar stjórnast af tilfinningum sínum. Kynjunum var stillt upp sem andstæðum sem hvort um sig hafði mismunandi hlutverkum að gegna. Það kom því í hlut kvenna að ala upp sanna Íslendinga og standa á sama tíma vörð um þjóðlega siði og venjur.²¹ Í þessu samhengi má nefna fjöldamörg viðtöl sem Inga Dóra Björnsdóttir mannfræðingur átti við íslenskar konur sem giftust bandarískum hermönnum. Í viðtölunum kom fram að allar konurnar, burtséð frá menntun og stétt, voru þeirra skoðunar að helsta hlutverk kvenna væri að verða mæður og eiginkonur.²²

Aðalhlutverk kvenna var samkvæmt þessu sjónarmiði að viðhalda þjóðinni. Ekki einungis í líffræðilegum skilningi heldur einnig menningarlegum. Sem mæður voru konur fyrstu kennarar ungra barna og var því litið á þær sem landamæraaverði íslenskrar menningar. Sökum þessa hlutverks átti hegðun kvenna, klæðnaður og framkoma að falla innan ákveðins ramma.²³ Konur áttu að sjá til þess að næsta kynslóð yrði landi sínu hliðholl og á sama tíma áttu þær að „standa vörð um þjóðlegt siðferði og þjóðlegar hefðir“. Þær áttu fyrst og fremst að verða mæður, eiginkonur og húsmæður.²⁴ Hlutverk kvenna kristallaðist í hinu þjóðþekkta tákni fjallkonunnar sem búið var til á tímum sjálfstæðisbaráttunnar. Fjallkonan var í senn tákn fyrir íslenska náttúru og menningu, hún var móðir og verndari þjóðarinnar. Hún var hið frjálsa Ísland.²⁵

Það er ekki skrítið, miðað við þær hugmyndir um konur og kvenleika sem voru ráðandi á tímum stríðsins, að tákn landsins skyldi vera kona. Það er heldur ekki furða að allt ætlaði um koll að keyra þegar íslensku landamæraaverðirnir fóru að renna hýru auga til erlendra hermanna. Bárá Baldursdóttir sagnfræðingur hefur rannsakað viðhorf Íslendinga til kvenna á tímum seinna stríðs. Samkvæmt ritgerð Báru birtist ástandskonan í karllægri orðræðu „sem örökræn tilfinningarvera, sem var knúin áfram af eðlishvötinni. Henni var stillt upp sem táknervingi þess ómenningarlega og

²¹ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 246 – 247.

²² Inga Dóra Björnsdóttir segir svo frá í „Public View and Private Voices“, bls. 11: „All of the women in this study, regardless of class or education, considered that the ideal and the only valuable role of a woman was to be a wife and a mother“.

²³ Bárá Baldursdóttir, „Kynlegt stríð: Íslenskar konur í orðræðu síðari heimsstyrjaldar“ *Íslenska söguþingið 2002. Ráðstefnurit I*, bls. 64.

²⁴ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 39 – 40. Þær að nefna að þessar hugmyndir um hlutverk kvenna voru ekki neyddar upp á þær, en margar hverjar tóku þátt í að móta þá stöðu sem konur höfðu í þjóðfélaginu.

²⁵ Inga Dóra Björnsdóttir, „Public View and Private Voices“, bls. 107.

frumstæða í andstæðu við hinn sanna Íslending, sem setti skynsemina ofar tilfinningum“.²⁶ Sanni Íslendingurinn í þessum skilningi var ávallt í formi karlmanns. Konur sviku þjóðernið og þjóð sína með því að sýna útlendingum meiri áhuga en samlöndum sínum. Þar sem hlutverk þeirra var að eignast íslensk afkvæmi með íslenskum mönnum þá var ástandskonunni stillt upp sem algerri andstæðu við hina alíslensku blómarós, stúlkurnar sem héldu tryggð við þjóð sína.

Munurinn á kynjunum lá ekki einungis í hugmyndafræðinni á bak við hlutverk þeirra innan samfélagsins. Konur fengu mun færri tækifæri en karlar á atvinnumarkaðnum og skýrist það að öllum líkindum af þeim hugmyndum um kynin sem voru ríkjandi með þjóðinni. Þó voru til konur, giftar og ógiftar, sem unnu utan heimilis og sumar gengu menntavegin. Það var hins vegar frekar undantekning en almenn regla. Rannveig Kristjánsdóttir, ritstýra kvennatímaritsins *Melkorku* sem var mál gagn kvenna í Sósíalístafloknum, skrifaði í ritstjórnarpistli sínum árið 1945 að „hver einasta ung stúlka, sem nokkuð hugsar, hlýtur að komast að raun um, að ríkjandi þjóðfélagsaðstæður skipa henni að velja milli álittegrar menntunar og fjárhagslegs sjálfstæðis annars vegar, og hjónabands og heimilislífs hinsvegar“.²⁷ Hér gæti verið um dálitlar ýkur að ræða af hálfu Rannveigar en hún var þó fyrst og fremst að gagnrýna þau ójöfnu tækifæri sem samfélagið bauð kynjunum upp á. Enda þótt boðið væri upp á menntun fyrir stúlkur, áttu þær margar hverjar erfiðara með að fóta sig á vinnumarkaðinum, sérstaklega ef áhugi þeirra lá utan hefðbundinna kvennastarfa, eins og hjúkrunar og kennslu.

Framan af 20. öld virðist yfirleitt ekki hafa verið gert ráð fyrir því að konur ynnu fyrir sér. Sést það meðal annars á því að atvinnulausar konur voru lengi ekki taldar með á atvinnuleysisrá. Það var ekki fyrr en um miðjan fjórða áratuginn að breyting varð í þessum eignum og rekja sumir það til baráttu Kvenréttindafélagsins

²⁶ Bára Baldursdóttir, „Kynlegt stríð“, bls. 66.

²⁷ Rannveig Kristjánsdóttir, „Konan og nýsköpunin“, *Melkorka*, 2:1 (1945), bls. 4. Tímaritið var fyrst gefið út 1. maí 1944. Líkt og kom fram í fyrsta ritstjórnarpistli Rannveigar (bls. 1) var tilgangur blaðsins að rjúfa þá þögn sem aðstandendur þess töldu ríkja um málefni kvenna. Blaðinu var gefið nafn eftir Melkorku, dóttur Mýrkjartans konungs á Írlandi. Melkorka þessi var móðir Ólafs Pá og mikilvæg sögupersóna í Laxdælu. Melkorka þóttist lengi vel vera mállaus en það komst upp um hana þegar hún ræddi við son sinn. Notaði Rannveig það í pistli sínum: „Íslenzku konur! Þögn okkar hefur verið þrálát og löng eins og þögn Melkorku, og sjaldan rofin nema þegar móðir leggur barni sínu heilræði.“ Ritstýra Melkorku trúði því að sigur verkalýðsins eftir leiðum Sósíalístaflokksins gæti veitt konum aftur málið.

undir forystu Laufeyjar Valdimarsdóttur.²⁸ Á sama tíma voru skattalögin gífurlega óhagstæð konum en allar tekjur sem þær höfðu voru lagðar saman við tekjur eiginmanna þeirra eftir giftingu. Þegar litið var til skatta, var í raun og veru hagstæðara fyrir konur að sleppa því að ganga í hjónaband. Þetta leiddi til margra svonefndra trúlofunarsambanda. Öll börn þeirra sem kusu slíkt samband fram yfir hjónaband töldust óskilgetin.²⁹

Á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar voru þrátt fyrir allt mismunandi mælikvarðar á hegðun kynjanna og mismikil tækifæri í boði fyrir karla og konur. Inga Dóra Björnsdóttir mannfræðingur hefur rannsakað hvers vegna svo mikil og neikvæð umræða spannst í kringum þær konur sem voru með hermönnum. Hún komst að þeirri niðurstöðu að í fyrsta lagi væru íslenskir karlmenn afbrýðissamir. Þeir hefðu nú misst einokunarstöðu sína á íslenskum „kvennamarkaði“. Íslenskum karlmönnum líkaði með öðrum orðum illa við samkeppnina við setuliðið og brugðust meðal annars við með því að stimpla konur skækjur og föðurlandssvikara, jafnvel þó um væri að ræða ástarsamband eða vináttu á milli viðkomandi kvenna og hermanna. Í öðru lagi taldi Inga Dóra það jafnvel hafa ráðið enn meira um neikvætt viðhorf til þessara kvenna að þær væru, að dómi margra karlmanna, að ganga gegn áðurnefndu hlutverki sínu sem landamæraverðir íslenskrar menningar og þjóðernis.³⁰

Vert er að taka fram að ekki einungis karlmenn voru þessar skoðunar. Aðalheiður Hólm Spans sat á fundum Mæðrastyrksnefndar á þessum árum en samkvæmt frásögn hennar endurspegluðu fundirnir viðhorf karlmanna á raunanlegan máta hvort sem karlar eða konur hefðu orðið. Henni ofbauð ofstækið og taldi „fæstar kvennanna [kæra] sig um að skilja hversu málið var flókið og margþætt og fordæmdu þindarlaust stúlkurnar í „ástandinu“.³¹ Almenningsálitið í þessum efnum var mjög

²⁸ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum. Íslenskar konur og erlendum her* (Reykjavík 2001), bls. 27 – 30.

²⁹ Sama, bls. 35 – 36.

³⁰ Inga Dóra Björnsdóttir, „Public View and Private Voices“, bls. 115. Sjá einnig um þetta í grein Báru Baldursdóttur „Kynlegt stríð: Íslenskar konur í orðræðu síðari heimsstyrjaldar“.

³¹ Þorvaldur Kristinsson, *Veistu, ef þú vin átt. Minningar Aðalheiðar Hólm Spans* (Reykjavík 1994), bls. 122. Aðalheiður var ein af stofnendum Starfstúlknafélagsins Sóknar, hún varð „fyrsti formaður félagsins, og um árabíl stóð hún í fylkingu þeirra sem börðust fyrir mannsæmandi lífi íslenskrar alþýðu á kreppeárunum“, eins og ævisagnarhöfundur hennar kemst að orði. Aðalheiður var einn af forystumönnum Kommúnistaflokksins og síðar Sósíalistaflokksins í verkalýðshreyfingunni.

sterkt, en árið 1943 var gerð lausleg skoðanakönnun sem sýndi að hátt í 90% þjóðarinnar vildi ekki að íslenskar konur „legðu lag sitt við hermenn“.³²

Það er því nokkuð ljóst að margir hverjir, konur jafnt sem karlar, óttuðust um framtíð íslensku þjóðarinnar. Endurspegladist það í viðbrögðum þeirra við samböndum íslensks kvenfólks og hermanna.

³² Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum. Myndir úr stríði 1940-1945* (Reykjavík 2002), bls. 164.

2 Próun ástandsmála

2.1 Bretar koma

Eins og alkunna er var Ísland hernumið af breska hernum 10. maí 1940. Hernámið vakti að vonum mikla athygli meðal landsmanna og komst lítið annað að í fjórum stærstu dagblöðum landsins. Strax daginn eftir hernámið rötuðu fréttir um samskipti íslenskra kvenna og breskra hermanna í blöðin. Í *Alþýðublaðinu* kom fram að lögreglan hefði kvartað „sérstaklega undan því, að nokkrar stúlkur hafi gerst nærgöngular við hermennina, þegar líða tók a daginn“. Þetta hafi valdið því að hermennirnir hafi „leyft sér of frjálssa framkomu gagnvart konum yfirleitt“. Þetta leiddi til vandræða að kvöldi hernámsdagsins. Ekki var farið nánar út í hvers konar vandræði hefðu orðið af samskiptum þessum en *Alþýðublaðið* hafði áhyggjur af því að hegðun einstakra siðlausra kvenna yrði til þess að gefa hermönnum ranga mynd af íslensku kvenfólki. Ítrekað var að lögreglan stæði ekki vel að vígi í þessum efnum og það yrði að auka vald hennar tafarlaust til að takast á við vandann ef ekki myndi skipast „til hins betra á annan hátt“.³³

Morgunblaðið tók í sama streng þann 12. maí 1940. Þar var greint frá því að hernámsdagurinn hefði ekki verið að kvöldi kominn þegar götudrósirnar voru farnar að gera sér dælt við hermennina svo að velsæmdu fólki ofbauð. Tekið var fram að yrði herinn lengi hér á landi þyrfti að grípa til aðgerða til að „stemma stigu fyrir ósiðsömu háttalagi þessa vesalings kvenfólks“. Stungið var upp á því að þessi fámenni hópur yrði fluttur á afskekktan stað til að vinna og búa við strangan aga. Þær væru að varpa skugga á Reykjavík með hegðun sinni.³⁴

Í *Tímanum* 16. maí gagnrýndi Jónas Jónsson frá Hriflu, formaður Framsóknarflokksins, hvernig Íslendingar, karlar jafnt sem konur, höguðu sér gagnvart herliðinu. Jónas lýsti því hvernig fjöldi fólks í Reykjavík stundaði það að hanga utan í hermönnum líkt og „vesölustu sníkjugestir“. Fólki færi ekki eftir tilmælum blaðanna um að sýna hernum almenna kurteisi en halda heiðri þjóðarinnar jafnframt í hávegum. Fólkið, sem Jónas nefndi „láglyð bæjarins“, væri að gefa ranga mynd af íslenskri þjóð með því að vera stanslaust utan í hermönnum og sníkja af þeim. Með gjörðum sínum væri lýðurinn að draga hermennina inn í íslenskt þjóðlíf. Að mati Jónasar átti hins vegar að reyna að

³³ „Afstaða almennings“, *Alþýðublaðið* 11. maí 1940, bls. 4.

³⁴ „Úr daglega lífinu“, *Morgunblaðið* 12. maí 1940, bls. 6.

halda þeim sem lengst utan við samfélagið. Þrátt fyrir að beina orðum sínum að fólki almennt, tók Jónas sérstaklega fram að hinum bresku hermönnum stafaði að öllum líkindum lítil „ásóknarhætta hér á landi af öðrum liðsafla heldur en her hinna illa uppöldu og gálausu kvenna, sem eru landi og þjóð til mikillar minnkunar hvern dag, þegar mikið er um unga, erlenda karlmenn í bænum“. Jónas ítrekaði að Íslendingar yrðu að vanda sig í umgengni við herinn, ímynd þjóðarinnar skipti máli.³⁵

Þjóðviljinn, málgað Sósíalístaflokksins, var á öndverðum meiði við önnur blöð en blaðið tók upp hanskann fyrir íslenskt kvenfólk. Í grein sem birtist 29. maí var þess krafist að íslenskar stúlkur fengju að ganga um götur Reykjavíkur óáreitnar fyrir hermönnum. *Þjóðviljinn* vildi að hluta til skella skuldinni á „hin þýlyndu borgarablöð“ sem hefðu skrifað um íslenskt kvenfólk líkt og það væri til sölu handa útlendingum og allt væri leyfilegt í þeirra garð. Í greininni var tekið fram að sá rógur sem blöð ríkisstjórnar Íslands hefðu borið út um íslenskt kvenfólk, hefði haft þær afleiðingar að í hvert skipti sem lögreglan sæi stúlku í nánd við hermann hvessti hún augun í átt til þeirra og fylgdi þeim eftir. Þá var bent á að fjöldi hermanna í bænum væri slíkur að erfitt væri að ganga um götur án þess að nálgast hermann. Í *Þjóðviljanum* var skorað á lögregluna að vernda íslenskar stúlkur gegn ágangi hermanna á götum úti.³⁶

Þessi málflutningur blaðsins var í samræmi við stefnu Sósíalístaflokksins sem tekið hafði afstöðu með griðasáttmála Hitlers og Stalíns og beitti sér, eitt dagblaðanna, ákaft gegn Bretaveldi og breska hernum. Þetta var einnig liður í andstöðu sósíalista við Þjóðstjórnina sem hinir stjórnmalaflokkarnir þrír, Alþýðuflokkur, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur höfðu myndað 1939.³⁷

Þrátt fyrir vörn *Þjóðviljans* gaf umfjöllunin í hinum blöðunum vísbendingu um það sem koma skyldi í umræðunni um konur og hermenn. Ástandið var vaxandi vandamál í augum margra sem töldu að eitthvað yrði að gera til að sporna gegn hættunni sem íslensku þjóðerni og æsku stafaði af samskiptum kvenna og hermanna. Ekki er að ætla sem svo að *Þjóðviljinn* hafi haft meira álit á íslensku kvenfólki en hin blöðin, heldur tók *Þjóðviljinn* almennt harðasta afstöðu gegn öllum samskiptum Íslendinga við herinn. Á þessum tíma voru sósíalistar einfaldlega að skella allri skuld á hermenn fyrir að leita á konur. Þetta var þáttur í herferð þeirra gegn Bretum, hvert tækifæri var notað til að úthúða hernum og spilla samskiptum við hann.

³⁵ Jónas Jónsson, „Hið breytta viðhorf“, *Tíminn* 16. maí 1940, bls. 207 – 208.

³⁶ „Brezkir hermenn áreita íslenskar stúlkur“, *Þjóðviljinn* 29. maí 1940, bls. 2.

³⁷ Þór Whitehead, *Bretarnir koma*, bls. 123 – 125.

2.2 Vændiskvonnabúr stórveldanna

Sumarið 1940 vann breski herinn ötullega við að koma sér fyrir. Fjöldinn allur af íslenskum verkamönnum fékk störf í Bretavinnunni svokölluðu. Atvinnuleysið, sem hafði ríkt á kreppuárunum, hvarf hægt og bítandi. María Hildur Guðmundsdóttir sagði svo frá í bók Herdísar Helgadóttur mannfræðings: „Breytingarnar urðu geysilegar. Allir fengu vinnu. Strákarnir, bræður mínir tveir, fóru í Bretavinnu, og þá fengum við nú peninga, því þeir höfðu gott kaup og næga vinnu“.³⁸ Nýir tímar voru framundan í íslensku samfélagi, atvinnuleysi úr sögunni og góðæri í uppsiglingu.

Íslendingar og Bretar höfðu mikil samskipti sín á milli, enda gífurlegur fjöldi hermanna hingað kominn. Haustið 1940 sáu stjórnvöld að það yrði að móta skýrari stefnu um sambúð hers og þjóðar. Varð það til þess að Hermann Jónasson forsætis- og dómsmálaráðherra kallaði saman alla skólastjóra landsins. Tilgangur fundarins var að ræða þessi mál, sér í lagi út frá samskiptum unga fólksins og hersins.³⁹ Hermann hélt ræðu á fundinum. Þar hélt hann því fram að heimskulegt væri að sýna hernum vanvirðingu en á sama tíma ítrekaði hann að ekki ætti að láta „vinfengi sitt í ljós ... umfram það, sem brýn nauðsyn krefur“. Best væri að fólk sýndi ekki tilfinningar sínar í garð herliðsins, hverjar sem þær væru. Einnig tók Hermann fram að mikilvægt væri að skólastjórnir mótudu stefnu til að vernda viðkvæman æskulýðinn.⁴⁰ Íslendingar hefðu ekki komið allskostar rétt fram við Breta en alvarlegast að mati Hermanns var „framkoma nokkurs hluta kvenþjóðarinnar“ sem hafði verið með þeim hætti að til „stórrar vansæmdar og stórrar ógæfu horfir“. Eitt af aðalmarkmiðum skólastjórafundarins var einmitt að sporna gegn umgengni stúlkna við hermenn.

Eftir ræðu Hermanns funduðu skólastjórnir.⁴¹ Afrakstur fundarins var yfirlýsing sem birtist í blöðunum undir yfirskriftinni „Ávarp til þjóðarinnar“. Þar var meðal annars lagt til að útivistartími barna yrði stytur og samkomur nemenda yrðu eingöngu ætlaðar nemendum, öllum utanaðkomandi væri bannaður aðgangur. Skólastjórnir fylgdu þeim línunum sem Hermann lagði í ræðu sinni. Tóku þeir sérstaklega fram að Íslendingum bæri að „sýna fullkomið hlutleysi í framkomu sinni, vera kurteisir en þó einarðir, í þeim viðskiptum við setuliðið, er ekki verður komist hjá“.⁴²

³⁸ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 116.

³⁹ Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið*, bls. 47.

⁴⁰ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri I*, bls. 156.

⁴¹ Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið*, bls. 48 – 49.

⁴² Sjá yfirlýsinguna m.a. á forsíðu *Tímans* og *Morgunblaðsins*, 20. september 1940.

Það hefur verið erfitt fyrir fólk að fylgja þessum ráðleggingum um umgengni við herinn. Reykjavík var undirlögð hermönnum og gífurlegur fjöldi fólks, konur jafnt sem karlmenn, störfuðu fyrir herinn með einum eða öðrum hætti. Konur fóru að taka að sér þvott fyrir Breta og margar hverjar fengu vinnu í þeim fjölmörgu sjoppum og kaffihúsum sem spruttu upp um allan bæinn. Bretaþvotturinn markaði umskipti fyrir margar konur en þær allra duglegustu voru með laun á við verkamenn. Gafst nú giftum konum, sem almennt stunduðu ekki vinnu, tækifæri til að afla aukatekna fyrir heimilið.⁴³

Vinna kvenna, þá sér í lagi Bretaþvotturinn, var þyrnir í augum margra. Agnar Kofoed-Hansen, sem var lögreglustjóri á þessum árum, kallaði þvottinn í endurminningum sínum einn versta hvata lauslætisins. Hermenn hefðu komist „inn á gafl á hundruðum, ef ekki þúsundum heimila í landinu“. Þannig hefðu fjöldamargir hermenn kynnst ungum stúlkum og konum og það leitt til þess að mörg heimili hafi lagst í rúst.⁴⁴ Agnar tekur heldur sterkt til orða en hann var ekki einn um að vera harðorður um ástandið. Margir, sér í lagi þeir sem voru í ábyrgðarstöðum, höfðu áhyggjur af því hvert stefndi í þessum málum.⁴⁵

Vilmundur Jónsson, landlæknir og fyrrum þingmaður Alþýðuflokksins, lét ekki sitt eftir liggja og ritaði tvö bréf til dómsmálaráðuneytisins um siðferðismál ungra stúlkna, hið fyrra 11. júlí 1941. Þar lýsti Vilmundur áhyggjum sínum af þróun mála en samkvæmt bréfinu var gífurlegur fjöldi kvenfólks á „allra lægsta þrepi skækjulifnaðar“. Það væri þó ekkert nýtt að hér á landi væri lausgirt kvenfólk, slíkt hefði tíðkast fyrir tíma setuliðsins en koma hersins væri að leiða marga lausung í ljós. Að mati Vilmundar lýsti ástandið engu nema sannleikanum um það, hve veikt íslenskt kvenfólk væri á svellinu, þegar á reyndi.

Landlæknir virðist ekki hafa haft mikla trú á konum landsins í þessum efnum og furðaði hann sig á því að almenningsálitið gegn ástandinu væri ekki sterkara en svo að það viðgengist og færi versnandi. Hann virtist gera sér grein fyrir því að erfitt yrði að sporna gegn samböndum sjálfráða kvenna og hermanna og þess vegna skipti álit almennings miklu í augum hans. Þrátt fyrir gagnrýni landlæknis á umburðarlyndi almennings, urðu þær konur sem tengsl höfðu við hermenn iðulega fyrir aðkasti landa sinna. Sumum þeirra var hótáð og þær kallaðar illum nöfnum, þar á meðal „föðurlandssvikari“.⁴⁶

⁴³ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 120, 125.

⁴⁴ Jóhannes Helgi, *Lögreglustjóri á stríðsárunum. Minningar Agnars Kofoed – Hansens* (Reykjavík 1981), bls. 196.

⁴⁵ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri II*, bls. 138.

⁴⁶ Inga Dóra Björnsdóttir segir svo í grein sinni „Public View and Private Voices“, bls. 112 – 113: „Women who dated soldiers met public harassment. Several women were not allowed to graduate from two of the most prestigious schools in Reykjavík simply because they were

Vilmundur lagði hins vegar til að lögreglan hefði hendur í hári þeirra kvenna sem lifðu á vandi og sendi þær á „vinnuhæli á afskekktum stað og léti þær búa þar við holla vinnu, gott atlæti og heilbrigðan aga“. Slíkar aðgerðir ættu að hafa góð áhrif á almenningsálitið og koma í veg fyrir að fleiri konur yrðu skækjulifnaði að bráð.

Það sem lá þyngst á landlækni var ólífnaður fjöldi stúlkna á aldrinum 12 til 16 ára. Samkvæmt gögnum lögreglunnar, sem Vilmundur hafði undir höndunum, var ástandið orðið svo slæmt að „ekkert heimili frá hinum aumustu til hinna best settu“ gætu talist örugg fyrir því að missa ekki stúlkubörn í hendur hermanna. Í þessum tilfellum gætu yfirvöld og foreldrar þó gripið í taumana, enda um ólögráða einstaklinga að ræða. Áhyggjur Vilmundar voru slíkar að hann áleit að yrði það ekki gert hið bráðasta stefndi í að Reykjavík yrði „ein uppeldisstöð fyrir skækjur, stórum líklegri til áhrifa á framtíðarkonur höfuðstaðarins en allar kirkjur og skólar“ til samans. Þar sem ekki væri vitað hve lengi hið erlenda setulið yrði hér á landi sá hann ekki betur en að landið yrði „aðallega vændiskvennabúr fyrir þau stórveldi sem hingað [töldu] sig eiga erindi“. Nú væri komið í svo mikið óefni að vettlingatök gætu ekki lengur stöðað í þessum málum.

Vilmundur lagði fram nokkrar róttækar tillögur um hvernig taka ætti á ólífnaðinum. Hann lagði til að flytja ætti fyrst um sinn öll stúlkubörn á aldrinum 12 til 16 ára úr bænum og ráðstafa þeim á sveitabæi víðsvegar um landið. Það er áhugavert að Vilmundur skyldi ekki leggja til að flytja einnig burt drengi en hann virðist hafa haft litlar áhyggjur af samskiptum unglingspíla við setuliðið. Framtíð þjóðarinnar lá augljóslega að hans mati á herðum stúlkanna og þess vegna varð að grípa inn í áður en þær yrðu allar með tölu komnar undir setuliðið. Vilmundur gerði sér hins vegar grein fyrir því að erfitt yrði að koma öllum stúlkubörnum fyrir hjá bændum og þess vegna væri best að byrja á þeim sem hefðu ratað inn í bækur lögreglunnar fyrir ósæmilega hegðun. Þær stúlkur sem eftir yrðu ættu að vera undir ströngu eftirliti lögreglunnar og barnaverndayfirvalda og „jafnóðum flutt[ar] í burtu, ef út af ber“. Einnig ætti að skipta þeim stúlkum sem eftir væru niður á hæfar konur sem hefðu það hlutverk að fylgjast með þeim og veita þeim gott fordæmi. Vilmundur ítrekaði að hann hugsaði þessa ráðstöfun ekki sem lögreglueftirlit, heldur áttu umsjónarkonur að „kynnast sem allra best skjólstaðingum sínum, ná trúnaði þeirra, gerast heimilisvinur og félagi, leitast við að vekja áhuga þeirra á hollum viðfangsefnum“. Af

dating soldiers. “It was like being on trial; it still hurts,” one of the women said. Also, many women encountered various forms of name calling and physical threats ...The negative public attitude and the harassment often inflicted a deep sense of shame and guilt upon the women. Some women tried to hide their relationships from the public.“

Þessum orðum að dæma virðist landlæknir hafa hugsað sér að hver og ein umsjónarkona tæki að sér hlutverk stóru systur hjá 20 til 25 stúlkum í senn. Vilmundur vildi ítreka fyrir stjórnvöldum að þar sem að herlið frá Bandaríkjunum væri að koma sér fyrir hér á landi, væri tækifæri til að „leitast við að koma á nýjum siðum í þessu efni“.⁴⁷

Þann 29. september 1941 sendi Vilmundur annað bréf til dómsmálaráðuneytisins. Þar lagði hann fram tillögu um hugsanlega samvinnu um lausn hinna siðferðislegu vandamála. Vilmundur skrifaði bréfið eftir samtal sem hann átti við breskan liðsforingja út af samskiptavandamálum. Gagnrýndi hann þar breska setuliðið fyrir að vera með óskýra og ónærgætna stefnu í þessum málum enda hugsuðu Bretar ekki um hagsmuni íslensku þjóðarinnar að mati Vilmundar. Lagði hann fram tillögur í 10 töluliðum um úrbætur í ástandsmálum. Af mörgu er að taka en einna helst ber að nefna að Vilmundur vildi ekki fara með mál ástandsstúlkna eins og glæpamál, því erfitt væri að sannreyna staðreyndir þannig að „þær reyndust óvæfengjanlegar fyrir dómsmálum“. Hér væri um að ræða félagsleg vandamál. Tvö sjónarmið tækjust á í þessum efnunum: Dómaraafstaðan sem fæli í sér að litið væri á misfellurnar „eins og afbrot eða glæpi“ sem ekki var hægt að bendla við nokkurn nema skýrar sannanir lægju fyrir. Hins vegar læknisafstaðan sem „sneri að því að ef um farsótt [væri] að ræða“ þyrfti að reyna „að gera sem mest til að koma í veg fyrir hana“. Þeir sem fylgdu læknisafstöðunni eins og hann sjálfur, vildu líta á ástandsvandann sem farsótt og hættulegan sjúkdóm sem beita yrði sóttvörnum gegn. Samkvæmt bréfi Vilmundar átti dómaraafstaðan hins vegar fylgi að fagna hjá kvenþjóðinni en það mætti einna helst skýra á þann hátt að erfitt væri að sannreyna staðreyndir í þessum málum. Það yrði hins vegar að slá upp sóttkví um stúlkur landsins til að verja þær fyrir áhrifum setuliðsins.

Að mati Vilmundar var fjöldi hermanna slíkur á landinu að konur, sér í lagi þær yngri, hreinlega gætu ekki ráðið við sig kynferðislega. Tekur hann í sama streng og Jónas Jónsson frá Hriflu gerði í áðurnefndri grein í *Tímanum*. Það var einnig álit Jónasar að íslenskar konur væru sérlega veikar á svelli þegar erlendir karlmenn ættu í hlut. Það leiddi til siðferðislegrar upplausnar að karlar í Reykjavík væru nú nánast tvöfalt fleirri en konur, sérstaklega þegar hermenn „á hinum óstýrlátasta kynþroskaaldri“ ættu í hlut. Vilmundur ítrekaði að

⁴⁷ Þ.Í. Skjalasafn landlæknis 1941: Bréf I-IV (1-1). Vandamál í sambandi við setuliðið. Vilmundur Jónsson landlæknir til dómsmálaráðuneytisins 11. júlí 1941: „Um saurlifnað í Reykjavík og stúlkubörn á glapastigum“. Bréfið er birt í heild í bók Gunnars M. Magnúss, *Virkið í Norðri II*, bls. 139 – 141.

nokkurn vegin jöfn tala karla og kvenna á svipuðum aldri á sama tíma – einkum ekki fleiri karlar- og yfirgnæfandi af sama þjóðerni er heilbrigt ástand og yfirleitt enginn allsherjar voði á ferðum, þó að nokkurt frjálrsræði í ástarmálum tíðkist og einstök glapastig séu ekki fágæt.

Sökum þess hve margir hermenn væru á landinu yrði setuliðið að koma til móts við íslenska ríkið og sporna gegn siðferðishættunni. Því þrátt fyrir að sambúðin væri vinsamleg þá væri siðferði kvenna og þar af leiðandi þjóðerni Íslendinga, sem væru mjög samofin, í mikilli hættu.

Í þessu síðara bréfi Vilmundar kemur skýrt fram sú hugmyndafræði að konur væru kyndilberar menningar, tungu og þjóðarinnar í heild. Að hans mati var íslenskt þjóðerni nú í háska og af tvennu illu myndi hann „kjósa hina ómildustu kúgun sem sérstök þjóð en eiga að sæta því hlutskipti að afmást úr tölu þjóðanna í allri vinsemd“. Vilmundur tók þó fram að siðferðisafglöp kvenþjóðarinnar séu aðeins einn þáttur í þeim háska sem steðjaði að landinu en „allsherjar andvaraleysi“ ríkti hjá þjóðinni í þessum efnun. Fólk væri um of reiðubúið til að gleypa við hernum og öllu því sem fylgdi í kjölfarið, svo sem nýjum atvinnumöguleikum sem gerðu það að verkum að hinir eðlilegu atvinnuvegir vanræktust.

Vilmundur taldi mikilvægt að þjóðirnar þrjár sem hér ættu hluta að máli næðu að vinna saman í þessum efnun. Ljóst væri þó að Bretar væru ekki allskostar sáttir við að siðferðismálin væru tekin fyrir á opinberum vettvangi. Vilmundur taldi hins vegar að það yrði að sýna bresku setuliðsstjórninni fram á að hér væri um að ræða sameiginlegt vandamál og með samvinnu væri hægt að koma í veg fyrir „rógburð á hendur Breta og stuðla að verndun þjóðernis landsmanna, tungu, siðum og allri menningu“. Vilmundur lagði jafnframt til að Íslendingar sýndu varkárni í opinberri umræðu um ástandsmál til að gjalda fyrir samvinnu setuliðsins. Í 10. og síðasta lið bréfsins rakti hann loks nokkrar hugmyndir um hvernig setuliðið gæti komið til móts við Íslendinga. Þar kom fram að mikilvægt væri að kynna fyrir setuliðsmönnum þær sérstöku aðstæður sem ríktu hér á landi vegna gífurlegs fjölda hermanna miðað við fjölda íbúa.

Þá yrði að sporna gegn samgangi setuliðsmanna og Íslendinga, sér í lagi með því að leggja niður Bretapvottinn. Vilmundur lagði til að reist yrði þvottahús sem yrði að mestu leyti knúið af vélum svo að kvenfólk kæmi þar lítt við sögu. Landlæknir lét sig það litlu skipta hversu mikilvæg tekjulind þvotturinn var fyrir mörg heimili og konur. Hann vildi einnig leggja niður Bretaknæpunar svokölluðu en fjöldi stúlkna starfaði á slíkum stöðum. Með knæpunum hefðu opnast „hættulegar persónulegar kynningaleiðir“ á milli setuliðsins og Íslendinga. Mikil ásókn kvenna í þessi störf olli Vilmundi áhyggjum því það leiddi til

mannekle í sveitum landsins. Auk þess reyndist nú erfitt að fá þjónustustúlkur til starfa á betri heimilum Reykjavíkur.⁴⁸ Þetta var vissulega staðreynd en eins og Herdís Helgadóttir mannfræðingur hefur bent á voru það störf í tengslum við herinn sem leystu margar stúlkur undan ánauð vistanna. Konur höfðu áður verið ódýr vinnukraftur innan bæjar sem utan. Herdís sagði að umskiptin hefðu verið svo mikil að nú hefði orðið „að bjóða í stúlkur til að fá þær til að sinna slíkum störfum“ á heimilum. Laun þeirra voru hækkuð og aðstæður þeirra bætтар. Góðæri stríðsáranna skilaði sér því að vissu leyti til kvenna.⁴⁹ Vilmundi leist hins vegar ekki á blikuna, herinn og konur varð að aðskilja.

Samkvæmt bréfi Vilmundar tók áðurnefndur foringi úr breska hernum vel í uppástungur hans og vonaðist landlæknir til að einnig yrði hægt að leita eftir samvinnu við bandaríska setuliðið í þessum efnun. Rauði þráðurinn í báðum bréfum Vilmundar var að mikilvægt væri að takmarka sem mest samskipti kvenna og hermanna. Kjarninn í máli hans var að setja ungar stúlkur í nokkurs konar sóttkví enda sækti að þeim eins konar farsótt. Bréfaskrif Vilmundar höfðu mikil áhrif á gang mála en á tímabilinu á milli bréfanna tveggja skipaði Hermann Jónasson forsætis- og dómismálaráðherra nefnd sem fékk það verkefni að gera ítarlega rannsókn á ástandsmálum.

2.3 Ástandsskýrslan

Dómismálaráðherra skipaði nefndina 29. júlí 1941. Í henni sátu þrír menn: Sigurbjörn Einarsson prestur, Benedikt Tómasson skólastjóri og dr. Broddi Jóhannesson uppeldisfræðingur. Þegar nefndin hafði lokið störfum sendi hún frá sér ítarlega skýrslu til dómismálaráðuneytsins. Skýrsla þessi var að hluta til birt opinberlega og var hún kölluð ástandsskýrslan.⁵⁰ Til grundvallar skýrslunni lágu rannsóknir lögreglunnar en hún hafði skrásett nöfn rösklega 500 kvenna sem talið var að hefðu „mjög náin afskipti af setuliðinu“. Athyglisvert er að konurnar voru á aldrinum allt frá 12 til 61 árs og hefur lögreglan því augljóslega fylgst með fjölda fulltíða kvenfólks. Af þessum 500 konum voru 150 taldar á „mjög lágu siðferðisstigi“. Því var hins vegar ekki nákvæmlega lýst hvaða þýðingu

⁴⁸ Þ.Í. Skjalasafn landlæknis 1941: Bréf I-IV (1-1). Vandamál í sambandi við setuliðið. Vilmundur Jónsson landlæknir til dómismálaráðuneytisins 29. september 1941: „Um hin siðferðilegu vandamál í sambandi við dvöl hins erlenda setuliðs hér á landi. Hugsanleg samvinna um lausn þeirra.“ Einnig er hægt að finna bréfið í heild í bók Gunnars M. Magnúss, *Virkið í Norðri II*, bls. 150 – 156.

⁴⁹ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 126, 130.

¹⁹ Skýrslan finnst ekki í opinberum gögnum en stór hluti hennar var birtur í II. bindi *Virkisins í Norðri* eftir Gunnar M. Magnúss. Einnig voru birtir útdrættir úr skýrslunni í flestum dagblöðum landsins 27. og 28. ágúst 1941.

siðferðisbresturinn hefði, hvort hér væri til dæmis verið að vísa til kvenna sem stunduðu vændi. Tekið var fram að stór hluti þessara kvenna væru mæður en það olli nefndinni áhyggjum að fjöldi barna væri að ælust upp við óhæf kjör. Ekki væri hægt að ætla að slík börn yrðu nýtir þjóðfélagsþegnar.

Nefndin ítrekaði álit Agnars Kofoed-Hansens lögreglustjóra að þessar 500 konur væru aðeins 20% þeirra kvenna sem umgengjust setuliðið. Lögreglustjóri virðist því hafa ályktað að hátt í 2500 konur væru í ástandinu. Nefndin tók þó fram að erfitt væri að gera sér grein fyrir því á hvaða siðferðisstigi hver og ein kona væri í þessum hópi og oftast en ekki væri um trúlofunarsambönd að ræða. Slík sambönd ættu jafn mikinn rétt á sér og sambönd íslenskra kvenna og íslenskra karla. Hins vegar þótti nefndarmönnum það ekki gott fyrir svo fámenna þjóð ef kvenfólkið sækti meira í erlenda menn en innlenda og hyrfu þar af leiðandi af landi brott. Nefndarmenn gerðu sem sagt greinarmun á þeim stúlkum sem gengu á milli hermanna, til dæmis undir áhrifum áfengis og hinna sem trúlofuðu sig þeim. Þrátt fyrir það var sterkur undirtónn í skýrslunni í þá átt að ekki væri æskilegt að íslenskt kvenfólk blandaði geði við hermenn. Enda þótt nefndarmenn hafi óttast að missa bróðurpart kvenfólks til útlanda þá var aðalhættan að þeirra mati sú að hér myndi myndast „stór vændiskvennastétt, sem [segði] sig úr lögum við siðað þjóðfélag“. Fjöldi ungra stúlkna sem taldar voru á mjög lágu siðferðisstigi olli nefndinni miklum áhyggjum. Alls væru 61 stúlka á aldrinum 12 til 20 ára í þeim flokki. Þær gætu vafalaust ekki annað en endað sem vændiskonur.

Nefndin vildi þó að það kæmi skýrt fram að hér væri einnig við íslenska karlmenn að sakast því „að konur gerast ekki vændiskonur nema fyrir tilverknað karlmannna og ruddaskapur íslenskra karlmannna í umgengni við konur hefur síst verið til þess fallinn að skapa háttvísi og fagra siðu meðal íslenskra kvenna“. Lögreglan hafði raunar sterkan grun um að íslenskir karlmenn væru oftast en ekki milliliðir í viðskiptum kvenna við hermenn.⁵¹ Þrátt fyrir að lögreglan hefði greinilega vitneskju um þetta er ekki að finna heimildir um það í dagblöðum landsins að íslenskur karlmaður hafi nokkru sinni verið handtekinn fyrir milligöngu um vændi fyrir hermenn. Sekt íslenskra karla var ekki rædd nánar opinberlega af stjórnvöldum.⁵²

⁵¹ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri II*, bls. 142 – 145.

⁵² Inga Dóra Björnsdóttir segir svo í grein sinni „Public View and Private Voices“, bls. 103: „No investigation into police records has yet been done, but other sources such as newspapers have failed to reveal that any Icelandic men were arrested for pimping during the war. The guilt of Icelandic men was not further discussed by the officials.“

Ástandsskýrslan vakti að vonum mikla athygli þegar hún birtist á prenti en breska setuliðsstjórnin var meðal þeirra sem mótmæltu henni.⁵³ Í byrjun október 1941 birtist í blöðunum yfirlýsing setuliðsstjórnarinnar. Þar voru vinnubrögð nefndarinnar gagnrýnd en setuliðið hafði látið rannsaka skýrsluna og þeim vitnisburðum sem hún byggði á. Þær tölur sem setuliðsstjórnin lagði fram voru töluvert öðruvísi en niðurstöður nefndarinnar:

Af þeim 521 tilfellum [sem nefndin hefði skráð um nán samskipti kvenna við hermenn] ... eru aðeins 399, sem snerta Breta, og af þeim eru 4 beinlínis giftar hermönnum. Af þeim 395 stúlkum, sem eftir eru, er ekkert skráð í vitnisburðinn um 317, annað en það, að þær hafi haft venjulega umgengni við hermenn. Ennfremur eru 155 stúlkur, af þessum 521, sagðar hafa átt í saurlifnaði fyrir hernámið, eða lifi nú í saurlifnaði með Íslendingum.

Í yfirlýsingunni kemur ennfremur fram að breska setuliðsstjórnin vildi viðhalda þeirri vinsamlegu sambúð sem ríkt hefði á milli hers og þjóðar en hún gæti hins vegar ekki fallist á niðurstöður ástandsnefndarinnar. Síðan töldu Bretar upp þær reglur sem giltu um hermenn og umgengni þeirra við stúlkur en þar kom meðal annars fram að það væri brot á breskum lögum að eiga samræði við stúlku yngri en 16 ára. Einnig var tekið fram að konum væri bannaður aðgangur að herbúðunum.

Gagnrýni breska setuliðsins varð til þess að Agnar Kofoed-Hansen lögreglustjóri, ástandsnefndin og Hermann Jónassonar forsætis- og dómismálaráðherra svöruðu yfirýsingu setuliðsins og vörðu skýrsluna og niðurstöður hennar. Í endurminningum sínum segir Agnar frá viðbrögðum setuliðsins sem hafi litið á starf ástandsnefndarinnar sem fjandskap og ofsóknir. Agnar tók fram að hermenn hafi átt erfitt með að trúá því að stúlkurnar sem þeir voru með væru undir lögaldri. Þeim hafi verið viss vorkunn því „Íslenskar stúlkur voru oft ... mjög bráðþroska og hermennirnir áttu því ekki að venjast að telpur um fermingu klæddust og máluðu sig eins og fulltíða stúlkur“. Í Bretlandi hefði það þótt merkja aðeins eitt ef stúlka var mikið máluð, hún væri gála.⁵⁴

Hér er sökinni enn og aftur snúið á stúlkurnar en öllum aðilum málsins virtist mikið í mun að halda góðum samskiptum milli hersins og yfirvalda. Þess vegna var forðast að gagnrýna bresku hermennina um of. Hermann Jónasson tók sjálfur fram að í afskiptum íslenskra yfirvalda af þessum málum fælist ekki andúð í garð breska hersins og það væri

⁵³ Viðbrögðin við skýrslunni voru afar mismunandi, sumum fannst vegið heldur þungt að íslensku kvenfólki og spurðu hvar þessar 500 konur væru eiginlega niður komnar. Aðrir supu hveljur og vildu að gripið yrði til aðgerða sem fyrst. Sjá nánar í bók Herdísar Helgadóttur, *Úr fjötrum*, bls. 245 – 257. Sjá einnig bók Bjarna Guðmarssonar og Hrafns Jökulssonar, *Ástandið*, bls. 170 – 185.

⁵⁴ Jóhannes Helgi, *Lögreglustjóri á stríðsárunum*, bls. 196.

„almennt viðurkennt að þessir aðilar hafi komið mjög vel fram“.⁵⁵ Aðalatriðið væri að fá báða aðila til að vinna saman og takmarka skaðann sem ungar stúlkur, og þar af leiðandi þjóðin í heild, yrðu fyrir vegna ástandsins. Ástandsnefndin lagði fram nokkrar tillögur um hvernig væri hægt að koma því til leiðar.

2.4 Þverbrestir í Þjóðaruppeldinu

Nefndin lauk störfum 4. september 1941, tæpum mánuði eftir að skýrslan var birt. Af því tilefni sendi ríkisstjórnin bréf til bresku setuliðsstjórnarinnar. Í því var að finna útdrátt úr greinargerð og tillögum nefndarinnar og hófst hann á upptalningu þeirra aðila sem töldu að hér væri vandamál fyrir hendi:

Samkvæmt bréfi frá landlækni Íslands 11. júlí 1941, ályktun prestastefnu Íslands 1941, álitum herra biskupsins yfir Íslandi, sakadómarans í Reykjavík og lögreglustjórans í Reykjavík, ásamt álitum fjölmargra manna annarra hafa komið fram vandkvæði í sambandi við dvöl hins erlenda setuliðs á Íslandi, er geta reynst hættuleg almennu siðgæði í landinu og íslensku þjóðerni og valdið alvarlegum vandræðum í sambúð landsmanna og setuliðsins. Þessi vandkvæði eru fólgin í skiptum íslenskra kvenna við setuliðsmenn.⁵⁶

Í greinargerðinni kom fram að sambúðin hefði gengið vel fyrir sig. Hermennirnir blönduðu hins vegar geði við Íslendinga í meiri mæli en áður og væri það orðið vandamál. Fjölmargir hermenn væru daglegir gestir á íslenskum heimilum. Þetta hefði mikla hættu í för með sér en það hefði komið fyrir að giftar konur ryfu hjúskap og ógiftar konur eignuðust börn hermanna. Mikill fjöldi þeirra kvenna sem umgengust setuliðið væru naumlega komnar af barnsaldri og gífurlegur fjöldi kvenna virtist „hafa óhæfileg mök við setuliðsmenn og jafnvel gera sér saurlífnað (prostitution) að atvinnu“. Stór hópur þeirra sem leiddust út í óhófleg mök væru stúlkubörn frá 14 til 17 ára aldurs en það væru örlagaríkustu árin í mótun einstaklinga.

Í greinargerðinni sagði ennfremur að stúlka sem leiddist út í slíkt lausungarlíf væri að kalla yfir sig háskaleg örlög og í flestum tilvikum væri hún „glötuð þjóðarheildinni sem nýtur einstaklingur“. Slíkt tjón væri svo fámennri þjóð tilfinnanlegra og hættulegra en ef um fjölmenna þjóð væri að ræða. Á Íslandi skipti hver einasti einstaklingur máli fyrir heildina.

⁵⁵ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri II*, bls. 145 – 150.

⁵⁶ Þ.Í. Forsætisráðuneytið, Ý-1, Ýmislegt. 1940 – 1944. 1989 B/464. Ýmislegt, Ý-1-I. Feb. 1940 – Jan. 1943. Bréf þetta er ekki auðkennt með dagsetningu né undirskrift. Einungis er sagt að að ríkisstjórnin sendi yfirstjórn breska setuliðsins hér með útdrátt úr greinargerð og tillögum „ástandsnefndarinnar“. Útdráttur þessi er skrifaður á íslensku og má ætla að hér sé um frumrit að ræða.

Nefndarmenn tóku þó skýrt fram í greinargerðinni að ekki væri að sakast við setuliðsmennina sjálfa, þeir væru nú einu sinni karlmenn með eðlislægar hvatir. Þetta kristallaðist í einni tillögu nefndarinnar en þar lagði hún til að skoðað yrði hvort ekki væri hægt að óska eftir því að setuliðið flytti inn konur til að fullnægja kynþörf hermanna. Sama hugmynd leit dagsins ljós í *Nýja Dagblaðinu*, málgagni sósíalista, eftir útgáfu skýrslunnar. Þar kom fram að hermenn yrðu að hafa „aðstöðu til að svala eðlisþörfum sínum“ og það ætti að koma í hlut herstjórnarinnar að sjá til þess að þeir fengju hvötum sínum uppfyllt en ekki á kostnað íslensku þjóðarinnar.⁵⁷

Nefndarmenn lögðu einnig til í greinargerðinni að ríkisstjórnin tilkynnti bresku setuliðsstjórninni að hún hefði tekið þá ákvörðun að stúlkubörn innan 18 ára aldurs mættu engin persónuleg samskipti eiga við hermenn. Gera yrði setuliðsmönnum ljóst að þeim væri nú bannað að umgangast og eiga persónuleg samskipti við íslenskar stúlkur undir 18 ára aldri. Ríkisstjórnin ætti einnig að koma því til leiðar að breska setuliðið myndi hætta að auglýsa eftir stúlkum til að sækja dansleiki í herbúðum. Þá var lagt til að stúlkum yngri en 18 ára yrði ekki heimilt að sækja kvikmyndasýningar á vegum setuliðsins. Stakk nefndin upp á því að sérstakar kvikmyndasýningar yrðu haldnar fyrir börn og unglunga innan 18 ára aldurs og yrðu þær notaðar til að efla uppeldisstarfsemi í landinu. Lögðu nefndarmenn einnig til að stofnaðir yrðu hollir skemmtistaðir en það hefði komið í ljós að mikilvæg ástæða þess að margir unglingar tækju hliðarspor væri af „afvegaleiddri skemmtanáþrá“. Skemmtistaðirnir ættu að vera einungis fyrir íslenska æsku. Rjúfa þyrfti samskiptin milli hermanna og þjóðarinnar, sér í lagi ungra stúlkna.⁵⁸

Nefndin rakti hegðun ástandsstúlkna til þverbresta í þjóðaruppeldinu. Samkvæmt greinargerðinni var stærstur hluti kvenna á glapastigum frá vandræðaheimilum og hefðu þær velflestar ekki hlotið viðeigandi uppeldi „til þess að vita fóta sinna forráð“. Íslensk heimilismenning hefði beðið mikla hnekki í þeim hröðu samfélagsbreytingum sem þjóðfélagið hafði orðið fyrir á fyrstu áratugum aldarinnar. Gömlu heimilin sem hefðu varðveitt og skapað hollar venjur væru á undanhaldi en það leiddi til þess að „ógurlegur fjöldi menningarlegra heimilisleysingja“ kæmi fram. Nefndarmenn héldu því fram að í Reykjavík væru þúsundir manna sem ekki byggju við hæfileg uppeldiskjör. Jafnframt kvörtuðu þeir yfir því að ekki höfðu verið settar á laggirnar uppeldisstofnanir til að bregðast

⁵⁷ „Ástandið í „ástandinu“. Herstjórnin verður að sjá hermönnum sínum fyrir öllum nauðsynjum“, *Nýtt Dagblað* 29. ágúst 1941, bls. 3. Sjá einnig í bók Bjarna Guðmarssonar og Hrafns Jökulssonar, *Ástandið*, bls. 165.

⁵⁸ Þ.Í. Forsætisráðuneytið, Ý-1, Ýmislegt. 1940 – 1944. 1989 B/464. Ýmislegt, Ý-1-I. Feb. 1940 – Jan. 1943. Greinargerð ástandsnefndarinnar.

við vandanum. Það yrði að koma í veg fyrir að unga fólkið yrði „siðferðislega vitsmunalegt og þjóðfélagslegt úrhak“.⁵⁹

Það var mikið þrástef í öllum skrifum nefndarinnar að hætta væri á því að unga kynslóðin skilaði ekki nýtum þjóðfélagsþegnum. Framtíð Íslands væri í húfi og yrði því meðal annars að beina ungum stúlkum inn á réttar brautir. Hjá þeim lægi ábyrgð á menningu þjóðarinnar og þess vegna væri umgengni íslenskra kvenna við hermenn talin mengandi.⁶⁰ Af skrifum málsmetandi manna sést að þeir töldu að ekki væri hægt að treysta kvenþjóðinni sjálfri til að halda erlendum áhrifum frá þjóðinni, hvort sem um var að ræða ungar stúlkur eða fulltíða konur. Ástandsumræðan stigmagnaðist hratt og líkt og ein af viðmælendum Herdísar Helgadóttur, sem kom fram undir dulnefninu Vala, rifjaði upp, orkuðu niðurstöður ástandsnefndarinnar vægast sagt tvímælis:

Þetta var fanatík og vitleysa. Allar stúlkur sem sáust tala við hermenn, þótt þeir væru kannski bara að spyrja þær til vegar ef einhver stoppaði og talaði við þá, voru bara „Bretamellur“. Þetta var svona strax. Það voru svo miklir hleypidómar að það var alveg hryllingur ... Það voru íslensku karlmennirnir sem létu svona. Þetta voru auðvitað hrútar, hryllilegir hrútar, eins og ég segi stundum, - með heilann í klofinu.⁶¹

Aðalheiður Hólm Spans, sem eignaðist hollenskan unnusta á stríðsárunum, notaði svipuð orð um ástandið í endurminningum sínum:

Strax og ljóst var að íslenskar stúlkur og hermennirnir voru að draga sig saman, rann eitthvert það versta ofstæki á íslenska karlmenn sem ég hef orðið vitni að. Nú braust út þjóðernishroki, afbrýðissemi og kvenfyrirlitning sem síðan var hrært í bragðvondan graut og kærustur hermannanna taldar landráðamenn.⁶²

Það er því nokkuð ljóst hvernig ástandsmálum var háttað þegar bandaríski herinn kom hingað til lands í júlí 1941. Hægt og bítandi viku „Bretamellur“ fyrir „Kanamellum“ í huga margra íslenskra karlmannna.

⁵⁹ Þ.Í. Forsætisráðuneytið, Ý-1, Ýmislegt. 1940 – 1944. 1989 B/464. Ýmislegt, Ý-1-I. Feb. 1940 – Jan. 1943. Greinargerð nefndarinnar er ekki auðkennd með dagsetningu en efst á fyrstu blaðsíðu í sviga stendur: Dr. Broddi o.fl. Greinargerðin hefst á þessum orðum: „Um leið og nefndin skilar af sér störfum þykir rétt að drepa örfáum orðum á aðalorsakir þeirra geigvænlegu staðreynd, er lögregluæftirlit Reykjavíkur hefir leitt í ljós í sambandi við skipti íslenskra kvenna af setuliðinu ... Á síðastliðnum áratugum hafa orðið þáttaskipti í menningar- og atvinnulífi okkar og ekki hefir tekizt sem skyldi, að fella til samræmis og flétta saman menningu og lífsskoðun liðna tímans og lífsháttu þá, er aukin tækni og ný viðhorf skapa.“

⁶⁰ Inga Dóra Björnsdóttir, „Public View and Private Voices“, bls. 100.

⁶¹ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 185 – 186.

⁶² Þorvaldur Kristinsson, *Veistu, ef þú vin átt*, bls. 121.

3 Bandaríski herinn

3.1 Hermenn Hollywood

Bandaríski herinn kom til Íslands 7. júlí 1941. Hann kom á öðrum forsendum en breski herinn. Bandaríkjaforseti bauð Íslendingum hvernd og ríkisstjórnin tók boði hans með ýmsum skilyrðum sem hann samþykkti með hverndarsamningnum svonefnda.

Bandaríska setuliðið byggðist að mestu leyti á Fimmtu fótgönguliðahersveitinni (The Fifth Infantry Division) og yfirmaður alls herliðsins var Charles H. Bonesteel hershöfðingi.⁶³ Þegar Bandaríkjaher kom til landsins bjuggu u.þ.b. 38 þúsund manns í Reykjavík, 20 þúsund konur og 18 þúsund karlmenn. Fólk á milli fermingaraldurs og tvítugs var 10% af heildarmannfjölda í Reykjavík og fjórðungur var á barnsaldri. Við lok heimsstyrjaldarinnar var fólksfjöldinn í bænum kominn í 47 þúsund manns, þar af voru 25 þúsund konur.⁶⁴ Mikil breyting varð á hlutfalli karla og kvenna í Reykjavík með komu breskra hermanna til landsins eins og áður hefur verið nefnt. Karlmenn urðu í einni svipan í miklum meirihluta og alls voru í breska herliðinu á Íslandi rösklega 30 þúsund manns 1941. Íslenskir karlmenn voru því ekki lengur „umsvermaðir“ stúlkum eins og Herdís Helgadóttir orðaði það.⁶⁵ Með komu Bandaríkjahers breyttist hlutfallið enn, karlönnum fjölgaði. Þá var ekki nóg með að íslenskir karlmenn þyrftu að etja kappi við bandaríska hermenn frá 1941. Mestur hluti breska landhersins sat hér sem fastast fram á árið 1942 og sjóliðið og flugliðið, allt til stríðsloka. Því getur stundum verið erfitt að greina þjóðerni hermanna í umfjöllun um ástandsmál. Árið 1943 voru um 50 þúsund manns í Bandamannaherjunum á Íslandi, þar af 39.300 Bandaríkjamenn, flestir í Reykjavík og nágrenni. Þá nálgadist tala hermanna hálfu íbúatölu Íslands.⁶⁶

⁶³ Þór Whitehead segir svo frá í, *Ísland í hers höndum*, bls. 113: „The Fifth Infantry Division ... taldi ásamt hjálparveitum um 24.000 menn. Sífelld fjölgaði í setuliðinu frá sumri 1942. Í júní 1943 töldu herir Bandamanna hér rösklega 50.000 menn, en þar af voru um 39.300 menn í bandaríska land- og flughernum. Nálgadist fjöldi verndaranna þá hálfu íbúatölu Íslands ... Sumarið 1943 sýndist innrásarógnin liðin hjá og Bandaríkjamenn hófu að flytja megnið af setuliðinu til Bretlands ... Í september 1944 sátu eftir á Íslandi um 8.555 bandarískir setuliðsmenn ...“

⁶⁴ Eggert Þór Bernharðsson, „Blórabögglar og olnbogabörn, „Ástandskonur“ og aðrar konur í Reykjavík í seinna stríði“, *Sagnir* 1996, bls. 12.

⁶⁵ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 181.

⁶⁶ Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, bls. 113.

Töluverður munur var á setuliðunum tveimur. Bandaríkjamenn voru margir mun frjálsligri í framkomu en Bretar. Mikil stéttaskipting var í breska hernum. Þeir sem voru lágt settir bjuggu við léleg kjör, borðuðu vandan mat og voru í alla staði illa búnir. Erfiðara var fyrir Íslendinga að átta sig á hver væri yfirmaður og hver undirmaður í bandaríska hernum. Allur útbúnaður var betri hjá hermönnum Bandaríkjanna en þeir komu frá landi sem ekki hafði verið þjakað af stríðsrekstri og bauð upp á betri lífskjör en Bretland.⁶⁷ Báru Bandaríkjamenn það með sér í útliti og einkennisbúningar þeirra þóttu mun glæsilegri og stílhreinni en pokalegir búningar Breta. Auk þess höfðu þeir meira fé handa á milli því laun Bandaríkjamanna voru miklu hærri.⁶⁸ María Hildur Guðmundsdóttir sagði svo frá muninum á hermönnum í bók Herdísar Helgadóttur:

Það var svo mikill munur á Bretunum og Ameríkönunum. Bretarnir voru svo ungir strákar, þeir voru, greyin, alltaf að gefa okkur súkkulaði, appelsínur og epli ... Ameríkanarnir voru eldri og þroskaðri, litu betur út og skiptu sér minna af okkur. Ekki var jafn sjáanlegur munur á yfir- og undirmönnum hjá þeim og Bretunum.⁶⁹

Bandarískir hermenn voru ekki einungis glæsilegri en þeir bresku, þeir voru líka tæknivæddari. Bandaríska setuliðið hafði meðferðis þvottavélar fyrir hermenn sína og batt það enda á „Bretaþvottinn“ ógurlega.⁷⁰ Vafasamt er þó hvort ástandið hafi minnkað við það að hingað bárust rafknúnar þvottavélar á vegum hersins.

Í bók Hrafns Jökulssonar og Bjarna Guðmarssonar, *Ástandið*, rifjar kona nokkur upp reynslu sína frá hernámsárunum. Að hennar mati breyttist mikið þegar bandaríska setuliðið kom hingað til lands. Bandarísku hermennirnir litu út fyrir að vera „klíptir út úr Hollywoodmyndunum; í fallegu einkennisbúningum með gylltum hnöppum og áttu nóg af pening“.⁷¹ Margt nýtt fylgdi bandaríska setuliðinu en það kynnti til dæmis ný tilbrigði af djassi fyrir landsmönnum. Djassinn átti eftir að hafa svo mikil áhrif á íslenska dægurtónlist að mörgum íhaldssömum borgurum þótti nóg um. Hermennirnir báru með sér „spennu og rómantik Hollywood og fyrirheit um allsnægtir Nýja heimsins“.⁷² Á meðan djassinn dunaði réðu bandarískar bíómyndir

⁶⁷ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 201 – 204.

⁶⁸ Tómas Þór Tómasson, *Heimsstyrjaldarárin á Íslandi 1939 – 1945 II* (Reykjavík 1984), bls. 49 – 50.

⁶⁹ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 132.

⁷⁰ Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, bls. 117.

⁷¹ Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið*, bls. 285.

⁷² Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, bls. 164 – 165.

lögum og lofum í íslenskum kvikmyndahúsum með myndum á borð við *Á hverfandi hveli* og *Fantasú*.⁷³

Vissulega voru nýju setuliðsmennirnir spennandi, ekki aðeins í augum kvenna heldur einnig íslenskra karlanna og Breta. Íslenskar konur létu þau orð falla um Bandaríkjamenn að þeir væru töluvert kurteisari í garð kvenna en íslenskir kynbræður þeirra. Hermennirnir sýndu þeim mun meiri virðingu en þær væru vanar af hálfu landa sinna. Þeir opnuðu hurðar fyrir þær, byðu þeim til sætis og létu þær ganga fjær gangstéttarbrúnni. Íslenskir karlar væru ruddalegri við konur og tækju þeim sem sjálfsgöðum hlut. Bandaríkjamenn væru líka ekki jafn „tilfinningalega bældir“ og þeir íslensku.⁷⁴ Bandaríkjamönnum virtist líka sem konur væru hér mun lægra settar í þjóðfélaginu en karlar. Umgengni innfæddra karlanna við þær væri bágborin. Bertel E. Kuniholm ræðismaður Bandaríkjanna í Reykjavík taldi raunar að íslenska konur hefðu stöðu „ambátta“ í samfélaginu.⁷⁵

Hins vegar létu hermenn í ljós það álit að almennt væri erfitt að kynnast fullorðnum Íslendingum. Þeim væri sýnd „óvinsemd og kuldi“ af landsmönnum, konum og körlum. Meirihluti þeirra eyddi tíma sínum hér á landi í herbúðunum. Það orð fór af Íslendingum að þeir væru góðir með sig.⁷⁶ Auðvitað er erfitt að alhæfa um samskipti hers og þjóðar. Þó að sumir hermenn hafi upplifað Íslendinga sem lokaða og dónalega kynntust aðrir landsmönnum persónulega og stofnuðu til vinasambanda. Louis E. Marshall virðist hafa verið í þessum hópi en hann rifjaði upp endurminningar sínar mörgum árum eftir hersetuna. Marshall kvaðst hafa eignast hér marga góða vini og kvaðst hafa orðið ástfanginn af íslenskri konu sem ól honum barn.

Að sögn Marshalls voru sambönd sem hermenn stofnuðu til við landsmenn af margvíslegum toga. Sjálfur stundaði hann klúbbinn í Trípolí-kampi sem var vinsæll samkomustaður og hann lýsir svo:

Því fór fjarri að Klúbburinn í Trípolí væri eitthvert spillingarbæli þar sem engir Íslendingar komu nema lauslátt kvenfólk. Slíkar raddir heyrðust og

⁷³ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 167.

⁷⁴ Inga Dóra Björnsdóttir, „Íslenskar konur og bandarískir hermenn“, *Lesbók Morgunblaðsins* 17. mars 1984, bls. 4 – 5. Sjá ennfremur í bók Herdísar Helgadóttur, *Úr fjötrum*, bls. 183: „Konurnar sem ég ræddi við telja margar að hersetan hafi kennt íslenskum karlmönnum mannsiði. Einangrun landsins og ríkjandi viðhorf samfélagsins til kvenna ... og hin sjálfsagða óæðri staða þeirra hafði leitt til þess að einræði karlanna/feðraveldið var allsráðandi. Margir karlmenn litu á sjálfa sig og hegðun sína sem yfir alla gagnrýni hafna og sýndu konum fyrirlitningu og hroka“.

⁷⁵ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 193 – 195.

⁷⁶ Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, bls. 143.

við hermennirnir urðum þess varir að nokkuð var um hleypidóma í garð þeirra Íslendinga sem umgengust okkur, einkum og sér í lagi kvenna sem ýmsir úr okkar hópi stofnuðu til náinna kynna og jafnvel ástarsambandi við.

Það fór fyrir brjóstið á hermönnum hvernig talað var um þessi samskipti en þeim var umhugað um orðstír sinn. Þeir vildu samkvæmt frásögn Marshalls umfram allt koma vel fram.⁷⁷ Þrátt fyrir stór orð Marshalls eru heimildir um að hann hafi komið lágkúrulega fram við barnsmóður sína sem hann sleit sambandi sínu við eftir að hann fór af landi brott en hann átti eiginkonu heima í Bandaríkjunum.⁷⁸

Hvað sem framkomu Marshalls líður er ljóst að samskipti landsmanna og setuliðsins voru af margvíslegum toga. Sumir eignuðust vini og stofnuðu til misvelheppnaðra ástarsambanda en yfirgnæfandi meirihluti virðist hafa haldið sig innan veggja herbúða í frítíma sínum og haft lítil eða engin raunveruleg samskipti við landsmenn. Þó að kynnin væru misjafnlega mikil, var hversdagsleg umgengni setuliðsmanna og þjóðarinnar engu að síður mikil.

3.2 Sambúðin

Því miður var sambúð Íslendinga og bandarískra hermanna um sumt slæm einkum á fyrstu árum hverndarinnar. Það sló oftast í brýnu á milli landsmanna og bandarískra hermanna en tíðkast hafði áður þegar Bretar sátu hér einir. Bandaríkjamenn höfðu óneitanlega meiri tilhneigingu til að beita ofbeldi og grípa til vopna en Bretar. Hvers kyns afbrotum hermanna fjölgaði raunar töluvert eftir að bandaríski herinn kom hingað til lands.⁷⁹ Þann 13. apríl 1942 var íslenska ríkisstjórnin búin að fá sig fullsadda á því ástandi sem ríkti og afhenti bandarísku herstjórninni skrá sakadómans í Reykjavík yfir ofbeldisverk og óspektir hermanna ásamt ítarlegu bréfi um þróun mála. Í bréfinu kom meðal annars fram:

ofbeldisverk og óspektir amerískra hermanna á almannafæri, vegum og veitingastöðum, eru svo tíð, að óviðunandi er. Ég [Hermann Jónasson forsætis- og dómsmálaráðherra] sendi hér með skrá sakadómara í Reykjavík um ofbeldisverk og óspektir amerískra hermanna frá 26. júlí – 26. september 1941, og skrá um sama efni frá 20. september – 31. desember s.l.. Ennfremur skrá um sama efni frá 1. janúar – 18. marz 1942.

⁷⁷ Louis E. Marshall, *Hernámið hin hliðin*, Áslaug Ragnars bjó til prentunar (Reykjavík 1990), bls. 79.

⁷⁸ Frásögn Þórs Whitehead, sem fékk upplýsingar um málið í dagbók Thors Thors sendiherra í Washington.

⁷⁹ Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið*, bls. 156.

Fyrsta skráin greinir frá 22 kærnum vegna árásar og meiðinga, önnur 72 og hin þriðja 42, og sjá allir að slíkt er öllu óviðunandi.⁸⁰

Umkvörtunarefni í garð bandaríska setuliðsins voru þannig alls 136 talsins. Jónatan Hallvarðsson sakadómari í Reykjavík taldi hins vegar líklegt að ekki væru allar misfellur kærðar til yfirvalda og hér væri því ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Sakadómariinn hafði þann 29. september árið áður, 1941, sent bréf til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins en þar stóð meðal annars:

Ofbeldisverknaðir amerískra hermanna bæði gagnvart bifreiðastjórum og gagnvart fólki sem verið hefir á ferli á almannafæri, [gerast] tíðir og stórkostlega alvarlegir. Í sumum hinna alvarlegri tilfella verður ekki annað ráðið en hinir amerísku hermenn fremji árásir sínar í algjöru tilgangsleysi og einungis sér til gamans ... ég tel að nú sem stendur sé af þessum ástæðum ekki hægt að líta svo á, að götur borgarinnar og vegir nágrennisins séu öruggir vegfarendum eftir að skyggja fer.⁸¹

Sakadómariinn sendi síðan dómsmálaráðuneytinu þann 28. október 1942 nýja skrá yfir kærur og kvartanir fyrir tímabilið 16. júlí til 15. október 1942. Þar var 91 kvörtun á hendur bandaríska setuliðinu, af þeim voru 5 sem tengdust hermönnum, íslenskum konum og kynlífi. Einnig voru lagðar fram sams konar skrár yfir 42 mál fyrir tímabilið frá 16. apríl til 31. maí sama ár, engin þeirra tengdist hermönnum og konum. Þá var enn lögð skrá fyrir skeiðið frá 1. júní til 15. október 1942, þar voru 46 mál talin upp og af þeim 12 um stúlkur og kynlíf.⁸²

Í skrá sakadómans, sem bandaríska setuliðið fékk afhent, var á mörgu að taka, þar á meðal ýmsar smávægilegar kvartanir vegna almennrar umgengni. Til dæmis kvörtuðu leigubílstjórar oft yfir því að hermenn hefðu stungið af án þess að borga fyrir far.⁸³ Önnur og stærri mál voru til að mynda nauðgarnir, auk líkams- og skotárása af hálfu hermanna. Bandarískir setuliðsmenn urðu þremur Íslendingum að bana á styrjaldarárunum þar á meðal 12 ára gömlum dreng.⁸⁴ Það kom síðar í ljós að viðkomandi hermaður var ekki heill á geði og var hann sendur úr landi.⁸⁵

⁸⁰ Þ.Í. Forsætisráðuneytið, ý-1, ýmislegt. 1940 – 1944. 1989 B/464. Ýmislegt Ý-1-I. Feb. 1940 – jan. 1943. Skjal þetta er stimplað af forsætisráðuneytinu og er dagsett 13. apríl 1942.

⁸¹ Þ.Í. Stjórnarráð Íslands, I. Skrifstofa. Db. 16, br. 813-876-925. B/696. Db. 16, nr. 282.

⁸² Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (1. 1942 – 1942 Bandaríska setuliðið), 2002-B/345, Mappa 1.

⁸³ Sjá m.a. í Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri I*, bls. 241. Annáll 1943.

⁸⁴ Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, bls. 143.

⁸⁵ Tómas Þór Tómasson, *Heimsstyrjaldarárin á Íslandi 1939 – 1945 II*, bls. 57.

Þegar Hermann Jónasson lagði fram hinar fjölmörgu kvartanir Íslendinga við bandarísku setuliðsstjórnina minnti hann á það skilyrði ríkisstjórnarinnar fyrir hverndinni, að hingað yrði einungis sent úrvalsið. Bonesteel hershöfðingi svaraði Hermanni en hann var þeirrar skoðunar að það væri ekki hlutverk Íslendinga að ákveða hvaða hermenn kæmu hingað til lands. Einnig taldi hann að Íslendingar ættu að líta í eigin barm, tvær hliðar væru á öllum málum, þó að herinn vildi leggja sig fram um að leysa vandamálin.⁸⁶

Vissulega hafa Íslendingar átt sinn þátt í þeim vandræðum sem upp komu í sambúðinni við herinn. Meira bar hins vegar á ofbeldi, eins og fyrr segir, eftir að Bandaríkjaher kom hingað til lands. Kvartanir íslenskra ráðamanna um framferði bandarískra hermanna sýnast því hafa verið vel réttlætanlegar. Blaðskrif um herinn, sér í lagi á tímabilinu júlí 1941 til desember 1942, báru þess líka merki að sambúðin gengi brösulega á þessu upphafsskeiði bandarískrar hverndar.⁸⁷

Konur fengu að finna fyrir þessari þróun en tilefnislausum árásum á kvenfólk á götum úti fjölgaði mjög eftir komu Bandaríkjahers. Í annálum Gunnars M. Magnúss kemur meðal annars fram eftirfarandi:

6. mars 1942. Um þessar mundir voru alltíðar ... árásir hermanna á karla og konur.

10. júlí 1942. Hermenn veittust alloft að stúlkum á götum úti um þessar mundir og börðu sumar eða léku grátt á annan hátt. Bretar og Bandaríkjamenn áttu stundum í illdeilum út af kvennamálum.

Í september 1942. Árásir á vegfarendur, einkum konur, er kvölda tók. Voru það einkum setuliðsmenn, er árásirnar gerðu.

Í febrúar 1943. Enn voru allmikil brögð að árásum hermanna á fólk. Veittust þeir að konum ...

31. júlí 1943. Hermaður réðst að konu á sjötugsaldri, er var að fara milli húsa í Reykjavík. Hermaðurinn hratt konunni niður í hitaveituskurð og misþyrmdi henni þar, reif klæði hennar og marði hana og meiddi.

Í ágúst 1944. Hermaður réðst á stúlku, hún náði að sleppa.⁸⁸

Aðalheiður Hólm Spans rifjar upp fyrsta og versta tímabil sambúðarinnar í endurminningum sínum: „Nú fór ég ekki ferða minna um bæinn á kvöldin nema hafa með mér regnhlíf fyrir barefli ef slægi í brýnu. Nauðganir í húsasundum urðu hluti af

⁸⁶ Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið*, bls. 242.

⁸⁷ Sjá m.a. „Ofbeldi amerískra hermanna“ *Morgunblaðið* 25. febrúar 1942, „Hermenn ráðast á Íslending“ *Vísir* 28. september 1942, „Fjórir hermenn dæmdir fyrir dráp þriggja Íslendinga“ *Vísir* 28. ágúst 1942.

⁸⁸ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri I*, bls. 226 – 267.

lífinu í Reykjavík.⁸⁹ Það má segja að Aðalheiður tiki heldur djúpt í árinna með þessum orðum sínum en í annálum Gunnars M. Magnúss er þó getið um 12 ofbeldisverk gegn konum á árunum 1941 – 1944.

Í dagblöðunum var hins vegar aðeins skýrt einu sinni frá nauðgun, þegar fjórir hermenn nauðguðu konu sem var í berjamó með eiginmanni sínum. Maðurinn varð vitni að atburðinum og gengu hermennirnir í skrokk á honum. Atvikið átti sér stað 31. ágúst 1941 og vakti skiljanlega mikinn hrylling bæjarbúa. Ofbeldismennirnir voru allir handteknir og dæmdir af herrétti í 10 – 20 ára fangelsi en einn hlaut lífstíðarfangelsi fyrir verknaðinn.⁹⁰ Vert er þó að taka fram að ekki er hægt að ætla að allar nauðganir og önnur ofbeldisverk hafi verið kærð til lögreglu. Þannig mætti álykta að ýmis slík mál hafi aldrei spurst út og því erfitt að átta sig á tíðni árása á konur á stríðsárunum.

Ekki má þó skilja þessa frásögn svo að varla hafi gengið á öðru en illindum á milli bandaríska setuliðsins og íslensku þjóðarinnar. Ótal dæmi væri hægt að nefna um vinsamleg samskipti. Alls gengu nærri 400 íslenskar konur í hjónaband með hermönnum þar af giftist um helmingurinn bandarískum hermönnum. Þó höfðu bandarísk hernaðaryfirvöld bannað mönnum að kvænast íslenskum konum frá 1942 – 1944. Var bann þetta sett vegna andúðar margra Íslendinga á slíkum hjónaböndum og neikvæðrar afstöðu stjórnvalda. Bandarískum yfirvöldum var mikið í mun að halda góðri sambúð við landsmenn og hjónabandsbannið var einn liður í þeirri viðleitni. Gera má ráð fyrir að flestar þær stúlkur, sem giftust hermönnum, hafi verið á aldrinum 18 til 34 ára. Ef þetta var raunin voru þær einungis um 2,5% af heildarfjölda íslenskra stúlkna í þessum aldursflokki.⁹¹ Er því greinilegt að áhyggjur ástandsnefndarinnar og annarra málsmetandi manna (sjá 2. kafla) af útrýmingu íslenska kynstofnsins vegna fjöldabrottflytninga kvenna úr landi hafi verið tilefnislausar.

Engu að síður er ljóst að mikil spenna ríkti á fyrstu árum bandarísku hverndarinnar á milli nokkurs fjölda Íslendinga og setuliðsins. Sem dæmi má nefna að Bonesteel hershöfðingi bjó til svipaðan kvörtunarlista á hendur Íslendingum eftir

⁸⁹ Þorvaldur Kristinsson, *Veistu, ef þú vin átt*, bls. 118.

⁹⁰ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri I*, bls. 219 og 221. Einnig: „Svívirðilegur glæpur amerískra hermanna. Ofbeldisverk framið á hjónum sem voru í berjamó“, *Morgunblaðið* 4. september 1941. „Tilkynning Sakadómar“, *Alþýðublaðið* 3. september 1941. „Ameríkuhermennirnir fjórir leiddir fyrir herrjett“, *Morgunblaðið* 9. september 1941.

⁹¹ Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, bls. 168.

að Hermann Jónasson afhenti honum áðurnefnda skrá sakadómarans. En setuliðsstjórnin tók umkvartanir Íslendinga þó alvarlega og herti agann í liðinu til muna eftir viðræður við forsætis- og dómsmálaráðherra.⁹² Jafnframt efldi setuliðsstjórnin mjög félagslíf hermanna og byggði upp margvíslega aðstöðu fyrir þá til skemmtana, tómstundaiðu og íþróttu. Samkvæmt bandarískum heimildum stóð hermönnum slíkt lítt til boða af hálfu Íslendinga. Til að mynda voru einungis tvö kvikmyndahús í Reykjavík en þau önnuðu varla eftirspurn eftir aðgöngumiðum fyrir hernám, hvað þá eftir að tugþúsundir hermanna settust að í bænum og þar í grennd. Hermenn þurftu því til að byrja með að finna leiðir til að skemmta sér sjálfir að mestu leyti.⁹³ Þetta leiddi oftast en ekki til ýmissa agavandamála eins og áðurnefndar skrár sakadómarara bera vott um.

Þegar frá leið reyndi bandaríski herinn einnig að kynna land og þjóð betur fyrir liðsmönnum sínum. Þá tók Háskóli Íslands að halda námskeið í íslenskri tungu fyrir hermenn. Bandaríkjamenn lögðu sig því meira fram um það en Bretar að auka skilning hermanna á íslensku þjóðinni.⁹⁴ Allt var þetta gert til að draga úr spennu á milli Íslendinga og setuliðsmanna og höfðu menn árangur sem erfiði. Bilið á milli gagnkvæms skilningarleysis var brúað og þegar fækka fór í hernum síðla árs 1943 batnaði sambúð hers og þjóðar enn.⁹⁵ Á meðan gripu stjórnvöld til aðgerða í ástandsmálum.

⁹² Tómas Þór Tómasson, *Heimsstyrjaldarárin á Íslandi 1939 – 1945 II*, bls. 57.

⁹³ Sjá m.a. John L. Zimmerman, *The First Marine Brigade (Provisional): Iceland 1941 – 1942*. [Washington]: U.S. Marine Corps, 1946.

⁹⁴ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 203.

⁹⁵ Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, bls. 143.

4 Aðgerðir stjórnvalda í ástandsmálum

4.1 Nefndir

Niðurstöður ástandsskýrslunnar 1941 vöktu gríðarlega athygli meðal almennings og voru viðbrögð blandin. Meðal annars var skipun nefndarinnar gagnrýnd en Sigríður Eiríksdóttir hjúkrunarkona, kunn fyrir forystu í samtökum kvenna, taldi einkennilegt að engin kona skyldi vera talin nægilega hæf til að eiga sæti í nefndinni. Þar sem konur hefðu öðlast jafnrétti á við karlmenn ættu þær að fá „tillögurétt í viðkvæmstu vandamálum kvenna“. Að mati Sigríðar hefðu karlmenn ekki nægilegan skilning á sálarlífi kvenna til að meta aðstæðurnar og leggja fram tillögur í ástandsmálum.⁹⁶

Stuttu síðar skipaði forsætis- og dómsmálaráðherra nýja nefnd, sem kalla mætti rýninefnd. Hún átti að fjalla um frumvarp til viðauka við barnaverndarlögin sem ástandsnefndin hafði lagt til að yrði að lögum. Hermann skipaði Sigríði Eiríksdóttur í nýju nefndina ásamt tveimur öðrum landskunnnum kvenskörungum, Guðrúnu Pétursdóttur og Aðalbjörgu Sigurðardóttur. Fulltrúi barnaverndarnefndar var dr. Símon Jóhann Ágústsson, síðar prófessor í heimspeki.⁹⁷

Þann 15. september 1941 skilaði nefndin athugasemdum í 7 liðum við áðurnefnt frumvarp. Fyrsta grein frumvarps ástandsnefndarinnar var mjög kynbundin en þar sagði orðrétt: „Íslenskum stúlkum yngri en 18 ára, er bannað allt persónulegt samneyti (samblendi) við erlenda setuliðsmenn, er dvelja hér í landinu ...“⁹⁸ Rýninefndin lagði til þá breytingu að greinin tæki til unglínga innan 18 ára aldurs en ekki einungis stúlkna. Aftur á móti lagði hún einnig til að stúlkum yngri en 18 ára yrði bannað að „gegna störfum í búðum, veitingastofum, þvottahúsum og við önnur vinnufyrirtæki þar sem setuliðsmenn venja komur sínar ... enda geti störf þeirra leitt til persónulegra kynna við setuliðsmenn“. Ekki skipti máli hvort téð fyrirtæki væru eign ættingja. Í stað þess að leggja blátt bann við öllu samneyti við hermenn var lagt til að stúlkum yrði bannað að sjást í fylgd með þeim nema foreldrar eða forráðamenn

⁹⁶ Sigríður Eiríksdóttir, „Konur og „velferðarnefndin“, *Morgunblaðið* 3. september 1941, bls. 4.

⁹⁷ Bára Baldursdóttir, „Þær myndu fagnar skifta um þjóðerni“ Ríkisafskipti af samböndum unglingsstúlkna og setuliðsmanna.“, *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, ritsjórar: Anna Agnarsdóttir o.fl., Kvennasögusafn Íslands (Reykjavík 2001), bls. 311.

⁹⁸ Þ.Í. Forsætisráðuneytið, ý-1, ýmislegt. 1940 – 1944. 1989. B/464, Ýmislegt, Ý-1-I. Feb. 1940 – jan. 1943. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 43, 23. júní 1932, um barnavernd. Frumvarpið var skrifað af „ástandsnefndinni.“

þeirra væru með í för.⁹⁹ Nefnd, skipuð þremur konum og einum karlmanni, var því augljóslega mun umburðarlyndari í garð stúlkna en ástandsnefndin, þó að báðar væru nefndirnar sammála ríkjandi viðhorfum um að stúlkur væru „berskjaldaðari gagnvart hernum“ en drengir.¹⁰⁰

Íslenskum stjórnvöldum virðist ekki hafa dugað að skipa nefndirnar tvær, ástandsnefndina og rýninefndina, því í skjölum Þjóðaskjalasafn Íslands hafa fundist heimildir um þrjár aðrar nefndir sem Þjóðstjórnin setti á laggirnar. Nefndirnar áttu allar að finna lausnir á ástandsvandanum. Fyrsta nefndin var stofnuð í október 1941 og fékk hún það hlutverk að ræða „ýmis þjóðernismál og mál varðandi sambúð landsmanna og erlenda setuliðsmanna“. Sigurgeir Sigurðsson biskup yfir Íslandi og Vilhjálmur Þ. Gíslason, skólastjóri Verslunarskólans og síðar útvarpsstjóri, áttu meðal annarra sæti í nefndinni. Því miður hafa ekki fundist gögn sem greina frá því hverjir skipuðu nefndina að öðru leyti. Verður þessi nefnd héðan í frá kölluð „biskupsnefndin“ til aðgreiningar frá öðrum nefndum.¹⁰¹

Eitt af hlutverkum biskupsnefndarinnar var að tilnefna þrjá Íslendinga til setu í tveimur samráðnefndum, eina með fulltrúum frá breska setuliðinu og hina með með fulltrúum bandaríska setuliðsins. Hlutverk þessara nefnda var að semja reglur um umgengni á milli Íslendinga og hermanna. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar í þessum samráðsnefndum voru Jónas Jónsson, alþingismaður og formaður Framsóknarflokksins, Agnar Kofoed-Hansen lögreglustjóri og Vilhjálmur Þ. Gíslason. Svo virðist sem Agnar hafi ekki tekið sæti í nefndinni en við því tók Sigfús Halldórs

⁹⁹ Þ.Í. Forsætisráðuneytið, Ý-1, Ýmislegt. 1940 – 1944. B/464, Ýmislegt, Ý-1-I. Feb. 1940 – jan. 1943. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 43, 23. júní 1932, um barnavernd. Einnig: Athugasemdir nefndar um viðaukann, undirritað 15. september 1941 af öllum meðlimum nefndarinnar. Í fyrstu athugasemd kemur m.a. fram: „Teljum ekki fært að mæla með því, að frumvarp „velferðarnefndar“ verði samþykkt óbreytt, hvorki að efni né orðalagi. Frv. „velferðarnefndar“ þarf að endursefja og samræma það barnaverndarlögunum □ Er því nauðsynlegt að frá undireins hæfan mann □ til þess að semja frumvarpið. Hefði hann svo samvinnu við ýmsa aðila □,“

¹⁰⁰ Bára Baldursdóttir, „Þær myndu fagnar skifta um þjóðerni“, bls. 312.

¹⁰¹ Þ.Í. Stjórnarráð Íslands, I Skrifstofa. Siðferðisleg vandamál 2286/1942. Db. 16, nr. 331. Bréf sent frá nefndinni til ríkisstjórnar Íslands þann 9. febrúar 1942. Sigurgeir og Vilhjálmur skrifuðu undir bréfið fyrir hönd nefndarinnar en ekki var getið hverjir aðrir ættu sæti í henni. Biskupsnefndin starfaði frá hausti 1941 fram á sumar 1942 og sendi á því tímabili ýmsar tillögur „sem hún hugði til bóta, til ríkisstjórnarinnar“. Þetta kemur fram í bréfi frá 11. júlí 1942 sem biskup sendi til ríkisstjórnarinnar. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. B/1040. B-Bréfasafn. Siðferðisleg vandamál '42 – '45. Nr. 01–845. B 1/1040. S. I Siðferðisleg vandamál.

rithöfundur frá Höfnum kunnur framsóknarmaður sem búið hafði í Kanada um skeið.¹⁰²

Þann 15. desember 1941 sendu íslensku fulltrúarnir þrír ríkisstjórninni bréf þar sem fram kom að Bretar væru búnir að skipa menn úr sínum röðum í samráðsnefndina sem kallaðist Anglo-Icelandic Morality Committee.¹⁰³ Bandaríkjamenn tilnefndu sinn mann í nefnd sem þeir kölluðu Joint Morals Committee í mars 1942 en fyrir valinu varð Clifton Lisle ofursti. Sú samráðsnefnd hélt fund þann 12. mars 1942.¹⁰⁴

Ekkert annað hefur fundist um þessar þrjár nefndir (þ.e. biskupsnefndina og samráðsnefndirnar tvær) og er því lítið hægt að álykta um störf þeirra. Ekki verður heldur séð hvort þær hafi komist að einhverjum sameiginlegum niðurstöðum. Það er hins vegar áhugavert við stofnun þeirra að ljóst er að íslensk stjórnvöld höfðu greinilega reynt að samræma stefnu sína í ástandsmálum við stefnu setuliðsstjórnanna tveggja. Það virðist hafa verið vilji allra þriggja aðila máls að vinna saman að úrbótum í ástandsmálum. Þrátt fyrir litla vitneskju um það sem fór á milli nefndarmanna er á nógu að taka um framvindu þessa máls af hálfu íslenskra stjórnvalda.

4.2 Eftirlit með ungmennum

Þegar rýnnefndin, sem í áttu sæti kvenskörungarnir þrír, hafði lokið störfum var frumvarpi um viðaukann við barnaverndarlögin, sem ástandsnefndin hafði lagt fram

¹⁰² Þ.Í. Stjórnarráð Íslands, I Skrifstofa. Siðferðisleg vandamál 2286/1942. Db. 16, nr. 331, örk 11. Bréf sent 2. febrúar 1942 frá nefndinni til ríkisstjórnar Íslands. Í bréfinu óskuðu þeir eftir leiðbeiningum um þá stefnu sem þeir ættu að taka sambúðarmálum og hvaða fundarstað ætti að velja. Nefndarmennirnir þrír undirrituðu bréfið. Sigfús Halldórs frá Höfnum var um tíma einn af ritsjórum tímaritsins *Dags* á Akureyri, sjá í *Fálkanum* 19. mars 1943, bls. 15. Sigfús Halldórs var ekki ókunnur þessum málum en hann hafði flutt tvo þætti í ríkisútvarpinu um ástandsmálin, 1. og 29. júlí 1941. Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 222.

¹⁰³ Þ.Í. Stjórnarráð Íslands, I Skrifstofa. Siðferðisleg vandamál 2286/1942. Db. 16, nr. 331, örk 11. Bréf sent 15. desember 1941 frá íslensku nefndinni til ríkisstjórnarinnar. Þar kemur fram að Bretar hafi skipað eftirtalda menn; Úr sjóhernum Commander Cummings, úr landhernum Major R.H. Auden og úr flughernum Ldr. Brown I.O.

¹⁰⁴ Þ.Í. Stjórnarráð Íslands, I Skrifstofa. Siðferðisleg vandamál 2286/1942. Db. 16, nr. 331, örk 11. Bréf sent 13. mars 1942 frá bandarískum hernaðaryfirvöldum til utanríkisráðuneytisins: „The Legation of the United States of America presents its compliments to the Ministry for Foreign Affairs and has the honor to acknowledge the receipt of the Ministry's note of March 9, 1942, requesting that an American representative be appointed to the Joint Morals Committee. General Bonesteel has informed the Legation that Colonel Clifton Lisle has been appointed to represent the American Forces on this committee and that Colonel Lisle attended the meeting on March 12, 1942. The Legation avails itself of this opportunity to extend again to the Ministry the assurances of its high consideration.“

breytt í samræmi við áður nefndar athugasemdir. Viðaukinn varð síðan að sér lögum, sem sett voru 9. desember 1941. Um bráðabirgðalög var að ræða þar sem Alþingi sat ekki að störfum vegna jóla leyfis.

Í nýju lögnum, sem báru heitið *Lög um eftirlit með ungmennum*, kom meðal annars fram að barnaverndar- og skólanefndir ættu að hafa eftirlit með ungmennum innan 20 ára aldurs með aðstoð löggæslumanna. Ef ungmenni yrðu uppvís að óæskilegri hegðun, svo sem lauslæti, drykkjuskap, slæpingshætti og öðru þvíumlíku, ætti að láta forráðamenn vita og veita ungmenninu áminningu. Ef það dygði ekki til, mætti beita „hæfilegum uppeldis- og öryggisráðstöfunum, til dæmis vistun ungmennis á góðu heimili, hæli eða skóla“. Lögin veittu ríkisstjórninni heimild til að setja á laggirnar stofnanir sem vistuðu slík ungmenni.

Lögin kváðu einnig á um að sérstakur dómstóll yrði stofnaður til að úrskurða í málum ungmenna sem ekki væri hægt að beina góðlátlega á beinu brautina. Í honum sæti héraðsdómari ásamt tveimur samdómendum. Úrskurðir ungmennadóms um vistun væru ótímabundnir en mættu þó ekki vera til lengri tíma en þriggja ára. Yrði því að taka mál upp á þriggja ára fresti og úrskurða aftur ef lengja ætti vistunartímamann. Einstaklingar gætu krafist nýs úrskurðar árlega en leyfilegt væri að áfrýja honum innan fjögurra vikna með leyfi frá dómsmálaráðuneytinu.¹⁰⁵ Þá væri ungmennum bannað að stunda vinnu á stöðum sem voru „skaðsamleg þroska og siðferði“ þeirra. Í síðustu grein laganna kom fram að þeir sem leiddu ungmenni á „siðferðislega glapastigu“ ættu að sæta refsingu.¹⁰⁶

Nú gátu stjórnvöld opnað stofnanir og sett á legg ýmis embætti til að sinna ástandsmálum. Í janúarlök 1942 var stofnað upptökuheimili í Sóttvarnarhúsinu í Reykjavík ásamt vinnuskóla á Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði.¹⁰⁷ Biðlað var til heilbrigðisráðherra um að Sóttvarnarhúsið yrði notað til að hýsa vandræðaunglinga, þangað til annað úrræði fyndist. Sóttvarnarnefnd tók málið til skoðunar á fundi sínum 5. janúar 1942. Nefndin gerði sér grein fyrir því að hún gæti í raun og veru ekki óhlýðnast fyrirmælum ráðuneytisins en lagðist þrátt fyrir það hart gegn þessari ráðstöfun. Sóttvarnarhúsið yrði að vera til taks ef til farsóttar kæmi og setja þyrfti

¹⁰⁵ Vert er að taka fram að eitt mál frá ungmennadómi kom til kasta hæstaréttar. Stúlka áfrýjar úrskurði um hælsvist. Sjá dóm hæstaréttar í máli nr. 110-1942.

¹⁰⁶ *Stjórnartíðindi* 1941, A – deild (Reykjavík 1941), bls. 280 – 282.

¹⁰⁷ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri* II, bls. 157 – 158.

einstaklinga í sóttkví. Að mati nefndarinnar voru meiri líkur á farsóttum á ófriðartímum.¹⁰⁸

Þrátt fyrir mótmæli sóttvarnarnefndar var húsið tekið í notkun í apríl 1942 en fljótlega kom í ljós að það hentaði illa fyrir starfsemina. Húsið skiptist í tvær stórar sjúkrastofur sem þóttu óhentugar þegar samtímis þyrfti að hýsa „lauslátar telpur, erfiða og óstýrláta drengi og lítil börn“. Girðingin í kringum húsið var gömul og kom fyrir að dvalargestir brytu glugga og hlypu á brott.

Í mars sama ár var Ingimar Jóhannesson kennari ráðinn til að gegna hlutverki fulltrúa barnaverndarnefndar Reykjavíkur og stofnsetja upptökuheimili í Reykjavík og Vinnuskólann á Kleppjárnsreykjum.¹⁰⁹ Ungmennaeftirlitið var einnig stofnað í mars 1942 og var fyrstu lögreglukonu Íslands, Jóhönnu Knudsen falin yfirumsjón eftirlitsins. Ungmennaeftirlitið átti að starfa samhliða ungmennadómi og barnaverndarnefnd.¹¹⁰ Þrátt fyrir að vinnuskólinn á Kleppjárnsreykjum væri stofnaður í janúar 1942 dróst á langinn að starfsemin hæfist. Stafaði það fyrst og fremst af því að gamli læknabústaðurinn, sem hýsti skólann, var í niðurníðslu og þarfnadist viðgerða áður en hægt væri að nota húsið. Tafir urðu á viðgerðum og olli það töluverðum vandræðum, sér í lagi vegna þess að ungmennadómur hóf að úrskurða ungar stúlkur til hælisvistar í apríl 1942 en vinnuskólinn á Kleppjárnsreykjum var ekki tilbúinn til að taka við gestum fyrr en 21. nóvember.

Forstöðukona þar var frk. Guðbjörg Árnadóttir en Ingimar Jóhannesson og dr. Símon Jóh. Ágússon, sem sat í rýninefndinni, sömdu starfsreglur heimilisins. Stjórn ríkisspítalanna var falið að sjá um fjárhagslega framkvæmdastjórn Sóttvarnarhússins og vinnuskólans á Kleppjárnsreykjum en undarlegt þótti að engin stjórn eða nefnd væri skipuð til þess að hafa yfirumsjón með starfseminni. Ingimar kom að luktum dyrum þegar hann leitaði samstarfs við stjórn ríkisspítalanna og skildi hann þá að það kæmi í hans hlut og forstöðufólksins á vinnuskólanum að ákveða hvað væri best að gera hverju sinni.¹¹¹

Á meðan læknisbústaðnum á Kleppjárnsreykjum var komið í ásættanlegt horf héldu nefndir ríkisstjórnarinnar áfram störfum. Þann 9. febrúar 1942 sendi biskupsnefndin frá sér fjórar tillögur um ástandsmálin:

¹⁰⁸ Þ.Í. Stjórnarráð Íslands, I Skrifstofa. Siðferðisleg vandamál 2286/1942. Db. 16, nr. 330. Úr greinagerð nefndarinnar frá 5. janúar 1942.

¹⁰⁹ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri II*, bls. 157

¹¹⁰ Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið*, bls. 195.

¹¹¹ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri II*, bls. 158 – 159.

1. að kvenlögreglan í Reykjavík verði nú þegar aukin um 2 – 3 stafsmenn.
2. að lögreglan verði nú þegar látin gera gangskör að því, að verja ungar stúlkur fyrir hættulegum umgengisáhrifum.
3. að nú þegar verði gerð gangskör að því, að koma lögum yfir þá menn, sem hafa milligöngu milli íslenskra kvenna og setuliðsmanna.
4. að gera nú þegar gangskör að því, að starfrækja umrætt hæli á Kleppjárnsreykjum fyrir stúlkur, sem ástæða þykir til að koma úr bænum.¹¹²

Biskupsnefndin talaði fyrir hertari og róttækari aðgerðum í ástandsmálum en þriðji liðurinn er mjög áhugaverður. Þar var lagt til að reynt yrði að handsama þá karlmenn sem stuðluðu að vændi en ekkert hafði borið á slíkum tillögum frá opinberum nefndum eða málsmetandi mönnum. Í bréfi frá biskupi 11. júlí 1942 kom fram að mikilvægt væri að nýju húsi yrði komið upp fyrir vandræðaungmenni í Reykjavík þá um sumarið. Sóttvarnarhúsið væri ónothæft til þessarar starfsemi en uppdráttur eftir Björn Rögnvaldsson húsasmíðameistara hafði verið sendur til Alþingis þá um veturinn.¹¹³ Ekkert varð þó úr þessum áformum. Húsnæðisskortur var ein helsta hindrun ástandsáðgerðanna. Stjórnvöld hófust handa strax haustið 1941 við að finna hentugt húsnæði en ekkert gekk.¹¹⁴ Sóttvarnarhúsið var því látið duga til og húsnæðið á Kleppjárnsreykjum var lagfært.

Þau lög, sem veittu heimild fyrir öllum þessum aðgerðum, voru bráðabirgðalög eins og áður hefur komið fram. Alþingi varð þess vegna að taka löggin til endurskoðunar og afgreiðslu þegar það kom saman á ný. Annars hefðu þau ekki öðlast fullt gildi. Fyrsta umræðan um bráðabirgðalögin átti sér stað í febrúar 1942.

¹¹² Þ.Í. Stjórnarráð Íslands, I Skrifstofa. Siðferðisleg vandamál 2286/1942. Db. 16, nr. 331. Sigurgeir Sigurðsson og Vilhjálmur Þ. Gíslason senda þetta bréf 9. febrúar 1942 til ríkisstjórnarinnar fyrir hönd nefndarinnar.

¹¹³ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. B/1040. B-Bréfasafn. Siðferðisleg vandamál '42 –'45. Nr. 01–845. B 1/1040. S. I Siðferðisleg vandamál. Sigurgeir Sigurðsson biskup til ríkisstjórnar Íslands, 11. júlí 1942.

¹¹⁴ Þ.Í. Forsætisráðuneytið, ý-1, ýmislegt. 1940 – 1944. B/464, Ýmislegt, Ý-1-I. Feb. 1940 – jan. 1943. Bréf sent þann 25. september 1941 frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til stórmeistara Oddfellowreglunnar. Bréfið er undirritað af H. J. Í bréfinu óskar ríkisstjórnin eftir því að fá húsnæði reglunnar við Silungapoll á leigu í því „skyni að koma þar fyrir börnum frá vandræðaheimilum hér í bænum“. Kemur fram að erfitt sé að finna hentugt húsnæði fyrir starfseminu. Ekki hefur fundist svar frá stórmeistarinum en svo mikið er víst að húsnæðið við Silungapoll var ekki nýtt undir slíka starfsemi fyrr en árið 1945. Meginhlutverk vistheimilisins við Silungapoll var að veita börnum, sem bjuggu við erfiðar heimilisaðstæður, skammtíamavistun. Börn gátu þó verið þar allt upp í nokkra mánuði, og í undantekningartilvikum, nokkur ár. Heimilið var starfrækt til 1971. Upplýsingar teknar af vefnum *Samtök vistheimilabarna*, brv.blog.is. Skoðað 15. janúar 2012.

Brynjólfur Bjarnason þingmaður Sósíalístaflokksins var sá eini sem talaði gegn lögunum. Að hans mati var ekki hægt að skapa siðgæði og menningu með lögregluaðgerðum. Hann taldi að betra væri að tryggja fleiri tækifæri til náms í framhaldsskólum og koma upp hollum skemmtistöðum fyrir æsku landsins. Sigurjón Á. Ólafsson, þingmaður Alþýðuflokksins og formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, taldi óhjákvæmilegt að samþykkja lögina vegna þess ástands sem ríkti í landinu. Hann mælti einnig með því að stofnuð yrði sterk siðferðislögregla til að betur væri hægt að fylgjast með afbrotum á því sviði, til dæmis vændi. Sigurjón hafði hins vegar áhyggjur af því að lögini myndu ekki ganga jafnt yfir alla, þ.e. að hinir efnaminni yrðu meira fyrir barðinu á þeim en hinir efnameiri.¹¹⁵

Áhyggjur Sigurjóns reyndust réttmætar því þær stúlkur sem ungmennadómur og ungmennaeftirlitið höfðu afskipti af voru í yfirgnæfandi meirihluta úr verkalýðsstétt enda þótt ljóst virðist að „ástandsstúlkur voru úr öllum þjóðfélagsstéttum“.¹¹⁶ Það virðist hafa verið reglan í ástandsmálum að konur úr efri lögum þjóðfélagsins fengu að vera í friði fyrir íslenskum yfirvöldum. Kona, sem átti vingott við hermenn, segir svo frá í bók Bjarna Guðmarssonar og Hrafns Jökulssonar, *Ástandið*: „Það var aldrei hróflað við finu frúnum. Þær voru ekki settar á lista eins og sakamenn.“ Þótt engar sönnur verði færðar á þessa fullyrðingu virðist nokkuð hæft í því að afskipti yfirvalda beindust einkum að konum í lægri lögum þjóðfélagsins sem áttu við félagsleg vandamál að stríða.

Fyrirnefnd kona furðaði sig annars almennt á þeirri framkomu sem íslenskar konur urðu fyrir á þessum tíma. Sjálf hafi hún lent í kasti við lögregluna en hún hafi verið með hermanni á gistihúsi í Reykjavík þegar lögreglan hafi ruðst inn. Hún velti því fyrir sér hvaða rétt lögreglan hefði til að handtaka hana. Eins og hún sagði sjálf þá var hún sjálfráða og vann sína vinnu samviskusamlega, þrátt fyrir það væri hún meðhöndluð eins og glæpamaður.¹¹⁷

Eftir breytingar, sem allsherjarnefnd gerði, á margnefndum lögum voru þau endanlega samþykkt 4. júlí 1942 eftir þrjár umræður á Alþingi. Helstu breytingarnar voru þær að lögini náðu yfir ungmenni 18 ára og yngri. Áður höfðu lögini átt að gilda fyrir ungmenni 20 ára og yngri. Ekki var lengur talið tilhlýðilegt að stúlkur sem hefðu

¹¹⁵ *Alþingistíðindi* 1942, B – D deildir, B. Umræður um samþykkt lagafrumvörp (Reykjavík, 1944), bls. 106 – 109.

¹¹⁶ Bára Baldursdóttir, „Kynlegt stríð“, bls. 74.

¹¹⁷ Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið*, bls. 287.

aldur til að giftast yrðu undir smásjá barnaverndarnefndar. Þá var sú breyting gerð á bráðabirgðalögum að endurnýja þyrfti úrskurði ungmennadóms á tveggja ára fresti en ekki þriggja. Þá væri hægt að krefjast nýs úrskurðar í málum ungmenna á hálfárs fresti en ekki árlega.¹¹⁸

Hermann Jónasson forsætis- og dómismálaráðherra var ekki allskostar sáttur við þær breytingar sem gerðar voru á bráðabirgðalögum en að hans mati væru lögin nú að skapi þeirra sem skemmst vildu ganga í þessum aðgerðum. Þau væru í raun orðin of rýr til að eitthvert gagn væri af þeim. Hann hefði litið á lögin sem fyrirbyggjandi aðgerðir en með þeim átti að tryggja að fleiri stúlkur fetuðu sig ekki niður ástandsbrautina. Svo virðist sem Hermann hafi ekki haft mikla trú á því að hægt væri að bjarga þeim sem þegar væru lagðar af stað niður þann hála veg.¹¹⁹

Þrátt fyrir mótmæli ráðherrans var lögunum framfylgt af þeim stofnunum og embættum sem stofnuð voru á grundvelli þeirra. Þó að lögin væru hlutlaus gagnvart kynjunum voru þau fyrst og fremst sett með tilliti til ólögráða stúlkna. Af lagasetningunni mætti helst ætla að yfirvöld og ráðandi öfl í landinu hafi, með stuðningi almenningsálitsins, litið svo á að ungar stúlkur hefðu flestar tilhneigingu til lauslætis og það réttlætti „strangt eftirlit með þeim“.¹²⁰ Ungmennaeftirlitið varð fljótt mjög virkt í baráttu sinni gegn ástandinu. Starfsemi þess takmarkaðist annars af því að það var lengst af í höndum einnar manneskju, lögreglukonunnar Jóhönnu Knudsen. Því er við hæfi að segja nokkur deili á henni.

4.3 „Sannasti Íslendingurinn“

Jóhanna Andrea Knudsen fæddist 10. október 1897 á Papósi en ólst upp á Akureyri. Hún lauk hjúkrunarfræðinámi við Ullevål-sjúkrahúsið í Osló í febrúar 1930. Jóhanna lagði stund á framhaldsnám við Vinnuhælið Papworth á Englandi. Eftir það varð hún hjúkrunarkona á Landspítalanum og síðar forstöðukona á Vinnuhælinu á Reykjum, Ölfusi, í tvö ár. Tók hún síðan við stöðu yfirhjúkrunarkonu á sjúkrahúsinu á Ísafirði 1934 – 1940.¹²¹ Jóhanna hætti í vel launuðu skrifstofustarfi til að læra hjúkrun. Mannlegar þjáningar kölluðu á hana til líknarstarfa að sögn Aðalbjargar Sigurðardóttur sem ritaði minningagrein um hana. Jóhanna hefði þurft „að læra til

¹¹⁸ *Stjórnartíðindi* 1942, A – deild (Reykjavík 1942), bls. 110 – 111.

¹¹⁹ *Alþingistíðindi* 1942, B – D deildir, bls. 118 – 120.

¹²⁰ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 264.

¹²¹ *Hjúkrunarkvennatal* 1969 (Reykjavík 1969), bls. 197 – 198.

þess að geta líknað“. Fyrirbyggjandi líknarstarf hefði verið Jóhönnu kærast en hún hefði einnig verið mjög áhugasöm um íslenskt þjóðerni, menningu og tungu. Það leiddi til þess að hún barðist hart gegn erlendum áhrifum, fyrst og fremst á æsku landsins.¹²² Aðalbjörg Sigurðardóttir gaf henni titilinn „sannasti Íslendingurinn“ vegna ástar hennar á öllu sem íslenskt var. Jóhanna hefði talið að hér á landi mætti skapa hámenntaða fyrirmyndarþjóð „sem kennt gæti heiminum siðfágun og göfugmennsku“.¹²³ Eftirmælin eru athyglisverð því Aðalbjörg Sigurðardóttir var einn kunnasti forystumaður íslenskra kvennasamtaka og um margt róttæk í skoðunum.

Nú á dögum hefur Jóhanna Knudsen hins vegar verið gagnrýnd af fræðimönnum úr röðum kvenna fyrir að hafa fylgt orðræðu ríkjandi karlaveldis og beitt valdi sínu í samræmi við það (sjá 1. kafla). Hún hafi sem embættismaður ríkisins gerst „ein skeleggasta málpípa valdaorðræðunnar“ og tekið „þátt í að móta hina ráðandi karllægu stefnu“.¹²⁴

Fullyrst er að hinn mikli áhugi Jóhönnu á öllu þjóðlegu svo og æsku landsins hafi, eins og áður segir, orðið til þess að hún tók við starfi í lögreglunni. Í mars 1941 var henni boðin tímabundin staða við að rannsaka kynni hermanna og kvenfólks, sér í lagi telpna undir lögaldri. Jóhanna safnaði miklum upplýsingum í tvo mánuði um þessi mál og má ætla að ástandsnefndin hafi að miklu leyti stuðst við gögn hennar.¹²⁵ Síðla í maí 1941 sendi Jóhanna lögreglustjóranum bréf með álitinu á stöðu siðferðismála ásamt tillögum til úrbóta. Að hennar mati var nauðsynlegt að hefjast handa við að bjarga því sem bjargað yrði en útlitið væri háskalegt:

Hjer á hlut að máli geysilegur fjöldi fólks úr öllum stjettum: Telpur frá 13 – 14 ára aldri, sem leggja framtíð sína í hættu af barnskap; stúlkur, giftar konur og mæður á öllum aldri, sem lifa spillingarlífi ýmist af skemmtanarfýsn, heimsku, eða þær gera það í gróðaskyni ...

Til að sporna gegn hættunni vildi Jóhanna að ákvæðum barnaverndarlaganna frá 1932 yrði breytt þannig að hægt væri að hafa afskipti af ungu fólki allt að 21 árs að aldri. Þá vildi hún stofna siðferðis- og leynilögregludeild innan lögreglunnar og breyta lögreglusamþykkt bæjarins á þann hátt að afskipti lögreglunnar gætu náð til „bæjarbragar, ef hann verði svo ómenningarlegur að úr hófi keyri“.

¹²² Aðalbjörg Sigurðardóttir, „Jóhanna Knudsen“, *Melkorka.*, 3:6 (1950), bls. 70 – 71.

¹²³ Aðalbjörg Sigurðardóttir, „Jóhanna Knudsen“, *Æviminningabók I. Menningar- og minningarsjóður kvenna* (Reykjavík 1955), bls. 120.

¹²⁴ Bára Baldursdóttir, „Þær myndu fegnar skifta um þjóðerni“, bls. 313.

¹²⁵ Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið*, bls. 194.

Þá lagði hún til að stofnuð yrði móttökustöð fyrir vandræðaunglinga sem ætti jafnframt að vera rannsóknarstofa í siðferðismálum. Tilgangurinn væri meðal annars að „finna rætur meinsemdar þeirra, er virðist nú vera í þann veginn að eitra þjóðlífi Íslendinga“. Það yrði að koma í veg fyrir útbreiðslu þeirrar meinsemdar. Afstaða Jóhönnu var læknisafstaðan eins og Vilmundur Jónsson hafði skilgreint hana. Ástandið væri nokkurs konar farsótt sem bæri að einangra. Síðast en ekki síst vildi Jóhanna stofna uppeldisheimili handa stúlkum og drengjum auk vinnuhælis sem væri eingöngu ætlað stúlkum.¹²⁶ Hún lagði þessar tillögur fram fyrir stofnun ástandsnefndarinnar en lögreglustjóri virðist hafa tekið lítið sem ekkert mark á þeim. Það var ekki fyrr en karlmenn komu með svipaðar uppástungur að ráðamenn lögðu við hlustir.

Þrátt fyrir að tillögur Jóhönnu hafi hlotið lítinn hljómgrunn hélt hún áfram að starfa í lögreglunni og sem fyrr segir tók hún við forstöðu ungmennaeftirlitsins í mars 1942. Ungmennaeftirlitið var með aðstöðu í bakhúsi við Ingólfsstræti 9 en það deildi húsnaðinu með barnaverndarnefnd og barnaverndarráði.¹²⁷ Jóhanna naut aðstoðar Sigríðar Þorgrímsdóttur sem vann á skrifstofu eftirlitsins.¹²⁸

Jóhanna sinnti starfi sínu af miklum metnaði og hörku. Yfirheyrslur hennar yfir stúlkum stóðu oftast en ekki yfir í margar klukkustundir. Hún leit á ungmennaeftirlitið sem nokkurs konar siðferðis- og leynilögregudeild, „þar sem hún hélt uppi njósnum um ungar stúlkur á „glapastigum“. Hún leigði sér bíl til að keyra um götur bæjarins í þeim tilgangi að fylgjast með æskunni.¹²⁹ Að hennar mati héldu þeir unglingar, sem brýnast væri að líta eftir, til í úthverfum bæjarins og „þyrfti því mikinn mannafla til þess að hafa með þeim eftirlit“. Ef ungmennaeftirlitið fengi bíl til

¹²⁶ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002. B/1040. B-Bréfasafn. Siðferðisleg vandamál '42 – '45. Nr. 01 – 845. S. I Siðferðisleg Vandamál. Jóhanna Knudsen til Agnars Kofoed-Hansens 17. maí 1941.

¹²⁷ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002. B/1040. B-Bréfasafn. Siðferðisleg vandamál '42 – '45. Nr. 01 – 845. Siðferðisleg vandamál 1944. Ungmennaeftirlitið. Vinnuskólinn Kleppjárnsreykjum. Reikningur um leigu sem nam 500 kr.

¹²⁸ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002. B/1040. B-Bréfasafn. Siðferðisleg vandamál '42 – '45. Nr. 01 – 845. S. I Siðferðisleg Vandamál. Reikningur frá 23. desember 1943 fyrir vangoldin laun Jóhönnu og Sigríðar. Einnig: Jóhanna Knudsen til Einars Arnórssonar dómsmálaráðherra. Bréfið er ekki dagsett en er það að öllum líkindum skrifa fyrri hluta árs 1943. Segir hún í bréfinu að hún hafi starfað í tæpt ár fyrir ungmennaeftirlitið, en það var sem fyrr segir stofnað í mars 1942. Einnig tók Einar Arnórsson ekki við embætti fyrr en um miðjan desember 1942. Í bréfinu kemur fram að hún hafi notið aðstoðar Sigríðar á skrifstofunni.

¹²⁹ Bára Baldursdóttir, „Þær myndu fegnar skifta um þjóðerni“, bls. 313.

umsjónar væri hægt að hafa færra lið í vinnu.¹³⁰ Hún biðlaði því til dóms- og kirkjumálaráðherra að fjárfesta í bíl en ekkert varð úr bílakaupum fyrir eftirlitið. Jóhanna fékk ekki heldur aukinn liðsafla til að bæta upp fyrir bílleysið, þótt biskupsnefndin hafi lagt það til að fjölgað yrði í kvenlögreglunni. Þeim tillögum var ekki fylgt.¹³¹

Í bréfi sem Jóhanna sendi til nýs dómsmálaráðherra, Einars Arnórssonar hæstaréttadómari og fyrrverandi alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, árið 1943 skín í gegn ákveðin gremja í garð yfirvalda.¹³² Hún ítrekaði að ríkisstjórnin yrði að taka til „yfirvegna þá hættu sem þjóðerni Íslendinga og siðgerði“ stafaði af „hinum mikla samgangi við setuliðsmenn“. Hún væri þeirra skoðunar að stjórnvöld væru að sýna of mikla linkind í þessum málum, aðgerðir þeirra væru ekki nægilega róttækar til að sporna gegn hættunni. Jóhanna lýsti meðal annars óánægju sinni yfir því að hér væri ekki búíð að stofna leyniþjónustu til að „leita uppi þá staði og það fólk sem hættulegast er í þessu sambandi“. Henni var einnig farið að leiðast það að fyrirspurn hennar um bíl félli alltaf fyrir daufum eyrum.

Jóhanna rakti einnig hvað hefði gengið á síðastliðin tvö ár í starfi hennar en á þessum árum hefði hún styrkst í skoðun sinni um að hér væri „stórkostleg hætta ... á ferðum“. Samkvæmt bréfinu hefði skapast „skaðlegt almenningsálit“ hvað herinn varðaði og væri það ein af leiðum til úrbóta að heyja baráttu við það. Það yrði að gera fólki ljóst að óhófleg umgengni við herinn væri skaðleg þjóðinni. Það vakti ugg hjá henni að „þjóðmetnaðar eða óánægju yfir hernámi landsins [yrði] alls ekki vart“ hjá því fólki sem hún hefði komist í tæri við í gegnum starf sitt.

Jóhanna lýsti því yfir að hún hafi nánast eingöngu rekist á stúlkur frá „fátækum og menningarlitlum heimilum“ í eftirlitsstörfum sínum. Hér kemur enn frekar í ljós að áhyggjur Sigurjóns Á. Ólafssonar þingmanns voru byggðar á sterkum grunni. Þrátt fyrir það sagði Jóhanna að án efa væru dætur hinna efnuðu borgara eflaust líka í ástandinu. Hún fór hins vegar ekki nánar út í það af hverju ungmennaeftirlitið skipti sér lítið sem ekkert af þeim. Skýringin virðist þó liggja í

¹³⁰ Þ.Í. Stjórnarráð Íslands, I. Skrifstofa. Siðferðisleg Vandamál 2286/1942. Db.16, nr. 331. Jóhanna Knudsen til dóms- og kirkjumálaráðherra. Bréfið er ekki dagsett en þar kemur fram að beiðnin um bíl er send í samráði við lögreglustjóra.

¹³¹ Biskupsnefndin lagði m.a. til að fjölgað yrði í kvenlögreglunni í bréfum frá 9. febrúar og 11. júlí 1942.

¹³² Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002. B/1040. B-Bréfasafn. Siðferðisleg vandamál 42 – 45. Nr. 01 – 845. S. I Siðferðisleg Vandamál. Jóhönnu Knudsen til Einars Arnórssonar dómsmálaráðherra, ritað fyrrihluta árs 1943.

augum uppi: Það voru einkum stúlkur sem áttu við félagslegan vanda að stríða sem komust í kast við lögregluna.

Tilgangur bréfisins frá Jóhönnu var ekki sá að ræða stúlkurnar sérstaklega heldur að hvetja til róttækari aðgerða á almennum grundvelli. Nú væri komið nóg, það yrði að kippa fast í taumana og breyta um stefnu. Eitt af því sem Jóhanna lagði til var að hætt yrði að senda stúlkur á heimili í sveit en með þeirri aðferð væri „hættulegum sýkilberum dreift með ærnum kostnaði og fyrirhöfn út um byggðir landsins og helst á bestu heimilin“. Ekkert gott gæti komið af því að sýkja sveitirnar en þaðan væri að „vænta heilbrigðs blóðs, er varið gæti þjóðarlíkamann þeim sjúkdómi“ sem hann væri nú heltekinn af. Markmið Jóhönnu og vígorð var: „Enginn hermaður inn á íslenskt heimili“.

Jóhanna lagði síðan fram tillögur í 13 liðum hvernig best væri að koma þessu til leiðar. Til að byrja með vildi hún stofna skólaheimili fyrir þær stúlkur sem annars yrðu sendar á sveitaheimili, ættu einhverjar af Breiðafjarðareyjunum að henta hve best undir slíka starfsemi. Jóhanna vildi einnig auka í starfsliði ungmennaeftirlitsins. Þá ítrekaði hún enn og aftur að eftirlitið þyrfti bíl til umráða og brýna nauðsyn bæri til að stofna leynilögregludeild. Mikilvægt væri að einangra vændiskonur og þá ætti setuliðið að flytja inn konur til að sinna „þörfum hersins“.

Jóhanna vildi koma á algerum aðskilnaði hers og þjóðar, meðal annars með því að loka öllum veitingastöðum sem ætlaðir væru hermönnum. Hluti af aðskilnaðarstefnu Jóhönnu var að banna konum að taka að sér þvott hermanna. Að lokum taldi hún mikilvægt að strangt eftirlit yrði með blöðum og útvarpi hvað ástandsmál snerti en hún hefði ástæðu til þess að ætla að íslensku dagblöðin væru ekki látin afskiptalaus um frétt afluning sinn í þessum málum af hálfu hernaðaryfirvalda. Jóhanna útskýrði hins vegar ekki frekar hvers vegna hún hélt þessu fram.

Jóhanna var greinilega mjög róttæk í skoðunum sínum um samskipti hers og þjóðar. Hún tók starfi sínu hjá ungmennaeftirlitinu alvarlega og misbauð hversu mjúklega hún taldi stjórnvöld taka á vandanum. Það er skiljanlegt að hún hafi síðar verið álitin ofstækisfull í aðferðum og orði en Jóhanna var barn síns tíma. Hún gaf sig alla í starf sitt og fylgdi vissulega hugmyndafræði samtímans um þjóð, menningu og tungu. Í hennar huga var allt þetta í bráðri hættu og það kæmi í hennar hlut að reyna að ráða bót á máli. Hjá æskunni lægi framtíðin og Jóhanna ætlaði sér að beina henni á rétta braut. Hún taldi sig vera að gera rétt með því að njósna, rannsaka og yfirheyra.

5 Ástandið og ólögráða stúlkubörn

5.1 Aldur og fjöldi

Þegar Jóhanna Knudsen hafði lokið yfirheyrslum sínum yfir stúlkum voru sumar þeirra færðar á upptökuheimilið í Sóttvarnarhúsinu á meðan mál þeirra voru rannsökuð. Alls dvöldust á heimilinu 57 manns á meðan það var starfrækt. Ungmennaeftirlitið var ekki eina stofnunin sem ráðstafaði fólki á heimilið, það gerðu einnig barnaverndarnefndir, rannsóknarlögreglan og einnig var fólk fært beint þangað af lögreglustöðinni.¹³³ Var um að ræða stúlkur, piltar og fullorðið fólk allt í senn. Ef stuðst er við reikninga fyrir dvalarkostnaði sést að meirihluti dvalargesta voru ólögráða stúlkubörn, flestar á vegum ungmennaeftirlitsins og barnaverndarnefndar.¹³⁴

Áðurnefndir reikningar eru frá apríl til desember 1942 en á þessu tímabili var 41 maður vistaður í Sóttvarnarhúsinu, þar af aðeins 7 piltar. Einn þeirra var vistaður tvisvar sinnum á heimilinu á þessu tímabili, og tveir dvalargestar voru yngri en tíu ára gamlir. Athyglisvert er að allir piltarnir, sem voru vistaðir í húsinu, voru færðir þangað af rannsóknarlögreglunni. Bendir það enn frekar til þess að ungmennaeftirlitið hafi einungis fylgst með ungum stúlkum. Drengirnir tveir, sem voru yngri en tíu ára, voru geymdir í húsinu í tvo daga en þeir virðast hafa verið í fylgd fullorðinnar konu. Konan var rösklega þrítug og með sama heimilisfang og þeir. Einnig var lítil telpa, eins árs að aldri, í för með þeim fjórum.

Tvær stúlkunnar voru yfir 18 ára aldri og hafði önnur þeirra verið úrskurðir til vinnuskólavistar af ungmennadómi, þrátt fyrir að vera lögráða.¹³⁵ Af þessari


¹³³ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri II*, bls. 158. Skipting gestanna var sem hér segir: Barnaverndarnefnd; 18 dvalargestir. Rannsóknarlögreglan, 6 dvalargestir. Lögreglustöðin, 8 dvalargestir. Ungmennadómur og Ungmennaeftirlitið, 21 dvalargestur. Fátækrafulltrúi Reykjavíkur, 1 dvalargestur. Ungmennadómur Vestmannaeyja, 1 dvalargestur. Tveir gestir dvöldust þarna að eigin ósk um tíma.

¹³⁴ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. B/1040. B-Bréfasafn. Siðferðisleg vandamál '42 – '45. Nr. 01–845. B 1/1040. S. I Siðferðisleg vandamál. Reikningarnir eru fyrir fólk sem yfirgaf Sóttvarnarhúsið á þremur tímabilum: 19. apríl – 30. júní, 1. júlí – 30. september, 1. október – 31. desember 1942. Reikningarnir fyrir Kleppjárnsreyki eru allir frá 21. nóvember – 31. desember. Fundist hafa reikningar fyrir 7 stúlkur. Á þeim kemur ekki fram hver var aldur stúlkunnar en þær voru nánast allar í Sóttvarnarhúsinu um tíma. Allar tölulegar upplýsingar hér á eftir eru unnar upp úr þessum reikningum.


¹³⁵ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002- B/1041. B-Bréfasafn. Ungmennadómsmál. Sakadómarrinn í Reykjavík. Reykjavík 18. maí 1942. Stúlkan var ekki með hreint hegningarvottorð en hún hafði verið tekin fyrir smávægileg brot, t.d. ölvun á almannafæri. Samkvæmt dómsgögnum hafði drykkja hennar færst í aukana eftir að bandaríska setuliðið kom til lands. Samkvæmt skýrslu, sem Sigurður Magnússon löggæslumaður, gerði um málið 20. apríl 1942 voru foreldrar hennar löngu hættir að ráða við hana, hún væri æst og ofsafengin

upptalningu leiðir að alls voru 30 stúlkur, 18 ára og yngri, vistaðar í Sóttvarnarhúsinu á umræddu tímabili 1942.

Áhugavert er að skoða aldursdreifingu ólögráða stúlkna á heimilinu og á Kleppjárnsreykjum með því að styðjast við sömu reikninga fyrir dvalarkostnaði:



Súlurit 1.1 Aldursdreifing stúlkna, 18 ára og yngri, sem voru vistaðar í Sóttvarnarhúsinu árið 1942.



Súlurit 1.2 Aldursdreifing stúlkna, 18 ára og yngri, sem voru vistaðar á Kleppjárnsreykjum árið 1942.

Eins og sést af súluritinu voru stúlkurnar í Sóttvarnarhúsinu flestar á aldrinum 15 til 16 ára. Aðeins fundust reikningar fyrir 7 af þeim 14 stúlkum sem fluttar voru á Kleppjárnsreyki. Af þessum 7 voru 6 einnig vistaðar í Sóttvarnarhúsinu árið 1942.¹³⁶ Sama ár á Kleppjárnsreykjum var mest um 15 ára stúlkur. Þó að ekki hafi fundist

í skapi. Hún hefði enga stjórn á kynhvötum sínum og væri nýlega búin að missa ungabarn sem setuliðsmaður hefði feðrað.

¹³⁶ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri II*, bls. 160.

reikningar fyrir hverja og einustu stúlku sem sett var inn á upptökuheimilið í Sóttvarnarhúsinu vegna ástandsins liggja flestir reikninganna þó fyrir og gefa þeir ágætis mynd af aldri stúlkanna.

5.2 Kynsjúkdómar og óskilgetin börn.

Ekki eru einungis til gögn um dvalarkostnað í Sóttvarnarhúsinu, því einnig liggja fyrir reikningar frá læknum sem skoðuðu ungmenni vegna gruns um að þeir væru með kynsjúkdóm. Þeir læknar sem skoðuðu hve flesta einstaklinga voru Hannes Guðmundsson, Magnús Pjetursson bæjarlæknir og Kristín Ólafsdóttir læknir upptökuheimilisins.¹³⁷ Hún var fyrsta konan til að ljúka læknisfræðiprófi á Íslandi (f. 1889, d. 1971) en eiginmaður hennar var enginn annar en Vilmundur Jónsson landlæknir.¹³⁸

Frá nóvember 1941 til ársloka 1943 voru 85 ungmenni skoðuð vegna gruns um kynsjúkdómasmit, 76 stúlkur og 9 drengir. Tveir drengjanna voru aðeins 11 og 7 ára gamlir en því miður er ekki tilgreind ástæða fyrir skoðun. Af stúlkunum 76 dvöldu 21 í Sóttvarnarhúsinu og þar af voru 6 fluttar á Kleppjárnsreyki. Sumar stúlkanna voru skoðaðar oftari en einu sinni á þessu tímabili. Af drengjunum 9 sem lágu undir „kynsjúkdómsgrun“ dvöldust 3 í Sóttvarnarhúsinu. Því miður er aldur manna nánast aldrei tilgreindur. Þó má ganga út frá því að aldursdreifingin hafi verið svipuð og hjá vistmönnum í Sóttvarnarhúsinu enda voru þeir um 30% af þeim hópi sem tekinn var til skoðunar.

Helstu kynsjúkdómar sem herjuðu á landið á tímum síðari heimsstyrldar voru lekandi og sýfilis. Frá upphafi ástandsins var hræðsla við kynsjúkdóma áberandi.¹³⁹ Á þessum árum voru hermenn skyldaðir til að segja frá nafni og heimili stúlkna sem smituðu þá. Ef þeir gerðu það ekki áttu þeir yfir höfði sér refsingu hernaðaryfirvalda.¹⁴⁰ Í breska og bandaríska hernum var haldið uppi kröftugum áróðri gegn kynsjúkdómum, sér í lagi sýfilis og lekanda. Augljóslega skipti heilsa hermanna

¹³⁷ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. B/1040. B-Bréfasafn. Siðferðisleg vandamál 42 – 45. Nr. 01–845. B 1/1040. S. I Siðferðisleg vandamál. Læknarnir rukkuðu fyrir skoðunina.

¹³⁸ Gunnlaugur Haraldsson, *Læknar á Íslandi* II, 4. útg. (Reykjavík 2000), bls. 1000 – 1001.

¹³⁹ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 228.

¹⁴⁰ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri* II, bls. 166.

miklu máli sem og siðferðisvitund þeirra fjarri heimilum sínum. Hermenn voru því ólíklegri til að bera smit en hinn almenni borgari.¹⁴¹

Gunnar M. Magnúss rithöfundur fjallar um kynsjúkdóma í bók sinni, *Virkinu í norðri* í kaflanum „Um Ástandsmálin“. Þar kemur fram að gífurleg aukning hafi orðið á sýfilistilfellum hér á landi eftir komu breska hersins. Gunnar nefnir konur ekki berum orðum sem sökudólga í þessu efni. Kaflaval hans fyrir þessa umfjöllun og lýsingu á samvinnu erlendra og innlendra heilbrigðisyfirvalda bendir hins vegar til að hann hafi talið að kenna mætti kvenfólkinu að mestu leyti um útbreiðslu kynsjúkdóma. Gunnar nefnir þó einnig til sögu íslenska farmenn.¹⁴²

Gunnar getur íslenskra karlmannna réttilega í þessu samhengi því að heilbrigðisskýrslur 1942 sýna að töluvert fleiri karlar voru smitaðir af kynsjúkdómum en konur. Á árunum 1939 – 1942 fjölgaði sýfilistilfellum úr 14 í 142. Konur voru ekki nema 19 talsins af heildarfjöldanum og þar af höfðu 15 smitast af innlendum karlmönnum. Svipaða sögu er að segja af lekandatilfellum en konur voru 48 af 246 sjúklingum. Er því greinilegt að karlmönnum hefði verið nær að „líta í eigin barm í þessum málum“.¹⁴³

Þrátt fyrir að íslenskir karlmenn væru augljóslega í meirihluta þegar kom að kynsjúkdómum lágu íslenskar stúlkur frekar undir grun. Þær hafa greinilega þótt líklegri til að stunda kynlíf og lifa lausungarlífi, eins og sést af reikningum læknanna. Tíður fylgifiskur óvarins kynlífs eru barneignir. Því mætti gera ráð fyrir að fjölgun hefði orðið í fæðingu óskilgetinna barna á tímum stríðsins þar sem talið væri að mikill hluti íslenskra stúlkubarna og fulltíða kvenna væri í ástandinu. Það var þó ekki raunin, fjölgunin var mest á árunum 1935 – 1940 og 1946 – 1950. Á árunum 1941 – 1945 hélst fjöldi óskilgetinna barna nokkuð stöðugur, þ.e. 25% af heildarfjölda nýfæddra barna. Stóraukinn fjöldi karlmannna í landinu breytti litlu sem engu um þetta.¹⁴⁴ Svo virðist sem íslenskar konur hafi ekki haft meiri tilhneigingu til að eignast börn utan hjónabands á ástandsárunum heldur en fyrir stríð, þrátt fyrir sífelldar ásakanir karlmannna um aukið lauslæti þeirra.

Engu að síður er það staðreynd að einhver hluti íslenskra kvenna ólu setuliðsmönnum börn. Tvær þeirra voru til dæmis barnshafandi á meðan þær dvöldu á

¹⁴¹ Guðbjörg K. Jónatansdóttir, *Kynsjúkdómar á Íslandi 1935 til 1950*, BA-ritgerð í sagnfræði, Háskóli Íslands (Janúar 1995), bls. 10 og 18.

¹⁴² Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri II*, bls. 162 – 166.

¹⁴³ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 228 – 229.

¹⁴⁴ *Hagskýrslur Íslands II*, 63. Tölfræðihandbók 1974 (Reykjavík 1976), bls. 12 – 13.

Kleppjárnsreykjum.¹⁴⁵ Af bréfi sem Ingimar Jóhannesson ritaði 27. ágúst 1943 er ekki að sjá að íslensk stjórnvöld hafi mótað sér stefnu í málum barnshafandi kvenna, a.m.k. hvað kostnað varðaði. Vafi lék til að mynda á því hver ætti að bera kostnað af barnsburði stúlku einnar á Kleppjárnsreykjum. Barnsfaðirinn, sem var hermaður, hafði þegar greitt hluta kostnaðarins. Ingimar vildi hins vegar fá úrskurð um hvort „Kleppjárnsreykjarhælið sé skylt skv. hinum nýju lögum um ungmennaeftirlit, að greiða nokkurn kostnað er leiðir af barnsburði“ stúlkunnar og hinna sem síðar kynnu að standa í sömu sporum. Umræddri stúlku var síðan komið fyrir á mæðraheimili Þuríðar Bárðardóttur, Ljós móður í Reykjavík.¹⁴⁶

Mæðraheimilið í Reykjavík tók til starfa í júlí 1943. Var það „fyrst og fremst ætlað ógiftum barnshafandi stúlkum“. Þangað máttu þó allar konur leita sem þess þurftu. Heimilið var rekið af Reykjarvíkurbæ en Ljós mæðrafélag Reykjavíkur hafði í desember 1942 rökstutt nauðsyn þess að stofna slíkt heimili. Á fundi félagsins kom fram að nauðsynlegt væri að setja á stofn heimili „sakir þeirra átakalegu erfiðleika sem umkomulausar mæður hafa við að stríða“. Í blaðgreininn um stofnun heimilisins kemur hvergi fram að ástandið hafi olli þessari neyð. Frekar að hér væri um að ræða löngu tímabæra lausn.

Mæðraheimilið var í húsi Þuríðar Ljós móður að Tjarnagötu 16 í Reykjavík. Alls gátu 12 konur verið á heimilinu í senn og stóð þeim til boða að koma þremur vikum fyrir barnsburð og vera á heimilinu í allt að tvo mánuði eftir fæðingu barnsins.¹⁴⁷

Líkt og áður segir eru barneignir og kynsjúkdómar oft fylgifiskar óvarins kynlífs. Ljóst er af ofangreindu að fáir ungir karlmenn lágu undir grun um að vera haldnir kynsjúkdómi og lítil fjölgun var í fæðingu óskilgetinna barna. Stúlkur voru í yfirgnæfandi meirihluta þeirra sem lágu undir „kynsjúkdómsgrun“ enda voru lög um eftirlit með ungmennum einkum miðuð við ungar stúlkur. Öll athyglin beindist að ólöggráða stúlkubörnum og sömu sögu er að segja af þeim málum sem ungmennadómur tók fyrir.


¹⁴⁵ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 265.

¹⁴⁶ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. B/1040. B-Bréfasafn. Siðferðisleg vandamál '42-'45. Nr. 01–845. B 2/1040: Siðferðisleg vandamál 1944. Ungmennaeftirlitið. Vinnuskólinn Kleppjárnsreykjum. Bréf dagsett 28. ágúst 1943. Ingimar Jóhannesson ritar en ekki kemur fram hver sé viðtakandi. Ekki liggur fyrir hvernig málið fór, þ.e. ekki finnst svar við fyrirspurn Ingimars og er þar af leiðandi ekki hægt að segja til um hvernig kostnaðinum var skipt niður.

¹⁴⁷ „Mæðraheimili Reykjavíkur er tekið til starfa“, *Alþýðublaðið* 3. júlí 1943, bls. 2 og 7. Þuríður sagði starfi sínu á mæðraheimilinu lausu sumarið 1945, en hugðist hún starfa til 1. nóvember sama árs. „Þuríður Bárðardóttir Ljós móðir segir lausu starfi sínu við Mæðraheimilið“, *Alþýðublaðið* 29. ágúst 1945, bls. 7.

5.3 Ungmennadómur og skýrslur Jóhönnu Knudsen

Ungmennadómur hóf starfsemi sína í apríl 1942 en dóminn skipuðu Valdimar Stefánsson fulltrúi sakadómara, Ármann Halldórsson skólastjóri og Ólafur Sveinbjörnsson lögfræðingur. Samkvæmt dómögnum, sem liggja fyrir, dreifðust



úrskurðir ungmennadómstólsins á eftirfarandi hátt árin 1942 og 1943:

***Súlurit 1.3** Fjöldi mála á árunum 1942 og 1943. Stúlkur voru annaðhvort úrskurðaðar til vinnuskólavistar (hælisvistar) á Kleppjárnsreykjum eða til vistar í sveit. Í nokkrum tilfellum voru þær úrskurðaðar til sveitavistar en með þeim fyrirvara að ylli vistin erfiðleikum yrðu þær sendar á Kleppjárnsreyki. Þær stúlkur, sem hlutu slíkan úrskurð en voru síðan sendar á Kleppjárnsreyki, eru hér flokkaðar undir liðnum hælisvist.*

Alls liggja fyrir 40 úrskurðir ungmennadómsins og eru þeir flokkaðir í súluritinu hér að ofan auk tveggja annarra.¹⁴⁸ Í öllum þessum dómsmálum áttu stúlkur í hlut en enginn drengur var úrskurðaður af ungmennadómi.


¹⁴⁸ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002- B/1041. B-Bréfasafn. Ungmennadómsmál I B/1041, Ungmennadómsmál II B 1/1042 og Ungmennadómsmál III B 2/1042. Taka ber fram, að í gögnum dómsins er einnig er að finna mál stúlku sem reyndi að áfrýja úrskurði sínum, en ekki er tekið fram hvernig sá hljóðaði. Einnig er getið um mál stúlku sem dæmd var til vistar hjá frændfólki sínu. Þessi tvö mál eru ekki talin með í súluritinu, en það veldur því að alls er um 42 mál að ræða.

Í bréfi Jóhönnu Knudsens til Einars Arnórssonar dómsmálaráðherra, (sjá 4. kafla) kemur fram að hún hafi skrifað alls 380 skýrslur um 132 stúlkur. Af þessum stúlkum hafi 12 verið úrskurðaðar til vinnuskólavistar en 32 til dvalar á sveitaheimilum.¹⁴⁹ Alls hafi 44 stúlkur hlotið dóm. Þessum tölum ber ekki saman við upplýsingar úr gögnum ungmennadóms. Heildarfjöldi dómsmála er að vísu nokkurn veginn hinn sami en ekki ber saman tölum um fjölda þeirra sem hlaut vinnuskólavist og sveitavist. Sömu sögu er að segja af aldri þeirra en Jóhanna Knudsen skiptir þeim svo í aldursflokka:

Aldur	Vinnuskólavist	Sveitaheimili
12	0	1
13	1	4
14	3	6
15	4	9
16	3	10
17	0	2
18	1	0


Þessi aldursskipting Jóhönnu gildir bæði fyrir árin 1942 og 1943. Úr dómsgögnum fást hins vegar eftirfarandi niðurstöður:

¹⁴⁹ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002. B/1040. B-Bréfasafn. Siðferðisleg vandamál '42 – '45. Nr. 01 – 845. S. I Siðferðisleg Vandamál. Jóhanna Knudsen til Einars Arnórssonar dómsmálaráðherra, ritað fyrrihluta árs 1943.



Súluirit 1.4 Aldursdreifing stúlkna í málum teknum fyrir af ungmennadómi árin 1942 og 1943. Af súluiritinu sést að stúlkur fæddar 1926 og 1927 komu mest við sögu hjá ungmennadómnnum.

Af þessu súluiriti má sjá að aldursdreifing stúlkanna í skýrslum Jóhönnu og gögnum ungmennadóms ber engan veginn saman. Þegar dæmt var í málum stúlkanna voru tiltekin sérstaklega fæðingarár þeirra ásamt ári dómsúrskurðarins og ætti því að vera auðvelt að reikna út aldur þeirra. Því er ráðgáta hvers vegna svo miklu munar í flestum tilvikum á aldursdreifingu í áðurnefndum gögnum:



Súluirit 1.5 Aldursdreifing stúlkna sem úrskurðaðar voru til vinnuskóla- og sveitavistar árin 1942 og 1943. Hér sést greinilega munurinn á tölum í gögnum ungmennadóms og Jóhönnu Kundsén.

Hvað sem mismunandi tölum líður, er þó nokkuð ljóst að stúlkur á aldrinum 15 til 16 ára voru fjölmennasti hópurinn sem ungmennadómstóllinn hafði afskipti af. Skjöl Jóhönnu Knudsen í Þjóðskjalasafni gætu e.t.v. gefið skýrari mynd af þessu atriði en leynd var formlega aflétt af þeim í septemberlok 2011. Safnið hefur hins vegar í hyggju að fara yfir skjölin og skrá þau en að lokinni þeirri vinnu verða þau opnuð fræðimönnum. Því verður nú að láta nægja þær skýrslur sem Jóhanna tók við yfirheyrslur yfir stúlkunum en þær voru notaðar í málsflutningi við ungmennadómi.

Stúlkurnar, sem birtast í skýrslunum, áttu margar um sárt að binda. Þær bjuggu við erfiðar aðstæður, það var til að mynda algengt að þær kæmu frá brotnum heimilum þar sem annað foreldrið var látið eða veikt. Óregla á heimilum þeirra var oft mikil og í sumum tilvikum var um að ræða stúlkur sem komu einar utan af landi til Reykjavíkur til að vinna fyrir sér. Þetta var fámennur hópur sem þekktist innbyrðis og skjóta sömu nöfnin oft upp kollinum í yfirheyrsluskýrslum Jóhönnu.¹⁵⁰ Ungmennaeftirlitið hafði raunar stundum upp á þeim þar sem þær bentu hver á aðra við yfirheyrslur.

Skýrslurnar varpa ljósi á ýmislegt áhugavert. Það skín einna helst í gegn hve litla þekkingu stúlkurnar höfðu á kynlífi en fræðsla um það og getnaðarvarnir var í algjöru lágmarki á þessum árum. Kynferðismál voru umfram allt feimismál.¹⁵¹ Ein stúlkanna stóð til dæmis í þeirri trú að hún gæti ekki orðið ólétt því hermaðurinn meiddi hana ekki og hún hefði aldrei áður sængað hjá manni.¹⁵² Önnur sagðist hafa sofið hjá hermanni til að koma lagi á tíðahringinn hjá sér en hann hefði verið í ólagi í eina 6 mánuði.¹⁵³

Skuggalegar hliðar kynlífs birtust einnig í skýrslunum. Þó nokkrar stúlkur höfðu verið misnotaðar áður en þær áttu samskipti við hermenn. Roskinn maður nauðgaði einni þegar hún var 12 ára gömul en hún var 16 ára við skýrslutökuna. Að hennar sögn var maðurinn dæmdur í fangelsi þegar upp komst um athæfi hans en svo

¹⁵⁰ Eggert Þór Bernharðsson, „Blóraböggjar og olnbogabörn“, bls. 20. Sjá einnig í gögnum ungmennadóms: Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002- B/1041. B-Bréfasafn. Ungmennadómismál, t.d. skýrsla nr. 167 frá 1. september 1942. Stúlka sem sett var í fóstur 7 vikna gömul því foreldrar hennar voru ekki giftir, lýsir fósturforeldum sínum svo: „Ég vildi bara ekki vera þar. Mjer er alveg sama um það helvítis pakk“.

¹⁵¹ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 41.

¹⁵² Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002- B/1041. B-Bréfasafn. Ungmennadómismál I B/1040. Sakadómariinn í Reykjavík, 18. maí 1942. Afrit af skýrslu tekinn af Jóhönnu Knudsen þriðjudaginn 28. apríl 1942.

¹⁵³ Sama, Sakadómariinn í Reykjavík, 19. mars 1943. Skýrsla nr. 387 laugardagurinn 13. febrúar 1943.

virðist sem stúlkan hafi ekki fengið nauðsynlega sálhjálp. Taldi hún sig til dæmis enn vera hreina mey, enda hefði hún ekki átt mök við marga karlmenn eftir nauðgunina. Frændi hennar hefði reyndar notað hana einu sinni og eftir það hefði hún kynnst öðrum manni sem ekki átti mök við hana „nema eitthvað fjórum sinnum“. Stúlkan gerði sér ekki grein fyrir því hve illa var komið fyrir henni og virtist frekar kenna sjálfri sér um þá misnotkun sem hún hafði sætt: „Eftir þetta get ég svarið að *ég hef ekki gert þetta oft*“.¹⁵⁴

Annarri stúlku hafði verið nauðgað af íslenskum sjómanni sem smitaði hana af kynsjúkdómi.¹⁵⁵ Þriðja stúlkan sem dæmd var fyrir óreiðu og lausung, hafði, ásamt nokkrum vinkonum sínum, verið misnotuð af tveimur fullorðnum, íslenskum karlmönnum. Hún og vinkonur hennar fengu peninga frá mönnunum eftir að þeir höfðu notað þær. Stúlkunni þótti þetta ekki tiltökumál.¹⁵⁶

Skilgreining misnotkunar virðist stundum hafa verið mjög óljós. Til dæmis var 14 ára gömul stúlka dæmd fyrir mikið lauslæti, enda hefði hún haft samfarir við marga karlmenn, drengi sem og fullorðna.¹⁵⁷ Var hún því dæmd fyrir lauslæti þótt stundum hefði hún augljóslega sætt misnotkun.

Ein tegund sönnunargagna sem lögð var fram voru vottorð frá Kristínu Ólafsdóttur lækni með greiningu á því hvort stúlkur væru óspjallaðar. Auk skoðunar hjá lækni var einhver hluti stúlnanna greindaprófaðar.

Dr. Símon Jóh. Ágústsson greindarprófaði stúlkurnar eftir Binet-Burt kvarðanum, sem mældi þroska og hæfni, langflestar fengu falleinkunn. Dr. Símon lýsti til dæmis einni 16 ára gamalli stúlku sem greindri í meðallagi en hann gæti ekki fundið að hún hefði neina sérstaka hæfileika eða áhuga á tilteknum efnum. Önnur 15 ára gömul stúlka var að mati dr. Símons „sein til og sljó“. Sú þriðja, 16 ára, var svo

¹⁵⁴ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002- B/1041. B-Bréfasafn. Ungmennadómssmál I B/1040. Sakadómariinn í Reykjavík, 27. júlí 1943. Skýrsla nr. 528, ódagsett. Skáletrun er mín.

¹⁵⁵ Sama, Sakadómariinn í Reykjavík, 8. júlí 1942. Útskrift úr lögregluþingbók Reykjavíkur. Ónúmeruð skýrsla tekinn 11. júní 1942.

¹⁵⁶ Sama, Sakadómariinn í Reykjavík, 10. mars 1943. Skýrsla nr. 267 þriðjudaginn 1. desember 1942. Skýrsla nr. 266 þriðjudaginn 1. desember 1942. Skýrsla nr. 274 föstudaginn 4. desember 1942. Skýrsla nr. 280 mánudaginn 7 desember 1942. Eins og sést af dagsetningum þessara skýrslna og hvenær dómur var kveðinn upp, áttu nokkur mál sér langan aðdraganda.

¹⁵⁷ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002- B/1041. B-Bréfasafn. Ungmennadómssmál III, B 2/1042. Sakadómariinn í Reykjavík, 9. desember 1942. Útskrift úr lögregluþingbók Reykjavíkur.

talsvert fyrir neðan meðallag, eða gáfusljó. Hjá henni fann hann heldur ekki neina sérhæfileika eða áhugamál.¹⁵⁸

Stúlkurnar brugðust margar hverjar ókvæða við greindarprófum og yfirheyrslum. Jóhanna varð þó oftár fyrir æðisköstum stúlkanna en dr. Símon. Ein sagði til að mynda við lögreglukonuna þegar hún missti stjórn á skapi sínu við yfirheyrslu:

Ég vildi að ég gæti drepit þig, helvítis kvikindi þitt. Ég vildi að þú fengir sár, sem kveldi þig alla ævina. Ég vildi að þú yrðir ólánsmanneskja, sem aldrei liti glaðan dag. Mér væri sama þó ég yrði í tukhúsi alla ævina ef ég gæti sloppið út og beðið einhvern Ameríkana eða einhvern Íslending um að skjóta þig. Þú ert svo mikið kvikindi ...¹⁵⁹

Önnur hótaði að mölva allt og brjóta ef hún yrði sendi á Kleppjárnsreyki. Gekk hún það langt að hóta því að hætta að hirða sig og gera síðan á sig, svo starfsmenn hælisis yrði fegnir að láta hana fara heim til sín.¹⁶⁰

Það kom fyrir að stúlkurnar skrökvuðu í yfirheyrslu enda var Jóhanna farin að fá á sig slæmt orð hjá ástandsstúlkum bæjarins. Sannast sagna var hún orðin að nokkurs konar Grylu í augum stúlkanna sem þorðu ekki að játa á sig kynferðisafbrot af hræðslu við að vera lokaðar inni á hæli. Ein, 15 ára, lét í ljós áhyggjur sínar við yfirheyrslur: „[vinkona mín] var búin að segja mér að þú værir svo vond við krakka og tækir þá og sendir þá í burtu í 5 ár. Ég var búin að hugsa mér að ljúga til þess að þú gætir ekki tekið mig.“¹⁶¹

¹⁵⁸ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002- B/1041. B-Bréfasafn. Ungmennadómssmál I B/1040. Sjá m.a. í: Sakadómariinn í Reykjavík, 18. maí 1942, Útskrift úr lögregluþingbók Reykjavíkur. Sakadómariinn í Reykjavík, Reykjavík 26. júní 1942, Útskrift úr lögregluþingbók, Sakadómariinn í Reykjavík, 18. júní 1942, Útskrift úr lögregluþingbók. Dr. Símon Jóh. studdist við blöndu af fræðum tveggja manna, Binets og Burts. Í bókinni *Greindarpróf* (Reykjavík 1940) sem Símon þýddi ásamt Ármanni Halldórssyni, segir á bls. 57: „Þar sem Binet- testin eru aðallega þroskapróf, þ.e. sýna framför barnsins að viti frá ári til árs, hafa þau nauðsynlega þann ókost, að gáfnamunum eða munurinn á gáfnafari einstaklinganna kemur þar ekki nógu greinilega fram. Þegar hinn almenni vitþroski barnsins hefir verið fundinn eftir Binet-prófunum, er því nauðsynlegt, ef um rækilega rannsókn á vitsmunum barnsins er að ræða, að láta það þreyta ýmis próf, sem sýna einstaka hæfileika þess ... Hér á eftir fara nokkur test, sem sýna einkum hæfileika barnsins til að hugsa rökrétt og reyna því mjög á ályktunaræfileika þess og skarpleika. Mælir Burt sérstaklega með þeim og telur þau handhægust og best af þess háttar testum“.

¹⁵⁹ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002- B/1041. B-Bréfasafn. Ungmennadómssmál III, B 2/1042. Skýrsla nr. 234, 11. nóvember 1942.

¹⁶⁰ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002- B/1041. B-Bréfasafn. Ungmennadómssmál I B/1040. Skýrsla nr. 526, þriðjudaginn 13. júlí 1943.

¹⁶¹ Sama, Ungmennadómssmál III, B 2/1042. Skýrsla nr. 255, 21. nóvember 1942.

Önnur stúlka tók upp á því að hrella vinkonu sína með því að segjast vera leynilögregluerindreki í þjónustu Jóhönnu sem ætlaði að koma henni fyrir í sveit.¹⁶² Er því greinilegt að stúlkurnar hafa hræðst að lenda í höndum ungmennaeftirlitsins.

Þetta er engin furða þegar hugað er að því við hvaða aðstæður stúlkurnar voru yfirheyrðar. Yfirleitt voru þær einar í herbergi með Jóhönnu og hvorki foreldrar né fulltrúar frá barnaverndarnefnd voru viðstaddir. Foreldrar fengu oft ekki að vita fyrir en síðar að dætur þeirra hefðu verið kallaðar til yfirheyrslu.¹⁶³ Líkt og áður er getið stóðu yfirheyrslur stundum klukkustundum saman. Ef stúlkur hlýðnuðust ekki kvaðningu Jóhönnu var lögregluvaldi beitt til að færa þær í yfirheyrslu. Lögreglan sótti stúlkurnar inn á heimili þeirra og það sem verra þótti, inn á vinnustaði. Mæltust þessar aðfarir misvel fyrir hjá foreldrum, eins og vonlegt var.¹⁶⁴ Vinnubrögð ungmennaeftirlitsins og ungmennadómstólsins voru raunar mjög umdeild, þótt starfsemi þeirra stæði fremur stutt.

¹⁶² Sama, Ungmennadómssmál I B/1040. Skýrsla nr. 277, laugardagurinn 5 desember 1942.

¹⁶³ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002- B/1041. B-Bréfasafn. Ungmennadómssmál I B/1040. Ungmennadómssmál I B/1040. Skýrsla nr. 243, mánudaginn 16. nóvember 1942.

¹⁶⁴ Bára Baldursdóttir, „Þær myndu fegnar skifta um þjóðerni“, bls. 314.

6 Aðgerðir renna út í sandinn

6.1 Lok, lok og læs

Eftir að Einar Arnórsson varð dómsmálaráðherra í utanþingsstjórninni í desember 1942 varð þess ekki langt að biðja að stjórnvöld hættu að fylgja eftir lögnum um eftirlit með ungmennum. Vinnuskólinn á Kleppjárnsreykjum hætti störfum í ágúst 1943 og ungmennadómstólinn einnig. Dómstólinn felldi úr gildi alla úrskurði sína 7. desember 1943 og leysti alls 24 ástandsstúlkur undan vistarúrskurði. Þá var upptökuheimilinu í Sóttvarnarhúsinu lokað um áramótin 1943 – 1944.¹⁶⁵ Ungmennaeftirlitið hélt þó áfram störfum um tíma en eftirlitið „var ekki svipur hjá sjón eftir að dómsmálaráðherra tók í taumana“.¹⁶⁶ Jóhanna Knudsen gat hvergi vistað stúlkurnar og enginn dómstóll var til að dæma þær. Því orðinn lítill tilgangur með starfi hennar.

Ekki sáu allir eftir þessum stofnunum. Í barnaverndarnefnd Reykjavíkur höfðu þau Arnfinnur Jónsson, skólastjóri og fulltrúi Sósíalístaflokksins, og Guðrún Guðlaugsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, gagnrýnt störf Jóhönnu og ráðstafanir stjórnvalda. Að mati Arnfinns hafði Jóhanna Knudsen farið langt út fyrir verksvið sitt, til dæmis hefði hún ekki haft heimild til að yfirheyra stúlkur í einrúmi.¹⁶⁷ Þetta er vissulega réttmæt gagnrýni en samkvæmt fyrstu grein laganna um eftirlit með ungmennum áttu löggæslumenn að aðstoða barnaverndarnefnd við að fylgjast með ungmennum og gera þeim viðvart ef eitthvað væri að athuga við hegðun þeirra.¹⁶⁸ Löggin veittu Jóhönnu ekki heimild til að sjá alfarið um þessi mál en Agnar Kofoed-Hansen lögreglustjóri lét þó í ljós það álit að hann væri hæstánægður með frammistöðu Jóhönnu.¹⁶⁹

Þrátt fyrir þessa gagnrýni virðist barnaverndarnefnd Reykjavíkur ekki hafa verið sjálfri sér samkvæm í afstöðu sinni til ungmennaeftirlitsins og Jóhönnu, svo sem sjá má af eftirfarandi bréfaskrifum. Þann 15. desember 1943 sendi barnaverndarnefndin bréf til dómsmálaráðuneytisins þar sem hún óskaði eftir því að

¹⁶⁵ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í norðri* II, bls. 158 – 160.

¹⁶⁶ Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið*, bls. 200.

¹⁶⁷ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 269 – 277. Herdís rekur ítarlega í bók sinni ritdeilur Arnfinns og Jóhönnu út af þessum málum, sem og gagnrýni Guðrúnar.

¹⁶⁸ *Stjórnartíðindi* 1941, A – deild, bls. 110.

¹⁶⁹ Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið*, bls. 197.

ungmennaeftirlitið yrði lagt niður.¹⁷⁰ Í svarbréfi furðaði lögreglustjóri sig á þessari beiðni en að hans sögn hafði barnaverndarnefnd aldrei borið fram neinar kvartanir við hann vegna starfsemi ungmennaeftirlitsins. Kom tillagan honum á óvart því eftirlitið hefði „unnið gott starf í þessum málum“.¹⁷¹

Svo virðist sem barnaverndaryfirvöld hafi ekki samræmt afstöðu sína en 17. janúar 1944 sendi dr. Símon Jóh. Ágústsson bréf til dómsmálaráðuneytisins fyrir hönd barnaverndarráðs sem hafði yfirumsjón með barnaverndarnefndum sveitafélaganna. Í bréfinu kom fram að barnaverndarráð liti svo á að ungmennaeftirlit lögreglunnar væri nauðsynlegt og ætti að efla það frekar en skerða. Hins vegar taldi ráðið að takmarka ætti umsvif eftirlitsins á þann hátt að verksvið þess næði ekki til rannsóknar mála og yfirheyrslna í samræmi við lög um eftirlit með ungmennum.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur fylgdi fast á hæla ráðsins og 22. mars 1944 sendi nefndin bréf til dómsmálaráðuneytisins með tillögum samhljóða þeim sem barnaverndarráð hafði lagt fram í janúar.¹⁷² Í september sama ár skipti barnaverndarnefnd hins vegar aftur um skoðun og óskaði eftir því að eftirlitið yrði endanlega lagt niður þar sem reynslan hefði sýnt að heppilegra væri að leggja það niður.¹⁷³ Ekki hefði tekist að takmarka verksvið þess. Hvort nefndin taldi það hafa verið sök Jóhönnu Knudsen kemur ekki fram í bréfinu en ætla má að það hafi verið raunin enda gekk Jóhanna hart fram í starfi sínu. Ekki kemur fram í þeim heimildum sem hér er stuðst við af hverju ósamræmið í afstöðu nefndarinnar til ungmennaeftirlitsins stafaði.

Ungmennaeftirlitið hætti störfum um áramótin 1944 – 1945. Jóhönnu var boðið að sitja áfram í stöðu lögregluþjóns en hún afþakkaði boðið.¹⁷⁴ Eflaust líkaði Jóhönnu ekki linkind stjórnvalda í ástandsmálum og hefur það að öllum líkindum verið ástæða þess að hún þáði ekki boðið. Þar sem ungmennaeftirlitið hafði verið seinasta vígið í baráttu stjórnvalda gegn ástandinu, sér í lagi eins og það kom við stúlkur undir lögaldri, féllu mál þeirra nú að fullu undir lögsögu barnaverndarnefndar Reykjavíkur.¹⁷⁵

¹⁷⁰ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002. B/1040. B-Bréfasafn. Siðferðisleg vandamál '42 – '45. Nr. 01–845. B 2/1040: Siðferðisleg vandamál 1944. Ungmennaeftirlitið. Vinnuskólinn Kleppjárnsreykjum. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur til dómsmálaráðuneytisins 15. september 1944.

¹⁷¹ Sama. Agnar Kofoed-Hansen lögreglustjóri til dómsmálaráðuneytisins 23. desember 1943.

¹⁷² Sama. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur til dómsmálaráðuneytisins 15. september 1944.

¹⁷³ Sama.

¹⁷⁴ Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið*, bls. 196.

¹⁷⁵ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í norðri II*, bls. 160.

Velta má fyrir sér hvers vegna stjórnvöldum þraut svo fljótt úthald við að fylgja eftir löggjöfinni um eftirlit með ungmennum frá 1942. Samkvæmt riti Gunnars M. Magnúss um styrjaldarárin var ekki „hægt að gera ráð fyrir meiri eða betri árangri í ástandsmálum“. Rekur hann það til þess að stofnanir af því tagi sem löggjöfin gerði ráð fyrir hefðu verið nýjung hér á landi. Svo virðist sem stjórnvöld hafi líka fylgt löggjöfinni eftir með hálfum huga eins og sést meðal annars af bréfi sem Ingimar Jóhannesson sendi til dómsmálaráðherra 3. apríl 1943. Þar taldi hann upp nokkur atriði sem lagfæra þyrfti í starfsemi vinnuskólans á Kleppjárnsreykjum. Til að mynda væru bæði forstöðukonan og kennslukonan hættar störfum og ekkert væri fyrir viststúlkurnar að gera yfir sumartímann.¹⁷⁶ Hugsanlega voru menn ekki jafn uggandi yfir ástandinu 1943 og þeir höfðu verið 1940-1941. Stjórnvöld höfðu líka í mörgu að snúast á þessum árum, svo sem að undirbúa stofnun lýðveldisins, og ástandsmálin þokuðust þá til hliðar. Jafnframt rís sú spurning hvort hér hafi nokkru sinni verið um jafn stórfellt vandamál að ræða og margir ætluðu eftir hernámið 1940.

Einnig er ljóst að áhrifamenn úr hópi karla og kvenna áttuðu sig á því að fullhart væri gengið gegn ungum stúlkum með því að senda þær á vinnuhæli fyrir sakir af því tagi sem féllu undir ungmennadóm.

6.2 Íslenskt, já takk!

Aðalbjörg Sigurðardóttir sagði í áður nefndri minningargrein um Jóhönnu Knudsen að starf hennar fyrir ungmennaeftirlitið hefði oftast en ekki verið „raunlega misskilið“ og ekki hefði annað vakað fyrir henni „en að bjarga telpunum“ frá glötun.¹⁷⁷ Að sögn Aðalbjargar gerði Jóhanna miklar kröfur til æsku landsins en hún hefði einnig gert miklar kröfur fyrir hönd æskunnar. Jóhanna trúði því ætíð að hægt væri að bjarga ungmennum á glapastigum með réttum aðgerðum þó þær sýndust strangar í upphafi. Samkvæmt lýsingu Aðalbjargar var Jóhanna ókunn þeirri miskunn „að skera ekki í ígerðina vegna sársaukans sem skurðinum fylgdi“.¹⁷⁸ Má ætla að Jóhanna sjálf hafi þannig réttlæt vinnubrögð sín.

Jóhanna hélt áfram baráttu sinni fyrir íslenskri menningu og þjóð í sama anda og fyrr en á öðrum vettvangi. Vann hún meðal annars að því að koma fótum undir nýjan íslenskan listiðnað, til dæmis með því að búa til heillaóskakort og minjagripi úr

¹⁷⁶ Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002. B/1040. B-Bréfasafn. Siðferðisleg vandamál '42 – '45. Nr. 01–845. B 1/1040. S. I. Siðferðisleg Vandamál.

¹⁷⁷ Aðalbjörg Sigurðardóttir, „Jóhanna Knudsen“, *Melkorka.*, 3:6 (1950), bls. 71.

¹⁷⁸ Aðalbjörg Sigurðardóttir, „Jóhanna Knudsen“, *Æviminningabók I*, bls. 120.

þurrkuðum, íslenskum blómum. Hlaut hún fyrstu verðlaun í keppni um minjagripagerð.¹⁷⁹ Jóhanna leit svo á að blómagerð hennar túlkaði „hreinleika ættjarðarinnar, en svo þyrfti önnur þjóðleg minjagripategund að rísa upp sem táknaði manndóm og staðfestu sjálfstæðrar þjóðar“.¹⁸⁰

Minjagripagerðin væri einn liður í að gera Ísland að hámenntaðri fyrirmyndarþjóð en Íslendingar áttu ekki að vera að eltast við „útlent glingur“.¹⁸¹ Fólk ætti að velja íslenskt. Jóhanna hóf einnig útgáfu blaðsins *Syrpa, tímarits um almenn málefni*.¹⁸² Blaðið bar nafn með réttu en umfjöllunarefnin spönnuðu vítt svið. Má þar til dæmis nefna ritgerðir um húsakynni, uppeldi, bókmenntir, þjóðræknismál og ýmiss konar félagsmál. Ennfremur ritgerðir um „fegurð og nytsemi landsins og allskonar menningarmál“.¹⁸³ Aðalbjörg Sigurðardóttir kallaði blaðið „eitthvert hið glæsilegasta og best ritaða tímarit“ þess tíma.¹⁸⁴ Jóhanna annaðist ritstjórn og útgáfu en í blaðið skrifuðu konur jafnt sem karlmenn. *Syrpa* átti að verða vettvangur „fyrir skynsemislegar og öfgalausar umræður um kjarna þeirra vandamála sem [blöstu] við hinu unga lýðveldi“. Einnig átti að reyna að varpa ljósi á þau þjóðþrifamál sem konur hefðu látið sig mestu skipta.¹⁸⁵ Tekið var skýrt fram að *Syrpa* væri óháð stjórn málaflökkum en Jóhanna vildi „leitast við að ljá öllum góðum málum lið“.¹⁸⁶

Tímaritið leið undir lok með fráfalli ritstjórans en Jóhanna Knudsen lést úr krabbameini 8. september 1950. Að mati Aðalbjargar Sigurðardóttur einkenndist öll starfsævi Jóhönnu af „dæmalausri samviskusemi, hjartagæsku, fegurðar- og fullkonnunarþrá, sem í raun og veru fékk aldrei fullnægju“.¹⁸⁷

¹⁷⁹ Aðalbjörg Sigurðardóttir, „Jóhanna Knudsen“, *Æviminningabók I*, bls. 120.

¹⁸⁰ Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið*, bls. 196.

¹⁸¹ Aðalbjörg Sigurðardóttir, „Jóhanna Knudsen“, *Æviminningabók I*, bls. 120.

¹⁸² *Syrpa, tímarit um almenn mál*, 1-3 árgangur. 1947 – 1949.

¹⁸³ *Syrpa, tímarit um almenn mál*, 1:1 (1947), bls. 21.

¹⁸⁴ Aðalbjörg Sigurðardóttir, „Jóhanna Knudsen“, *Æviminningabók I*, bls. 120.

¹⁸⁵ *Syrpa, tímarit um almenn mál*, 1:1 (1947), bls. 17.

¹⁸⁶ *Syrpa, tímarit um almenn mál*, 3:1 (1947), bls. 56.

¹⁸⁷ Aðalbjörg Sigurðardóttir, „Jóhanna Knudsen“, *Æviminningabók I*, bls. 119 – 120.

7 Niðurstöður

Ljóst er að ástandið var eldfimt málefni á árum seinni heimsstyrjaldarinnar. Strax daginn eftir hernám breska hersins 10. maí 1940 vöktu samskipti íslenskra kvenna og breskra hermanna neikvæða athygli í helstu dagblöðum landsins, sem jafnframt voru málöggn þriggja stærstu stjórnmalaflokkanna. Töldu dagblöðin mikilvægt að sporna gegn háttalagi siðlausra kvenna áður en allt stefndi í óefni fyrir Íslendinga, þjóðerni þeirra og menningu. Blaðaskrif þessi áttu eftir að gefa tóninn í ástandsumræðunni næstu árin.

Hermann Jónasson, forsætis- og dómsmálaráðherra, brýndi fyrir Íslendingum að sýna setuliðinu fullkomna kurteisni en umgangast hermenn þó ekki meira en nauðsynlegt væri. Erfitt reyndist að fylgja þessum tilmælum ráðherrans, enda fór svo að tugþúsundir hermanna dvöldust í Reykjavík og nágrenni frá 1940 og fram á sumar 1943. Þá störfuðu þúsundir Íslendinga, karlar og konur, fyrir herinn bæði beint og óbeint. Helstu störf kvenna voru við þvott á herklæðum og þjónustu í verslunum og veitingastöðum sem hermenn sóttu, meðal annarra. Með tilkomu breska og bandaríska hersins bötnuðu kjör kvenna til muna, laun hækkuðu og aðstæður þeirra í vist á heimilum bættust. Má í raun halda því fram að herinn hafi leyst konur undan ánaud vistanna.

Þrátt fyrir það var vinna kvenna í tengslum við herinn þyrnir í augum margra ráðamanna. Áhyggjur þeirra byggðust aðallega á því að með þessum störfum kæmust þær í persónuleg kynni við hermenn. Það væri hreinlega of freistandi fyrir þær, ekki væri hægt að treysta konum til að standast ásókn erlendra karlmanna. Vilmundur Jónsson landlæknir var einn þeirra ráðamanna sem gekk hve harðast fram í ástandsmálum og má segja að hann hafi verið upphafsmaður aðgerða stjórnvalda í þessum efnun. Vilmundur tók fram að lítið væri hægt að gera í málum kvenna sem væru sjálfráða, það eina sem gæti virkað í þeim efnun væri andúð almennings og fordæming samfélagsins. Landlæknir var ósáttur við að almenningur tæki ekki harðari afstöðu gegn ástandinu. Frásagnir kvenna sem voru í sambandi við hermenn benda aftur á móti til þess að mikill hluti almennings hafi verið afar fjandsamlegur slíkum samböndum, sér í lagi karlar. Margar konur urðu til dæmis fyrir aðkasti á götum úti þegar þær sáuust í fylgd með hermönnum.

Vilmundur Jónsson lagði hve mesta áherslu á að nauðsynlegt væri að bjarga ólögráða stúlkubörnum frá glötun en hann óttaðist að hér væri að myndast fjölmenn

stétt vændiskvenna. Aðgerðir ríkisins gegn ástandinu áttu líka eftir að beinast næstum einvörðungu að stúlkum undir lögaldri.

Skrif landlæknis höfðu þau áhrif að ríkisstjórnin stofnaði ástandsnefndina svokölluðu sumarið 1941. Afrakstur af vinnu hennar, ástandsskýrslan, vakti blendnar tilfinningar almennings. Í skýrslunni kom fram að 500 konur hefðu mjög nán samskipti við setuliðið en einna áhugaverðast við téða skýrslu var að hún sýndi fram á að lögreglan hefði fylgst með hegðun fulltíða kvenna án þess að séð verði við hvaða lög slíkt eftirlit studdist. Þetta hefur verið gagnrýnt af skiljanlegum ástæðum, enda fráleitt að ætla að allar konurnar, 500 að tölu, stunduðu vændi. Ástandsnefndin óttaðist líkt og Vilmundur að landið ætti eftir að verða undirlagt vændiskonum ef ekkert yrði að gert. Mikið þrástef í skrifum nefndarinnar var að ekki væri hægt að ætla að ungar konur, sem lifðu lausungalífi, gætu orðið nýtir þjóðfélagsþegnar. Það væri þess vegna mjög mikilvægt fyrir framtíð íslensku þjóðarinnar að gripið yrði í taumana án tafar. Lagði nefndin fram tillögur til úrbóta og drög að frumvarpi, sem varð að lögum um eftirlit með ungmennum eftir töluverðar breytingar í meðförum Alþingis. Með heimild í lögnum settu stjórnvöld á legg ýmis embætti og stofnanir til að bjarga dætrum landsins frá glötun. Uppeldisheimili í Sóttvarnarhúsinu, vinnuskólinn á Kleppjárnsreykjum, ungmennadómur og ungmennaeftirlit tóku til starfa árið 1942. Það ár náðu aðgerðir í ástandsmálum hámarki og var Jóhanna Knudsen lögreglukona þar fremst í flokki embættismanna ríkisins.

Jóhanna sýndi mikinn metnað í starfi og gekk oft fram af mikilli hörku. Leiddi það til gagnrýni, bæði frá samtímamönnum hennar og fræðimönnum síðar meir. Jóhanna var þó barn síns tíma sem trúði á málstað sinn. Hún hélt því staðfastlega fram að hún væri að bjarga æsku landsins og þar af leiðandi þjóðinni allri frá glötun. Jóhanna leit á ástandið sem sjúkdóm sem yrði að einangra á sama tíma og hún var hlynnt því að stúlkur væru dæmdar fyrir lauslæti.

Af skýrslum sem Jóhanna safnaði svo og af reikningum fyrir dvalarkostnaði í Sóttvarnarhúsinu og á Kleppjárnsreykjum sést að flestar stúlkur sem þar voru vistaðar voru fæddar á árunum 1926 og 1927. Í sömu gögnum kemur einnig fram að aðgerðir ríkisins á þessu sviði voru aldrei mjög umfangsmiklar. Ungmennadómur úrskurðaði aðeins rúmlega 40 stúlkur í vinnuskóla- og sveitavist á starfstíma sínum frá apríl 1942 til desember 1943. Að sama skapi voru ekki fleiri en 50 stúlkur vistaðar í Sóttvarnarhúsinu á þessu tímabili og 76 skoðaðar vegna gruns um kynsjúkdóm. Drengir komu hins vegar lítt við sögu í þessum aðgerðum ríkisvaldsins. Enginn

drengur var færður fyrir ungmennadóm, aðeins 9 piltar voru skoðaðir vegna kynsjúkdómsgrun og 5 vistaðir í upptökuheimilinu í Sóttvarnarhúsinu. Það er því greinilegt að stjórnvöld höfðu litlar áhyggjur af því að drengir spilltust vegna áhrifa frá hersetunni.

Ofangreindar áhyggjur stjórnvalda og aðgerðir vegna þeirra virðast hafa verið heldur yfirdrífna en varast verður að dæma þau of hart í þessum efnum. Mikill þrýstingur var á stjórnvöldum um að grípa til aðgerða því talið var að hér væri um raunverulega hættu að ræða. Tíminn hefur hins vegar leitt í ljós að sú var ekki raunin. Ekki nema 2,5% kvenna á aldrinum 18 til 34 ára giftust hermönnum, ekki varð fjölgun í fæðingum óskilgetinna barna á þessum tíma og tölur yfir kynsjúkdóma sýna að konur voru í miklum minnihluta smitaðra einstaklinga. Þessar upplýsingar gefa til kynna að hér hafi ekki verið um raunverulegt þjóðfélagsmeið að ræða heldur uppblásnar ásakanir og afbrýðissemi íslenskra karlmanna.

Íslenska þjóðin var aldrei í raunverulegri útrýmingarhættu á styrjaldarárunum. Að baki óttans við þessa hættu og aðgerðir til að stemma stigu við henni lá augljóslega hugmyndafræðin um hlutverk kvenna í íslensku samfélagi. Þær töldust landamæraverðir íslenskrar menningar og þjóðernis, á herðum þeirra væri framtíð Íslendinga. Því væri svo mikilvægt að þær menguðu ekki hinn íslenska kynstofn.

Af skýrslum Jóhönnu Knudsen lögreglukonu sést að ástandið var í eðli sínu takmarkað, félagslegt vandamál en ekki siðferðislegt vandamál íslenskrar kvenþjóðar. Af gögnum sést að hin dæmigerða ástandskona sem yfirvöld höfðu afskipti af, var ung og óreynd stúlka undir lögaldri og oftast ekki frá brotnu heimili. Það er kannski ekki furða að stúlkur með slíkan bakgrunn hafi frekar lent undir smásjá yfirvalda en kynsystur þeirra úr efri lögum þjóðfélagsins. Um var að ræða ólögráða stúlkur á stangli, einstæðinga sem ef til vill höfðu ekki í önnur hús að leita. Þær hlutu margar hverjar aðeins lágmarksmenntun og áttu færstar fullorðna einstaklinga að sem gátu veitt þeim leiðsögn. Það stuðningssumhverfi, sem börn þurfa á þessum aldri, var einfaldlega ekki til staðar fyrir þær.

Lögregluskýrslur segja flestar sorgarsögu stúlkna sem ekkert vit höfðu á kynlífi. Sumar gátu til dæmis engan veginn greint mun á heilbrigðu kynlífi og misnotkun. Þetta voru ráðvillt stúlkubörn sem hefðu eflaust þarfnast aðstoðar óháð því hvort að erlendur her væri í landinu. Þau úrræði, sem stjórnvöld gripu til vegna ástandsins, voru ekki sú aðstoð sem stúlkurnar þörfuðust í raun. Aðgerðir stjórnvalda í þeirra garð vörðu stutt og eru mýmargar ástæður fyrir því. Stjórnvöld virðast raunar

hafa gripið til ráðstafana sinna af hálfum hug og er það einkennilegt í ljósi hræðslu við allsherjarvændi og útrýmingu þjóðarinnar. Mætti ætla að stjórnvöld hafi séð að sér þegar frá leið og áttað sig á því þau hefðu gengið of langt með því að kúga ungar stúlkur í krafti laganna.

Þrátt fyrir að aðgerðir ríkisvaldsins gegn ástandinu hafi verið skammlífar, virðist ekki hafa dregið úr andúð mikils hluta almennings á sambandi íslenskra kvenna og hermanna hvort sem þeir voru breskir eða bandarískir. Karlar jafnt sem konur virðast almennt hafa verið á móti því að íslenskar blómarósir væru í tygjum við þessa erlendu menn. Þær konur sem löðuðust að hermönnum voru litnar hornauga og urðu fyrir fordómum. Raunveruleikinn var hins vegar sá að í flestum tilvikum var um ástfangnar og ungar konur að ræða sem höfði fullt leyfi til að taka sínar eigin ákvarðanir og velja sér maka eftir hentugleikum. Um ástandsstúlkurnar svonefndu, sem urðu fyrir barðinu á aðgerðum stjórnvalda, gildi öðru máli. Þær voru hvorki landráðamenn né föðurlandssvikarar heldur ráðvillt stúlkubörn sem þörfuðust hjálpar af því tagi sem þær fengu ekki frá ríkisvaldinu sökum fordóma í þeirra garð.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Þjóðskjalasafn Íslands (Þ.Í.)

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. B/1040. B-Bréfasafn. Siðferðisleg vandamál '42 – '45. Nr. 01–845. B 1/1040. S. I Siðferðisleg vandamál.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002. B/1040. B-Bréfasafn. Siðferðisleg vandamál '42 – '45. Nr. 01 – 845. Siðferðisleg vandamál 1944. Ungmennaeftirlitið. Vinnuskólinn Kleppjárnsreykjum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2002- B/1041. B-Bréfasafn. Ungmennadómssmál. Ungmennadómssmál I B/1041, Ungmennadómssmál II B 1/1042 og Ungmennadómssmál III B 2/1042.

Forsætisráðuneytið, Ý-1, Ýmislegt. 1940 – 1944. 1989 B/464. Ýmislegt, Ý-1-I. Feb. 1940 – Jan. 1943.

Skjalasafn landlæknis 1941: Bréf I-IV (1-1). Vandamál í sambandi við setuliðið.

Stjórnarráð Íslands, I. Skrifstofa. Db. 16, br. 813-876-925. B/696. Db. 16, nr. 282.

Stjórnarráð Íslands, I. Skrifstofa. Siðferðisleg vandamál 2286/1942. Db. 16, nr. 331.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (1. 1942 – 1942 Bandaríska setuliðið), 2002-B/345.

Prentuð rit

Alþingistíðindi 1942, B – D deildir.

Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið. Mannlíf á hernámsárum* (Reykjavík 1989).

Gunnar Benediktsson, *Saga þín er saga vor. Saga Íslands frá vordögum 1940 til jafnlengdar 1949* (Reykjavík 1952).

- Gunnar M. Magnúss, *Virkið í Norðri I. Hernám Íslands*. 3. útg. (Reykjavík 1984).
- Gunnar M. Magnúss, *Virkið í norðri II. Þríbýlisárin*. 2. útg. (Reykjavík 1984).
- Gunnlaugur Haraldsson, *Læknar á Íslandi II*, 4. útg. (Reykjavík 2000).
- Greindarpróf, þýðendur: Ármann Halldórsson og Símon Jóh. Ágústsson* (Reykjavík 1940).
- Hagskýrslur Íslands II*, 63. Tölfræðihandbók 1974 (Reykjavík 1976).
- Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum. Íslenskar konur og erlendur her* (Reykjavík 2001).
- Hjúkrunarkvennatal 1969* (Reykjavík 1969).
- Ingi Sigurðsson, *Íslensk sagnfræði frá miðri 19. öld til miðrar 20. aldar* (Reykjavík 1986).
- Jóhannes Helgi, *Lögreglustjóri á stríðsárunum. Minningar Agnars Kofoed – Hansens* (Reykjavík 1981).
- Marshall, Louis E., *Hernámið hin hliðin, Áslaug Ragnars bjó til prentunar* (Reykjavík 1990).
- Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900 – 1930* (Reykjavík 2004).
- Stjórnartíðindi 1941–1942, A – deild*.
- Tómas Þór Tómasson, *Heimsstyrjaldarárin á Íslandi 1939 – 1945 II* (Reykjavík 1984).
- Þorvaldur Kristinsson, *Veistu, ef þú vin átt. Minningar Aðalheiðar Hólm Spans* (Reykjavík 1994).
- Þór Whitehead, *Bretarnir koma. Ísland í síðari heimsstyrjöld* (Reykjavík, 1999).

Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum. Myndir úr stríði 1940-1945* (Reykjavík 2002).

Zimmerman, John L., *The First Marine Brigade (Provisional): Iceland 1941 – 1942*, [Washington]: U.S. Marine Corps, 1946.

Greinar og bókakaflar

Aðalbjörg Sigurðardóttir, „Jóhanna Knudsen“, *Æviminningabók I. Menningar- og minningarsjóður kvenna* (Reykjavík 1955).

Aðalbjörg Sigurðardóttir, „Jóhanna Knudsen“, *Melkorka*, 3:6 (1950).

Bára Baldursdóttir, „Kynlegt stríð: Íslenskar konur í orðræðu síðari heimsstyrjaldar“, *Íslenska sögubíngið 2002. Ráðstefnurit I* (Reykjavík 2002).

Bára Baldursdóttir, „„Þær myndu fegnar skifta um þjóðerni“ Ríkisafskipti af samböndum unglingsstúlkna og setuliðsmanna“. *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, ritstjórar: Anna Agnarsdóttir o.fl., Kvennasögusafn Íslands (Reykjavík 2001).

Björn Sigfússon, „Tunga er afspringi þjóðarsögu“, *Skinfaxi* 35:2 (1944).

Eggert Þór Bernharðsson, „Blóraböggjar og olnbogabörn, „Ástandskonur“ og aðrar konur í Reykjavík í seinna stríði“, *Sagnir*, 17 (1996).

Inga Dóra Björnsdóttir, „Íslenskar konur og bandarískir hermenn“, *Lesbók Morgunblaðsins* 17. mars 1984.

Inga Dóra Björnsdóttir, „Public View and Private Voices“, *The Anthropology of Iceland*, ritsjórar: E. Paul Durrenberger og Gísli Pálsson (Iowa 1989).

Meistari H.H. [Hallbjörn Halldórsson], „Lýðveldishugvekja um íslenskt mál“, *Andvari. Tímarit hins íslenska þjóðvinafélags*, 70 (1945).

Rannveig Kristjánsdóttir, „Konan og nýsköpunin“, *Melkorka*, 2:1 (1945).

Sigríður Matthíasdóttir, „Réttlætning þjóðernis. Samanburður á alþýðufyrirlestur Jóns Aðils og hugmyndum Johanns Gottlieb Fichte“, *Skírnir*, 169 (2005).

Vilhjálmm S. Vilhjálmsson [Hannes á horninu], „Segðu tætingsliðinu að stoppa dansinn!“ *Blaðamannabókinni I* (Reykjavík 1946).

Dagblöð og tímarit

Alþýðublaðið. Reykjavík 1940 – 1943.

Morgunblaðið. Reykjavík 1940 – 1943.

Nýtt Dagblað. Reykjavík 1941.

Syrpa, tímarit um almenn mál. Reykjavík 1947 – 1949.

Tíminn. Reykjavík 1940 – 1941.

Vísir. Reykjavík 1942.

Þjóðviljinn. Reykjavík 1940.

Háskólaritgerð

Guðbjörg K. Jónatansdóttir, *Kynskjúkdómar á Íslandi 1935 til 1950*, BA-ritgerð í sagnfræði, Háskóli Íslands (janúar 1995).